



Signs of Safety Handbók

2. útgáfa

Andrew Turnell, Katrina Etherington
og Pene Turnell





SofS handbók

Andrew Turnell, Katrina Etherington og Pene Turnell

1. útgáfa gefin út í apríl 2011

2. útgáfa gefin út í apríl 2017

ISBN: 978-0-9924284-0-2

Kápumynd

Kápumynd var hönnuð af félagsráðgjafanum Katrina Etherington frá Vestur-Ástralíu.



RESOLUTIONS

Gefið út af Resolutions Consultancy Pty Ltd.

COM 1, 153 Kensington Street, Austur-

Perth, WA 6004, Ástralía

Signs of Safety® er skráð vörumerki í eigu Resolutions Consultancy Pty Ltd.

Útgáfa 2.0.0

Efnisyfirlit

1. Ferli matsramma SofS	9
1.1 Spurningamiðuð nálgun.....	9
1.2 Matsrammi SofS- Dálkarnir þrír	9
1.3 Dæmi um mál.....	9
2. Hætta, öryggi, markmið og niðurstaða.....	12
2.1 Hætta: Af hverju höfum við áhyggjur?.....	12
2.1.1 Skaðayfirlýsing (fyrri skaði) sem tengist börnunum)	12
2.1.2 Hættuyfirlýsing (hugsanlegur framtíðarskaði) sem tengist börnunum	15
2.1.3 Flækjandi þættir (e. Complicating factors)	17
2.2 Núverandi styrkleikar og núverandi öryggi: Hvað gengur vel?	18
2.2.1 Almennar skalaspurningar.....	20
2.3 Öryggismarkmið: Hvað þarf að gerast?	22
2.3.1 Næstu skref	26
2.3.2 Hæfni, sjálfstraust og vilji	26
2.4 Öryggisskali: Niðurstaða	26
Ráðleggingar Andrews Turnell þegar hann veitir ráðgjöf um mál sem eru föst	28
Helstu ráð Andrews Turnells fyrir ferli SofS matsrammans	29
3. Dæmi um hættuyfirlýsingu, öryggismarkmið og öryggisskala	31
3.1 Dæmi um kynferðislegt ofbeldi.....	32
Kynferðislegt ofbeldi – Hættuyfirlýsing	32
Öryggismarkmið – Kynferðislegt ofbeldi	32
Öryggisskali – Kynferðislegt ofbeldi.....	33
3.2 Dæmi um vanrækslu	33
Hættuyfirlýsing – Vanræksla.....	33
Öryggismarkmið – Vanræksla.....	34
Öryggisskali – Vanræksla	34
3.3 Dæmi um ungling í áhættuhópi	35
Hættuyfirlýsing – Unglingur í áhættuhópi.....	35
Öryggismarkmið – Unglingur í áhættuhópi.....	35

Skalaspurningar um öryggi – Unglingur í áhættuhópi	35
3.4 Dæmi um vanrækslu og heimilisofbeldi.....	36
Hættuyfirlýsing – Vanræksla	36
Öryggismarkmið – Vanræksla	36
Öryggisskali – Vanræksla.....	37
Hættuyfirlýsing – Heimilisofbeldi	37
Öryggismarkmið – Heimilisofbeldi.....	37
Öryggisskali – Heimilisofbeldi	37
3.5 Líkamlegt ofbeldi: Dæmi um sýrlenskan flóttamann	38
Hættuyfirlýsing – Líkamlegt ofbeldi.....	38
Öryggismarkmið – Líkamlegt ofbeldi	38
Öryggisskali – Líkamlegt ofbeldi	39
3.6 Dæmi um heimilisofbeldi, vanrækslu og fíkniefnaneyslu	39
Hættuyfirlýsing – Vanræksla/neysla fíkniefna	39
Hættuyfirlýsing – Ofbeldi.....	39
Öryggismarkmið – Ofbeldi.....	40
Öryggismarkmið – Vanræksla/neysla fíkniefna	40
Öryggisskali – Ofbeldi	40
Öryggisskali – Vanræksla.....	41
3.7 Dæmi um slasað ungabarn	41
Hættuyfirlýsing – Slasað ungabarn	41
Öryggismarkmið – Slasað ungabarn	42
Öryggisskali – Slasað ungabarn.....	42
3.8 Dæmi um móður sem þjáist af alvarlegum geðsjúkdómi og áfallastreitu vegna fyrri ofbeldis.....	42
Hættuyfirlýsing	42
Öryggismarkmið – Geðsjúkdómar	43
Öryggismarkmið – Karlar/Framtíðarsambönd.....	43
Öryggisskali – Geðsjúkdómar.....	43
Öryggisskali – Karlar/Framtíðarsamband.....	44

4. Viðtöl við börn í barnaverndarmálum: Að nota Húsin mín þrjú og galdramanns-/álfkonutólið	45
4.1 Örlítill bakgrunnur	45
4.2 Húsin mín þrjú appið	45
4.3 Hagnýt notkun verkfærisins Húsin mín þrjú	46
4.3.1 Látið foreldra vita og fáði leyfi eftir fremsta megni þegar það á að taka viðtal við barnið	46
4.3.2 Taktu ákvörðun um hvort vinna eigi með barninu með eða án foreldra á staðnum	46
4.3.3 Að kynna Húsin mín þrjú fyrir barninu	47
4.3.4 Viðtalið	48
4.3.5 Útskýrðu fyrir barninu og fáðu það til að taka þátt í því sem gerist næst	49
4.3.6 Að kynna mat barnsins fyrir foreldrum og öðrum	50
4.3.7 Gakktu úr skugga um að mat barnsins á Húsin mín þrjú sé skráð!	51
4.4 Dæmi	51
Áhyggjuhús Ramon og Stephanie	52
Hús góðra hluta hjá Ramon og Stephanie	53
Draumahús Ramon og Stephanie	55
4.5 Álfkonu-/galdramannstólið	56
5. Að byggja upp árangursríkt öryggisplan í barnaverndarmálum	58
5.1 Áskorunin við að skipuleggja starfshætti í kringum vel skilgreint framtíðaröryggi	58
5.2 Öryggi skilgreint og sýnt með dæmum	60
Öryggisplan búið til samkvæmt þessari hættuyfirlýsingu	61
5.3 Eiginleikar og stig árangursríks öryggisplans	64
5.3.1 Undirbúningur	64
5.3.2 Að koma á fót og viðhalda samstarfi við fjölskylduna	64
5.3.3 Einföld og auðskiljanleg lýsing á áhyggjuefnum varðandi barnavernd	64
5.3.4 Öryggismarkmið	65
Dæmi eitt	65
Dæmi tvö	67
5.3.5 Ófrávíkjanlegar kröfur	68
5.3.6 Tryggðu þátttöku víðtæks, upplýsts stuðningsnets vina og fjölskyldu	70

5.4 Öryggishringir: Vinna Susie Essex	70
5.5 Að semja um hvernig: Þróun smáatriða öryggisplansins	72
Kynferðisofbeldismál	73
Líkamlegt ofbeldi	73
Vanræksla	73
Allar gerðir mála	74
5.6 Síðari sameining og eftirlit með framvindu.....	75
5.7 Að láta börn taka þátt í gerð öryggisplans	75
5.8 Ferli og dæmi með orðum og myndum	75
5.9 Öryggisplan sem tengist börnum	77
5.9.1 Öryggisplan fyrir börn í máli sem varðar Munchausen–by-Proxy-heilkennið.	78
5.9.2 Dæmi um öryggisplan – heimilisofbeldismál	79
5.9.3 Öryggisplan úr Darel, Alkira og Jirra dæminu.....	84
5.10 Öryggisplan er ferðalag ekki afurð	84
Heimildir	86
Húsin mín þrjú™ appið	89



1. Ferli matsramma SofS

1.1 Spurningamiðuð nálgun

Signs of Safety er spurningamiðuð nálgun (ekki sérfræðimiðuð með fræðilegu orðalagi)

Signs of Safety (SofS) ferlið er ætlað til að styðja starfsfólki barnaverndar til að undirbúa og vinna sig í gegnum málavinnslu með fjölskyldunni og öðrum fagaðilum sem koma að málinu. Yfirmaður beitir spurningamiðuðri nálgun til að hjálpa starfsmanninum að „kortleggja þriggja dálka matsrammann“ eða „sjá fyrir sér málavinnsluna“ með SofS nálguninni. Notkun matsrammans gerir starfsmanninum kleift að setja upp eigið mat með skýrum og sjónrænum hætti þannig að auðveldara sé að ígrunda og þróa vinnsluna og ferlið fyrir málið, bæði með fjölskyldunni og öðru fagfólki.

1.2 Matsrammi SofS- Dálkarnir þrír

Matsrammi SofS, sem er kynntur í viðauka 1, er hannaður sem skipulagsrammi fyrir vinnslu barnaverndar frá upphafi máls og þar til því er lokið. Í grunninn byggir SofS matsramminn á fjórum rannsóknarspurningum:

1. Af hverju höfum við áhyggjur? (Fyrri skaði, framtíðaráhætta og flækjandi þættir)
2. Hvað gengur vel? (Núverandi styrkleikar og öryggi)
3. Hvað þarf að gerast? (Öryggismarkmið og næstu skref)
4. Hvar erum við stödd á skalanum 0–10 þar sem 10 þýðir að fullnægjandi öryggi er til staðar til þess að barnavernd geti lokað málinu og 0 þýðir að það er öruggt að barnið verði (aftur) beitt ofbeldi og/eða verði (aftur) í óviðunandi aðstæðum? (Niðurstaða)

1.3 Dæmi um mál

Hér á eftir er dæmi um útfylltan „Sofs-matsramma“. Dæmið samanstendur af tveimur svipuðum málum frá Vestur-Ástralíu sem félagsráðgjafinn Katrina Etherington vann að. Þetta mál varðar mömmuna Merinda, pabbann Eddy og börnin Darel (6 ára), Alkira (4 ára) og Jirra (18 mánaða). Starfsfólk barnaverndar hafði áhyggjur af tíðum tilkynningum heimilisofbeldis yfir 12 mánaða tímabil þar sem kalla þurfti til lögreglu. Sérstakt áhyggjuefni var hvaða áhrif þetta hefði á börnin. Darel sagði lögreglunni eftir eitt tilvikið að mamma hans hefði „slegið og sparkað“ í hann og í öðru atviki skarst Alkira á fæti á glasi sem mamma

braut í slagsmálum við pabba. Í viðtölum við börnin greindu Darel og Alkira starfsfólkinu frá öðrum rifrildum og áhyggjum yfir aðstæðum og uppákomum. Merinda og Eddy áttu fjölskyldu í grenndinni en flestir fjölskyldumeðlimir veigruðu sér við að blanda sér í málið þegar Eddy og Merinda voru að rífast. Lögreglan greindi barnavernd frá áhyggjum sínum og sameiginlegur fundur var haldinn með Merinda, Eddy (í sitthvoru lagi og saman) og stórfjölskyldunni. Matsramminn á næstu síðu er dæmi um hvernig hægt er að hefja vinnslu málsins út frá rannsóknarspurningum fjórum og út frá því sem kom fram á ofangreindum fundi með fjölskyldunni.

Rannsóknarspurningarnar fjórar („Af hverju höfum við áhyggjur?“, „Hvað gengur vel?“, „Hvað þarf að gerast?“ og „Niðurstaða“) leiða starfsmanninn áfram og bæta spurningarnar sem hann getur notað til að dýpka greininguna við vinnslu matsrammans, hvort sem það er í styðjandi samráði, á fundi með öðrum fagaðilum eða í vinnu með fjölskyldumeðlimum. Í þessari handbók verður fjallað um mikilvægar spurningar innan matsrammans, með sérstaka áherslu á kortlagningu á þeim áhyggjum sem eru til staðar út frá tilkynningu sem berst og hvernig áframhaldandi vinnsla málsins fer fram.

Þessi handbók er annars vegar leiðarvísir, fyrir yfirmann sem vinnur með starfsfólki barnaverndar eða teymi, um það hvernig matsramminn er unninn með það að markmiði að fá skýrari og nákvæmari upplýsingar um málið. Hins vegar er handbókin leiðarvísir fyrir starfsfólk barnaverndar til að fá betri innsýn inn í málsatvik og sjálfa málavinnsluna og þegar það er að undirbúa sig fyrir fundi með fjölskyldum.

Matsrammi Signs of Safety®

Hverju höfum við áhyggjur af?	Hvað gengur vel?	Hvað þarf að gerast?
<p>Fyrri skaði</p> <p>Merinda og Eddy segja bæði að þau hafi lent í mörgum slæmum rifrildum. Barnavernd hefur heyrt um 21 aðskilin rifrildi á milli 16.10.2012 og 22.09.2013, þar sem Darel, Alkira og Jirra voru nálægt.</p> <p>Þann 13.08.13 hringdi Darel í lögregluna og sagði að móðir hans væri „byrjuð aftur“. Þegar lögreglan kom á vettvang sá hún að Darel, Alkira og Jirra höfðu falið sig inn á baðherbergi og voru grátandi. Merinda hafði hringt í ömmu (Rose) og afa (Darel) og beðið þau að sækja krakkana og sagt að hún ætlaði að fremja sjálfsvíg.</p> <p>Í síðasta rifrildinu, þann 22.09.13, voru Eddy og Merinda að öskra og kasta hlutum hvort í annað. Merinda kastaði kókglassi í Eddy, sem lenti á veggnum og mölbrotnaði. Alkira skarst illa á fæti á glerbrotunum og þurfti að sauma sárið.</p> <p>Sally og Diane töluðu við Darel og Alkiru þann 23.09.2013. Sumt af því sem þau sögðu var:</p> <ul style="list-style-type: none"> * „Þegar mamma og pabbi eru að rifast gríp ég systur mínar og við felum okkur inni á baðherbergi.“ * „Mamma og pabbi voru að rifast og brutu glasið sem skar mig í fótinn.“ Ég grét mjög mikið. Ég fékk stóra nál. Ég var hugrökk.“ * „Mamma öskrar mjög hátt og ég vil ekki að barnið deyi... af því að mamma er stressuð, öskrar og kastar hlutum út um allt.“ * „Mamma var í bílnum og keyrði röngu megin á veginum, hún reyndi að keyra á pabba, Jirra var í bílnum.“ Ég hélt að hún myndi kremjast.“ 	<p>Núverandi styrkleikar</p> <p>Darel, Alkira og Jirra fá öll nóg af mat og eiga góð fót, Darel gengur vel í skólanum og Alkira elskar leikskólann, Jirra er á rétttri leið hvað þroska varðar.</p> <p>Darel og Alkira segjast elska að spila fótbolta í garðinum með pabba og að þeim finnst gaman að leika sér í feluleik og byggja litla kofa með mömmu.</p> <p>Merinda segist hafa hætt að reykja gras fyrir tveimur mánuðum og hafi ekki drukkið áfengi eftir að hún fór til mömmu sinnar Rose eina helgi. Eddy sagði að viljastyrkur Merindu hefði hjálpað henni í þessu.</p> <p>Merinda og Eddy hafa talað við Sally og Diane um hvað leiðir til rifrilda þeirra og segjast vilja gera breytingar. Merinda og Eddy vilja fara á meðferðarstofnun fyrir hjón/fjölskyldur eins og þá sem er í Wanneroo til að hjálpa þeim að breyta lífsháttum sínum.</p> <p>Rose (amma) og Darel (afi) búa í nágrenninu og hjálpa fjölskyldunni mikið, huga að börnunum og geta róað bæði Merinda og Eddy niður þegar reiðin blossar upp.</p> <p>Eddy og Merinda hafa ekki verið í miklu sambandi við Kerri og Pat, foreldra Eddy. Kerri og Pat segja að nú þegar þau eru aftur komin í samband við fjölskylduna þá viti þau hvað hefur gengið á og eru reiðubúin til að gera hvað sem er til að hjálpa Eddy, Merinda og krökkunum. Eddy og Merinda segja að það sé gott og þau fagni hjálpinni.</p> <p>Núverandi öryggi</p> <p>Þann 24.09.13 settust aðilar frá barnavernd og lögreglunni niður með Merinda og Eddy og gerðu plan um að senda börnin til Rose og Darel svo þau gætu bæði unnið að sínum vanda. Darel, Alkira og Jirra hafa dvalið hjá Rose og Darel síðan þá.</p>	<p>Öryggismarkmið (e. Safety goal)</p> <p>Sally og Diane frá barnavernd vilja að Darel, Alkira og Jirra fari aftur til Merinda og Eddy því þau vilja öll vera saman og hafa átt svo margar góðar stundir sem fjölskylda. Til þess að þetta geti gerst þurfa Merinda og Eddy að vinna með Sally, Dianne og öðru fólki í fjölskyldunni að því að búa til sögu sem útskýrir fyrir Darel, Alkira og Jirra hver áhyggjuefnin hafa verið og hvers vegna þau fóru að gista hjá ömmu Rose.</p> <p>Þegar börnunum hefur verið sögð sagan munu Merinda og Eddy og stuðningsnetið vinna með barnavernd að því að gera plan sem börnin geta skilið og sýnir öllum að: Þegar Merinda og Eddy rifast geti þau leyst hlutina án þess að lemja eða öskra og því verður ekkert barnanna hrætt:</p> <ul style="list-style-type: none"> * Darel, Alkira og Jirra verði aðeins í bílnum með Merinda og/eða Eddy þegar þau eru hæfu ástandi til að keyra. * Eddy og Merinda hafi leiðir til að aga krakkana án þess að kýla, lemja og öskra á þau. * Barnavernd mun loka málinu þegar öryggisplan hefur verið í gildi í 6 mánuði eftir að Darel, Alkira og Jirra fara heim. <p>Næstu skref</p> <p>Merinda og Eddy segjast ætla að fylgja öryggisplaninu og ekki heimsækja börnin saman.</p> <p>Á næsta fundi á mánudaginn munu Dianne og Sally ræða við Eddy og Merinda um að útskýra fyrir krökkunum hvers vegna þau geta ekki búið hjá Eddy og Merinda eins og er. Næstu tvær vikur munu þau vinna saman að því að semja sögu með orðum og myndum fyrir börnin.</p> <p>Þegar sagan með orðum og myndum er tilbúin munu Sally og Diane hjálpa Eddy og Merinda og stuðningsnetinu að vinna að langtímaöryggisplani.</p>
<p>Hættuyfirlýsing (e. Danger statement)</p> <p>Sally og Diane frá barnavernd eru hræddar um að þegar Merinda og Eddy rifist leiði það til þess að þau öskri, hrópi, blóti, kasti hlutum í hvort annað, aki háskalega með krakkana í bílnum og að Darel, Alkira og/eða Jirra komist í uppnám og verði hrædd eða meiðist eins og á þriðjudagskvöldið þegar Alkira skar sig illa á fæti á glerbroti eða verði til þess að þau lendi í mjög slæmu bílslysi og deyi.</p> <p>Sally og Diane hafa áhyggjur af því að Eddy og Merinda muni lemja börnin þegar þau</p>		

haga sér illa og valda marblettum eða öðrum meiðslum.

Sally og Diane, Rose, Darel, Kerri og Pat hafa áhyggjur af því að Darel, Alkira og Jirra muni halda að það sé í lagi að öskra, blóta, kasta hlutum, lemja, aka háskalega, ógna, kýla eða sparka í fólk vegna hegðunar Merinda og Eddy. Ef Darel, Alkira og Jirra alast upp við að gera þetta eru meiri líkur á að þau lendi í ofbeldisfullum samböndum, komist í kast við lögregluna og þurfi að kljást við sömu vandamál í framtíðinni.

Öryggisskali: Á skala frá 0 til 10 þar sem 10 þýðir að jafnvel þótt Merinda og Eddy verði stressuð, reið og drekki of mikið, þá vita allir, þar á meðal börnin, hvað Eddy, Miranda og stuðningsnetið munu gera svo að ekki verði öskrað eða slegið og enginn verði hræddur, og að það séu fullorðnir aðilar sem Darel, Alkira og Jirra geta hringt í sem koma ef þau hafa áhyggjur og 0 þýðir að það er ekkert plan til að tryggja öryggi barnanna þegar illa fer þannig að börnin geta ekki búið hjá Eddy og Merinda sem stendur; hvernig myndir þú meta stöðuna í dag?

0 ←————→ 10

2. Hætta, öryggi, markmið og niðurstaða

2.1 Hætta: Af hverju höfum við áhyggjur?

Við vinnslu matsrammans í barnavernd er unnið að því að skilgreina aðstæður og málsvik fjölskyldunnar í eftirfarandi flokka:

- Skaði sem börn hafa orðið fyrir í fortíðinni.
- Hætta fyrir börn í framtíðinni.
- Flækjandi þættir (þættir í aðstæðunum sem gera þær flóknari).

2.1.1 Skaðayfirlýsing (fyrri skaði) sem tengist börnunum)

Þar sem besta forspárgildið um skaða í framtíðinni er skýr skilningur á fyrri skaða þá hefst vinnsla matrammans á því að rýna í það hvað er vitað um fyrri tilvik þar sem börn urðu fyrir skaða af hendi fullorðinna (augljóslega að meðtöldum þeim börnum sem um er að ræða í viðkomandi máli).

Þú, yfirmaðurinn í ferlinu, ættir því að byrja á því að spyrja starfsmanninn:

„Hvaða áhyggjuefni varðandi barnið hafa leitt til þess að barnavernd hefur opnað málið?“

Önnur góð spurning í svipuðum dúr er:

„Hvað hefur komið fyrir þetta barn sem veldur okkur áhyggjum?“

Þú ættir síðan að reyna að spyrja frekari spurninga til að fá dýpri skilning og hnitmiðaðri upplýsingarnar með skýrum og nákvæmum lýsingum um fyrri skaða. Leitastu sérstaklega eftir því að fá skýra mynd af mynstri/sögu um hegðun sem olli skaða og því skal veita eftirfarandi atriðum gaum:

- Hegðun: „Hvaða hegðun foreldranna (eða ungmennisins sjálfs ef málið varðar unglings) er það sem veldur barninu (eða þeim sjálfum) skaða?“
- Tíðni: „Hversu oft hefur hegðunin átt sér stað á ákveðnu tímabili?“
- Alvarleiki: „Hversu alvarleg er hegðunin?“
- Áhrif: „Hvaða áhrif hefur hegðunin haft á barnið?“

Í málum þar sem löng saga er um fyrri skaða og atvik hafa verið tíð skal við kortlagningu leggja áherslu á fyrstu, alvarlegustu og nýjustu atvikin, ásamt lýsingu á fjölda atvika (t.d. „Hversu oft í viku eða mánuði átti skaðinn venjulega sér stað?“).

Settu fram eins margar og einfaldar og opnar spurningar og þér dettur í hug til að fá skýringar á því sem áhyggjur eru af, og þeim mögulega skaða sem af þeim hlýst gagnvart barni með einföldum, nákvæmum lýsingum á hegðun, þar á meðal upplýsingar um sögu og alvarleika þess sem hefur komið fyrir eða er að koma fyrir barnið.

Sem dæmi um notkun spurningamiðaðrar nálgunar til að fá fram upplýsingar um hegðunina sem veldur hugsanlegum skaða fyrir barnið, er tekið dæmi um það sem fór fram í raunverulegri máli. Í þessu tilviki var tilkynnandi afar áhyggjufullur yfir því að móðirin sinnti ekki læknisheimsóknum barna sinna. Heilbrigðisstarfsfólk höfðu öll áhyggjur af þessu þar sem börnin voru með fjölbætta fötlun og langvinn heilsufarsvandamál. Þegar tilkynnandi var spurður nánar og af meiri nákvæmni út í hvað móðirin hafði misst af mörgum heimsóknum þá þagnaði hann um stund og svaraði síðan að móðirin mætti ekki í um 30% þeirra læknislæknisheimsókna sem höfðu verið bókaðar fyrir börnin. Þetta kom aðilum málsins á óvart. Því miðað við það hvernig tilkynnandi talaði, voru flestir vissir um að börnin hefðu misst af nær öllum boðuðum læknistímum. Með þessu svari skrifaði aðili frá barnavernd síðan í öryggisdálkinn (miðju dálkinn) á matsrammanum að móðirin hefði farið með börnin í læknisheimsóknir í 70% tilvika. Þessar spurningar vörðuðu tíðni.

Næsta skref var að reyna að skilgreina áhrifin á barnið með því að spyrja að því hvaða afleiðingar það hefði á heilsu barnsins að mæta ekki í þá læknistíma sem boðaðir voru og síðan að fínstilla þessa nálgun með því að spyrja eftirfarandi skalaspurningar:

„Notast var við skalann 0–10. Þar þýddi 0 að 30% af þeim læknisheimsóknnum sem ekki var mætt í, var heilsu barnanna stofnað í mikla hættu og við þurfum að grípa tafarlaust inn í og sjá til þess að börnin mæti í allar læknisheimsóknir. 10 þýðir að þessar heimsóknir sem misst var af eru áhyggjuefni en tengjast kannski frekar því að móðir hefur of mikið á sinni könnu og henni finnst heilbrigðisstarfsfólk vera að ráðskast með sig – hvar myndir þú segja að þetta vandamál liggi á skalanum?“

Með því að brjóta niður áhyggjurnar yfir aðstæðum barnanna með ítarlegum hætti róaðist barnaverndarstarfsmaðurinn og sá áhyggjur heilbrigðisstarfsfólksins með öðrum hætti en í fyrstu. Barnaverndarstarfsmaðurinn áttaði sig á því að hún hafði fest sig í óþarfa neikvæðni og svartsýni gagnvart móðurinni, þegar það að fara með börnin í læknisheimsóknir var í raun aðeins vandamál í 30% tilfella. Það var mat barnaverndarstarfsmannsins að þessar heimsóknir sem dattu upp fyrir hjá börnum var í raun ekki að valda það miklum skaða. Þó varð ljóst að hluti af vandanum voru ágreiningur á milli heilbrigðisstarfsfólksins og móðurinnar. Þar að auki var heilbrigðisstarfsfólk að setja óþarfa þrýsting á barnaverndarstarfsmanninn og reyna að fá viðkomandi til að neyða móðurina til að hlýða fyrirmælum.

Þú (yfirmaðurinn) ættir alltaf að spyrja starfsmanninn spurninga til að fá betri sýn á þau áhrif sem vandamálið hefur á börnin. Til dæmis gæti starfsmaður sagt að húsið sé í óreiðu og drasl alls staðar, að faðirinn hafi tekið mótörhjól í sundur í stofunni og að báðir foreldrarnir noti fíkniefni og að fíkniefnasalar heimsæki heimilið. En lykilatriðin eru hvernig þessir hlutir valda skaða eða skapa hættu fyrir börnin og hvað starfsmaðurinn sér sem bendir til þess að börnin séu að verða fyrir skaða vegna þessarar hegðunar.

Skaðayfirlýsingin í áður nefndu „Darel, Alkira og Jirra“ dæmi er eftirfarandi:

Merinda og Eddy segja bæði að þau hafi lent í mörgum slæmum rifrildum.

Barnavernd hefur heyrt um 21 aðskilin rifrildi á milli 16.10.2012 og 22.09.2013, þar sem Darel, Alkira og Jirra voru nálægt.

Þann 13.08.13 hringdi Darel í lögregluna og sagði að móðir hans væri „byrjuð aftur“.

Þegar lögreglan kom á vettvang sá hún að Darel, Alkira og Jirra höfðu falið sig inn á baðherbergi og voru grátandi. Merinda hafði hringt í ömmu og afa barnanna og beðið þau að sækja þau og sagt að hún ætlaði að fremja sjálfsvíg.

Í síðasta rífrildinu, þann 22.09.13, voru Eddy og Merinda að öskra og kasta hlutum hvort í annað. Merinda kastaði kókglassi í Eddy, sem lenti á veggnum og mölbrotnaði. Alkira skarst illa á fæti á glerbrotunum og það þurfti að sauma sárið.

Sally og Diane töluðu við Darel og Alkiru þann 23.09.2013. Sumt af því sem þau sögðu var:

- „Þegar mamma og pabbi eru að rífast gríp ég systur mínar og við felum okkur inni á baðherbergi.“
- „Mamma og pabbi voru að rífast og brutu glasið sem skar mig í fótinn.“ Ég grét mjög mikið. Ég fékk stóra nál. Ég var hugrökk.“
- „Mamma öskrar mjög hátt og ég vil ekki að barnið deyi... af því að mamma er stressuð, öskrar og kastar hlutum út um allt.“
- „Mamma var í bílnum og keyrði röngu megin á veginum, hún reyndi að keyra á pabba, Jirra var í bílnum.“ Ég hélt að hún myndi kremjast.“

2.1.2 Hættuyfirlýsing (hugsanlegur framtíðarskaði) sem tengist börnunum

Auðskiljanlegar og einfaldar lýsingar á þeirri hættu sem er til staðar eru mikilvægustu fullyrðingarnar sem þarf að skrá í áhyggjudálginn (vinstra megin) á matsrammanum. Hættuyfirlýsingin er „ófrávíkjanleg krafa“ barnaverndar sem verður að uppfylla áður en hægt er að loka málinu. Þetta eru grunnfullyrðingar um helstu öryggismál barna sem öll öryggisplön verða að taka á með beinum hætti. Án hættuyfirlýsingar þar sem greint er með skýrum hætti frá alvarleika vandans með orðalagi sem allir – bæði fagfólk, foreldrar og aðstandendur – geta skilið, er nánast ómögulegt að vinna öryggisplan í málinu.

Spurningatækni fyrir hættuyfirlýsingu ætti að snúast um eina einfalda spurningu:

„Af hverju hefur þú mestar áhyggjur af að geti komið fyrir börnin í framtíðinni ef ástand fjölskyldunnar er óbreytt?“

Spyrðu að öllu sem þér dettur í hug svo unnt sé að móta einfalda og skýra fullyrðingu um þá hegðun sem veldur mestum áhyggjum. Ráðlegt er að hættuyfirlýsingin hefjist á: „Barnavernd hefur áhyggjur af því að...“ Til dæmis: „Starfsmaður barnaverndar og talsmaður barnanna hafa áhyggjur af því að Bam Bam og Pebbles verði mjög hrædd og gætu meiðst aftur ef Fred og Wilma halda áfram að nota fíkniefni að því marki að þau sjái sér ekki fært að annast börnin og veita þeim þá daglegu umönnun sem börnin þurfa.“

Til þess að ná fram áhyggjum fjölskyldumeðlima gagnvart hættunni sem hefur verið sett fram í hættuyfirlýsingunni skaltu spyrja spurninga á borð við:

„Hvað myndu foreldrarnir/börnin/stuðningsnetið segjast hafa mestar áhyggjur af að muni koma fyrir barnið/börnin í framtíðinni?“

„Af hverju myndu þau segja að þau hefðu áhyggjur?“

Áfram er unnið með efnið og það endurskrifað eftir þörfum. Á þessu stigi skaltu sem yfirmaður spyrja barnaverndarstarfsmanninn þessara tveggja spurninga:

„Með hliðsjón af þeirri hættuyfirlýsingu sem við vorum að gera:

Gefa fullyrðingarnar til kynna alvarleika þeirra áhyggna sem eru til staðar?

Eiga fjölskyldumeðlimir auðvelt með að skilja fullyrðingarnar?

Ef fullyrðingarnar fanga ekki alvarleika málsins og eru ekki skrifaðar á fjölskylduvænu máli, skaltu biðja starfsmanninn að íhuga að fara yfir efnið og orðalagið svo að hann geti notað hættuyfirlýsinguna með foreldrum og börnum.

Hættuyfirlýsingin í áður nefnda „Darel, Alkira og Jirra“ dæminu er eftirfarandi:

Sally og Diane frá barnavernd eru hræddar um að þegar Merinda og Eddy rífast leiði það til þess að þau öskri, hrópi, blóti, kasti hlutum í hvort annað, aki háskalega með krakkana í bílnum og að Darel, Alkira og/eða Jirra komist í uppnám og verði hrædd eða meiðist eins og á þriðjudagskvöldið þegar Alkira skarst illa á fæti á glerbroti eða verði til þess að þau lendi í slæmu bílslysi og deyi.

Sally og Diane hafa áhyggjur af því að Eddy og Merinda muni leggja hendur á börnin þegar þau haga sér illa þannig að þau fái marbletti eða aðra áverka / meiðsli.

Sally og Diane, Rose, Darel, Kerri og Pat hafa áhyggjur af því að Darel, Alkira og Jirra muni halda að það sé í lagi að öskra, blóta, kasta hlutum, lemja, aka háskalega, ógna, kýla eða sparka í fólk vegna hegðunar Merinda og Eddy. Ef Darel, Alkira og Jirra alast upp við þetta, eru meiri líkur á að þau lendi í ofbeldisfullum samböndum, komist í kast við lögina eða þurfi að kljást við sömu vandamál í framtíðinni.

2.1.3 Flækjandi þættir (e. Complicating factors)

Lykilspurningin hér er:

„Hvaða þættir/vandamál/hlutir gera þessa stöðu flóknari, bæði fyrir fjölskylduna og fagaðila?“

Algengir þættir sem eru til þess fallnir að flækja málin eru fátækt, fíkn, geðsjúkdómar, einangrun, deilur milli fagfólks og fjölskyldu, fyrri óhjálfleg og erfið samskipti milli fagfólks og fjölskyldumeðlima, ótti og misskilningur sem auðveldlega kemur upp milli fólks frá ólíkum menningarheimum. Jafnframt fagfólk sem notar vald sitt á óhjálflegan hátt, of margir fagaðilar sem koma að sama máli og fagfólk sem vinnur ekki saman. Reyndu að forðast að búa eingöngu til lista yfir allt sem á að vera að eða er vandasamt í fjölskyldunni. Reyndu að einbeita þér að því hvernig viðkomandi þáttur gerir illt verra fyrir barnið og/eða hvernig hann gerir fagfólki og fjölskyldumeðlimum erfiðara fyrir að vinna saman að lausn vandamála. Hegðun fagfólks sem kemur að málinu getur auk þess verið hluti af þeim þáttum sem flækja málin sem mikilvægt er að vera meðvitaður um og orða, í matsferlinu.

Það getur verið erfitt fyrir starfsfólk að greina á milli þátta sem eiga það til að flækja málin og hættna/áhyggjuefna þegar byrjað er að nota matsrammann. Sem starfsmaður barnaverndar ættir þú að nota spurningar eins og þessar:

„Hvað vitum við um geðheilsu móðurinnar?“

„Hvernig flækir þetta aðstæðurnar með tilliti til þess að auka öryggi barnsins?“

„Hvernig hefur geðheilsa móður áhrif á þá umönnun sem hún veitir börnunum?“

Þetta getur hjálpað að skýra hvort skrá þurfi áhyggjuefnin sem skaðayfirlýsingu eða sem þátt sem flækir málir málið.

Hér er dæmi um skaðayfirlýsingu: „Í mars 2008 voru börnin tvö (6 og 8 ára) í umsjá móður sinnar þegar hún fór í geðrof. Í tvo daga urðu börnin vitni að því að móðir þeirra talaði við veggina og ímyndaði sér fólk í loftinu sem myndi taka yfir líf þeirra. Móðirin leyfði börnunum ekki sofa og þau voru skelfingu lostin.“ Þetta er dæmi um þátt sem flækir málið: „Móðirin greindist með geðklofa í nóvember 2007 og í janúar 2008 sagði hún geðheilbrigðisstarfsmanni að hún hefði ekki verið að taka lyfin sín, þar sem hún teldi sig ekki þurfa á þeim að halda.“

Aðkoma fleiri fagaðila getur átt það til að flækja aðstæður, einfaldlega vegna þess að þegar fleiri koma að málinu þarf meiri tíma til að samhæfa sameiginlega yfirsýn og aðgerðaáætlun sem allir skilja og

samþykkja. Aðrir fagaðilar sem koma að málinu vanmeta oft þau flækjustig sem myndast þegar fleiri fagaðilum er bætt í málið. Það er yfirleitt of mikið að hafa fleiri en fjóra eða fimm fagaðila með aðkomu að sama málinu. Mikilvægt er að gera ekki ráð fyrir að þátttaka fagaðila sé sjálfkrafa til hins betra nema hægt sé að gera skýra grein fyrir því hver ávinningurinn er af aðkomu viðkomandi fagaðila fyrir fjölskylduna og hvernig þátttakan tryggir betur öryggi og velferð barnsins. Því skaltu spyrja:

„Er fagaðilinn (meðferðaraðili, foreldranámskeið, uppeldisfræðingur, geðlæknir o.s.frv.) að bæta stöðuna eða flækja hana?“

2.2 Núverandi styrkleikar og núverandi öryggi: Hvað gengur vel?

Með því að kortleggja það sem gengur vel í miðdálknum í SofS-matsrammanum þá er verið að greina:

- Núverandi styrkleika og jákvæða þætti aðstæðnanna.
- Núverandi öryggi (tilvik þegar barnið var varið gagnvart hættunni).

Kjörórð Andrews Turnells eru: *„Því verra sem vandamálið er, því meiri áhættu geta aðstæðurnar skapað fyrir barnið, þeim mun mikilvægara er að fagaðilar greini mikilvæga styrkleika.“*

Að finna þessa jákvæðu þætti (sama hversu veigalitlir þeir kunna að vera) veitir þér eitthvað haldbært sem hægt er að nota til að virða og virkja fjölskyldumeðlimi. Þetta skapar einnig von og grunn fyrir frekara samtal um erfiðu hlutina. Þetta á sérstaklega við ef það greinast í raun afar fáir eða engir jákvæðir þættir í aðstæðunum eftir ítarlega rannsókn því þá er ljóst að barnið er í meiri hættu. Það er sjaldgæft að standa frammi fyrir tilvikum þar sem ómögulegt er að finna einhverja jákvæða þætti. Starfsfólk ætti að kanna ítarlega jákvæða þætti af sömu einurð og krafti og beitt er við að kanna áhyggjuefnin.

Í hlutanum „Hvað gengur vel?“ skaltu skima sérstaklega eftir styrkleikum og núverandi öryggi sem eru veigamiklir hvað varðar áhyggjuefnin. Vertu á varðbergi gagnvart atriðum sem hafa litla þýðingu með tilliti til öryggis og velferðar barns og sem starfsfólki gæti verið hætt til að greina frá sem styrkleika. Til dæmis að segja hluti eins og „hún mætir í bókaða tíma“, „mamma er vel til höfð“ eða „pabbi elskar börnin sín“.

Þú ættir alltaf að leita að jákvæðum þáttum þegar þú hlustar á lýsingar á vandamálunum. Í ofangreindu dæmi, til dæmis, hafði starfsmaðurinn áhyggjur af því að mamma færi ekki með börnin í læknisheimsóknir í 30% tilfella. Á hinn bóginn þýddi það að hún fór með þau í 70% tilfella. Á meðal annarra dæma sem eru nokkuð algeng má nefna:

- Einstæð móðir sem er einangruð, þunglynd, á í erfiðleikum og er útkeyrð á ýmsa vegu sem hefur áhrif á barnið, en hefur einnig yfirgefið ofbeldissamband og haldið sig fjarri því.
- Móðirin sem yfirgefur ítrekað ofbeldissamband og snýr svo aftur í sambandið. Það er næstum alltaf gagnlegt að einbeita sér að spurningum eins og „Hvað fær mömmuna til að ákveða að sambandið sé svo slæmt að hún þurfi að slíta því?“, „Hvernig tekst henni að halda sig frá í nokkra daga?“

„Hvað myndi mamma segja að væri það besta við að geta komist í burtu?“ En venjulega endar það með því að áherslan er lögð á þann neikvæða þátt að hún snýr alltaf til baka.

Þegar spurt er um hvað gengur vel skaltu sem yfirmaður nota spurningar eins og þessar:

„Hvað líkar þér við í fari þessara foreldra?“

„Hverjir eru bestu eiginleikar þeirra sem foreldra?“ „Hvað gera þau vel (eða jafnvel nógu vel) sem foreldrar?“

„Hvað myndi móðirin segja að henni líki best við barnið sitt, við sjálfa sig sem móður og tímann sem hún eyðir með barninu sínu?“

„Hvað myndu börnin segja að þeim líki best við í fari foreldra sinna?“

„Segðu mér frá augnablikum þar sem hugsað var nokkuð vel um börnin.“

„Hvað myndi mamma segja að væru stærstu vandamálin sem hún hefur staðið frammi fyrir og tekist á við í lífi sínu?“ „Hvernig myndi hún segja að hún hefði gert það?“

Kallaðu alltaf eftir undantekningum í tengslum við hættuyfirlýsinguna. Ein undantekning er dæmigerð lausnamiðuð spurning sem fylgir þessari formúlu: „Segðu mér frá augnabliki þegar vandamálið hefði getað komið upp en gerði það ekki.“ Hér eru spurningar sem þú gætir spurt um undantekningar:

„Hvenær hefur mamma sinnt þörfum barnsins?“

„Hefur pabbi einhvern tímann hætt við að reiðast og í stað þess að lemja einhvern, gert eitthvað annað?“

„Jæja, það er allt í drasli í húsinu. Hvernig tekst þeim að halda barninu sæmilega heilbrigðu og hreinu?“

„Hefur annað foreldrið einhvern tímann viðurkennt, jafnvel bara að örlitlu leyti, að ofbeldið hafi áhrif á börnin?“

„Ef þú spyrðir móðurina, gæti hún lýst einhverri stund þegar hún sagði kærastanum sínum að hún myndi ekki nota fíkniefni eða djamma með honum og einbeitti sér í staðinn að því að tryggja að barnið væri í lagi?“

Síðan er gagnlegt að skanna tengslanet fjölskyldunnar, sem leggur grunninn að stuðningneti:

„Að þínu mati, hvaða einstaklingar í fjölskyldunetinu hafa hjálpað mest með börnin?“

„Hverjir myndu foreldrar/börn segja að hafi hjálpað og stutt þau mest?“

„Til hverra leita fjölskyldumeðlimir/foreldrar þegar erfiðleikar steðja að þeim?“

„Hverjir myndu mamma/pabbi/börn segja að hafi reynst hjálplegust á erfiðum augnablikum í gegnum tíðina?“

„Hver elskar þetta barn mest í þeirra nánasta umhverfi?“

Fylgdu þessu eftir með því að komast að því hvað það er sem er gott við þetta fólk og hvað það gerir vel. Spurðu alltaf spurninga sem ganga í hringi (e. circular questions) eða tengslamiðaðra spurninga þar sem aðili er spurður út í sjónarhorn annars aðila.

„Hvað myndu foreldrar segja að sé jákvætt við börnin sín?“

„Hvað myndi pabbi segja að væri bestu eiginleikar mömmu í móðurhlutverkinu?“

„Hefurðu spurt barnið hvort móðirin hefði stundum getað komið í veg fyrir að kærastinn tæki stjórnina?“

„Hjá hverjum í stórfjölskyldunni segir barnið að því finnist það öruggast?“

Þegar starfsfólk barnaverndar hefur stækkið listann yfir jákvæða þætti þá skal alltaf reynt að tengja þá aftur við hversu veigamiklir þeir eru með tilliti til velferðar barnsins og aukins öryggis. Gerðu þetta með því að spyrja spurninga á borð við:

„Hvernig bætir þetta aðstæður barnsins?“

„Hvernig hjálpar þetta þér/okkur/fjölskyldunni að auka öryggi barnsins í hlutfalli við hættuna?“

Hvað varðar þátttöku annarra fagaðila og þjónustuaðila skal alltaf reyna að spyrja sig þessarar spurningar:

„Hvernig stuðlar meðferðaraðilinn/foreldranámskeiðið/heimaþjónustan að bættum aðstæðum barnsins?“

2.2.1 Almennar skalaspurningar

Á einhverjum tímamarki þegar þú sem yfirmaður ert að kynna þér styrkleika skaltu spyrja skalaspurninga um meðferðarsamband starfsmanns við foreldra og börn:

„Á skalanum 0 til 10, hvernig myndir þú meta samband þitt við þennan föður/móður/barn/o.s.frv.? 10 þýðir að þú getur talað opinskátt við viðkomandi um vandamálin og það sem gengur vel í lífi þeirra og þið ræðið saman um hvernig hægt sé að taka á vandamálunum, en 0 þýðir að þú eigir í engu raunverulegu sambandi við viðkomandi og að viðkomandi tali ekki einu sinni við þig.“
„Hvernig myndi viðkomandi meta samband sitt við þig?“

10 þýðir að starfsmaðurinn hafi náð að koma á sambandi með opnum samskiptum um erfiðu málin og að aðilar einbeita sér saman að því að taka á málunum. 10 þýðir ekki að aðilum líki vel við hvorn annan! Stundum flækist fyrir neikvætt viðhorf starfsmanna á skjólstæðingum eða ákveðnum þáttum í sambandi þeirra og því þarf að skilgreina þessa eftirsóknarverðu 10 af mikilli nákvæmni og afmarka einkunnina gætilega. Þess konar ítarleg rýni getur oft skipt sköpum til að ná árangri í vinnunni.

Jafnvel þótt sambandið skori lágt á skalanum skaltu spyrja hvenær sambandið hafi skorað hærra. Fáðu nánari upplýsingar um hvað starfsmaðurinn er að gera og hefur gert vel. Hrósaðu alltaf starfsmanninum fyrir það jákvæða! Þetta veitir starfsmanninum aukna orku.

Það er einnig mikilvægt að kanna reglulega hvernig fjölskyldumeðlimir myndu meta sambandið.

Munið að gott samband er lykillinn að góðum árangri. Án góðs sambands verður engin breyting! Því skal veita þessu nægilegan gaum.

Það eru ýmsar hliðar á málinu sem hægt er að beita skala spurningum á. Til dæmis:

- Geta móður til að hafa hemil á fíkniefnanotkun sinni.
- Geta móður til að hafa hemil á fíkniefnanotkun sinni samkvæmt eigin einkunn.
- Samband ömmu við barnið.
- Að hve miklu marki faðirinn skilur að barnið óttast ofbeldi hans.
- Geta foreldris til að annast barnið frá degi til dags og sinna þörfum þess.
- Skilningur foreldra á því hversu mikilvægt það sé að barnið fái ákveðna læknisþjónustu.

Skalar eru alltaf gagnlegir, sérstaklega þegar þú heyrir aðila afdráttarlausan í tali um eitthvað. t.d. „Hún ver aldrei barnið“ eða „Hann er stjórnsamur“. Með því að koma þessu áhyggjuefni fyrir á línu með skalaspurningum þá getur þú með óbeinum hætti látið reyna á réttmæti afgerandi afstöðu og búið til svigrúm fyrir breytingar og hreyfingu. Fyrir tölur yfir 0 er hægt að spyrja sig hvað virkar vel, jafnvel þó það sé bara hvað gerir það að verkum að þetta er metið sem 0,5 frekar en 0.

Skalaspurningar eru mjög gagnleg leið til að afla nýrra upplýsinga og skapa samtál um hvers kyns aðstæður eða efni.

2.3 Öryggismarkmið: Hvað þarf að gerast?

Öryggi: Styrkleikar sem lýsa sér sem vernd til lengri tíma (í tengslum við hættuna sem er til staðar).

Lykilspurningin varðandi skipulagningu SofS-ferlisins er:

„Hvað þarftu að sjá til að vera viss um að þetta barn búi við fullnægjandi öryggi til að barnavernd geti lokað málinu?“

Til að ná fram megináherslu um öryggi í barnaverndarstarfi ætti að skipuleggja alla málavinnslu og aðgerðir í kringum það að fá svör við þessari spurningu.

Foreldrar sem barnavernd hefur haft afskipti af segja iðulega: „Okkur var ekki sagt hvað við þyrftum að gera til að losna við barnavernd úr lífi okkar.“ Barnavernd er auðvitað alltaf að móta áætlun fyrir mál, en þar er oft forðast að taka á raunverulegum vandamálum og ruglað saman „leiðinni“ (vanalega þjónustu) og „markmiðinu“ (öryggi barna á heimili sínu). Við gerð meðferðaráætlana fyrir tiltekin mál hjá barnavernd er hætt við að meðferðaráætlanir séu skrá yfir þjónustuleiðir sem fjölskyldum er skylt að nýta sér, frekar en að vera ferli sem lýsir og mótar framtíðaröryggi barna.

Eitt foreldri, Ah Hin Teoh, orðaði það svona:

***Ég grunaði barnavernd alltaf um græsku því þau fengu mig til að gera eitthvað eitt, en svo voru þau ekki viss um að það væri nóg og þá kom upp einhver ný krafa. Barnaverndin er virkilega skapandi á sinn hátt því þau reyndu alltaf að láta sér detta eitthvað í hug, einhverja kröfu sem ég hafði ekki möguleika á að uppfylla. Að mínu mati var það ekki í þágu barnanna, því þau voru ekki að vinna að neinu sérstöku heldur lögðu upp með þá von að ég myndi ekki standa mig.
(Teoh, Laffer, Turnell og Parton, 2003, bls. 151)***

Þó það hljómi fullkomlega rökrétt og augljóst að það þurfi að beina öllu starfi að daglegu öryggi barna á skýran hátt þá eru eflaust fáar spurningar sem fagfólk í barnavernd óttast meira en ofangreind lykilsurning. Eins og einn talsmaður barns orðaði það:

Hver ætlar að vera nógu hugrakkur eða hugrökk til að ákvarða hvort barn megi fara heim og á hvaða forsendum er sú ákvörðun tekin? Það er mun auðveldara að finna rök fyrir því að barnið eigi ekki að snúa aftur heim en að finna rök fyrir því að það eigi að snúa aftur heim, og þá að því gefnu að það liggi fyrir vilji til endurhæfingar.
(Luger 2003: 21)

VERTU ÞRAUTSEIG(UR), EN STÍGÐU AFAR GÆTILEGA TIL JARÐAR OG IÐKAÐU SAMKENND, hafðu í huga að þetta eru mjög erfiðar spurningar, sérstaklega fyrir starfsfólk barnaverndar. Þeim mun næstum alltaf finnast að þau geti hvergi falið sig og það mun auka á áhyggjurnar af því hvað gæti farið úrskaiðis, þar sem þau hugsa „Hvað ef við höfum rangt fyrir okkur?“

Eins og áður hefur komið fram er auðvelt að rugla saman leiðinni og markmiðinu. Því er oft stungið upp á þjónustu eins og „pabbinn mun þurfa að fara á námskeið um heimilisofbeldi“ þegar unnið er með starfsfólki barnaverndar til að skilgreina hvað muni þurfa til að tryggja öryggi barnsins. Þetta, eins og með hverja aðra þjónustu, er leið að markmiðinu og því skal fylgja þessu eftir með spurningu í þessum dúr:

„Allt í lagi, ef pabbinn fer á námskeið um heimilisofbeldi, hvað myndirðu ætla að breyttist á heimilinu sem mun segja þér (og barninu) að barnið sé öruggt núna?“

Þegar þú (yfirmaðurinn) ert beðin(n) um að ráðfæra þig við starfsfólk vegna nýs máls ættir þú alltaf að biðja þá að svara spurningunni:

„Hvað þyrftu þeir að sjá til að geta lokað málinu?“

Að hugsa um markmið sem varða málalokin strax frá upphafi mun beina starfsmanninum, og þar með samskiptum starfsmannsins við fjölskylduna, að því hvað þarf að gerast til þess að starfsmaðurinn geti treyst því að börnin séu örugg. Þessi markmið móta síðan þá stefnu sem málið tekur og gefa foreldrum skýrar upplýsingar um hvað þeir þurfi að gera. Með því að viðhalda þessum áherslum á síðari samráðsfundum er hægt að tryggja að allt starf snúist áfram um það sem þarf að gerast til þess að barnavernd sé tilbúin að skila börnunum heim og/eða loka málinu og yfirleitt leiðir til þess að það takist að leysa úr málinu á sem skemmstum tíma.

Til að hjálpa starfsmönnum að kanna öryggismarkmið (e. Safety goal) getur reynst gagnlegt að ákvarða svar við skalaspurningunni um öryggi. Þannig er hægt að spyrja spurninga eins og þessarar:

„Ef þú myndir gefa öryggi þessara barna einkunnina 4 núna, hvað þyrfti þá að gerast hjá þessari fjölskyldu til þess að þú gætir gefið henni einkunnina 10? 10 þýðir að þú ert tilbúinn að loka málinu og skilja við það.“

Það er mjög mikilvægt að kynna sér einnig markmið fjölskyldunnar:

„Hvað myndu mamma/pabbi/barn/nágranni/amma segja að þurfi að gerast til þess að þeim finnist að allt sé í lagi hjá barninu og að barnið meiðist ekki aftur?“ Hvað myndu þau segja að þyrfti að gerast til þess að þeim finnist þau ekki þurfa á frekari faglegri aðstoð að halda?“

Þegar það liggja fyrir upplýsingar um það sem þarf að skoða til að tryggja öryggi barnanna og loka málinu er mikilvægt að spyrja alltaf:

„Höfum við skrifað þessi markmið niður á hátt sem er auðskiljanlegur fyrir foreldra/ættingja/barnið?“

Nauðsynlegt er að setja markmiðin fram á skýran og auðskiljanlegan hátt og beita mælanlegum markmiðum um árangur sem hægt er að ræða við fjölskylduna. Til dæmis:

„Pabbi hefur sýnt fram á að hann getur haft hemil á reiði sinni án þess að lemja börnin eða mömmu yfir sex mánaða tímabil.“

„Mamma og pabbi sýna að þau geta sinnt daglegri umönnun barnanna, fyrst í heimsóknum undir eftirliti, síðan í dagheimsóknum, svo yfir nótt og loks í þrjá mánuði eftir sameiningu.“

„Mamma og kærastinn fylgja alltaf fyrirmælum læknisins og hjúkrunarfræðingsins um umönnun barnsins.“

„Á sex mánaða tímabili, í hvert skipti sem pabbi byrjar að finna fyrir því að hann er svo niðurdreginn og útkeyrður að hann á erfitt með að komast fram úr rúminu og langar bara til að dópa, þá hefur hann samband við ömmu sína eða bróður sinn til að taka að sér umönnun Mary.“

Haltu áfram að spyrja: „Hvað annað þyrftir þú að sjá? Og hvað annað?“ Þar til starfsmaðurinn er sannfærður um að markmiðin endurspegli allt sem hann þarf að sjá gerast til að vera viss um að

börnin séu örugg innan fjölskyldunnar. Að vísa starfsmanninum aftur á hættuyfirlýsinguna á meðan farið er í gegnum spurningarnar um öryggi mun tryggja að markmiðin séu viðeigandi fyrir brýnustu áhyggjuefni þessarar fjölskyldu. Vinnið ykkur í gegnum hættuyfirlýsinguna og mótið skýr öryggismarkmið fyrir hvert áhyggjuefni. Það er alltaf best að byrja á einföldustu hættuyfirlýsingunni. Til dæmis er yfirleitt auðveldara að setja öryggismarkmið fyrir hættuyfirlýsingu varðandi það að foreldrar sinni ekki heilsufarsþörfum barns heldur en fyrir hættuyfirlýsingu vegna tilfinningalegs ofbeldis.

Á sama tíma skal varast að búa til langan lista af öryggismarkmiðum, því það mun óhjákvæmilega vera yfirþyrmandi fyrir fjölskylduna. Spurðu starfsmanninn spurninga á þessa leið:

„Ég veit að þú ert mjög áhyggjufull(ur) út af þessu máli og vilt leysa öll vandamálin, en hverjar eru ófrávíkjanlegu kröfurnar?“

Finnst þér við vera að búa til of mörg markmið? Finnst þér að þetta gæti verið of mikið fyrir foreldrana? Er þetta of mikið eða eru þetta allt saman mikilvægir hlutir sem þarf að gera?

Öryggismarkmiðið fyrir dæmið um Darel, Alkira og Jirra var:

Sally og Diane frá barnavernd vilja að Darel, Alkira og Jirra fari aftur til Merinda og Eddy því þau vilja öll vera saman og hafa átt svo margar góðar stundir sem fjölskylda. Til þess að þetta geti gerst þurfa Merinda og Eddy að vinna með Sally, Dianne og öðru fólki í fjölskyldunni að því að búa til sögu sem útskýrir fyrir Darel, Alkiru og Jirra hver áhyggjuefnin hafa verið og hvers vegna þau fóru að gista hjá ömmu Rose. Þegar börnunum hefur verið sögð sagan munu Merinda og Eddy og stuðningsnetið vinna með barnavernd að því að gera plan sem börnin geta skilið og sýnir öllum að:

- Þegar Merinda og Eddy rífast geta þau leyst hlutina án þess að lemja eða öskra og því verður ekkert barnanna hrætt.
- Darel, Alkira og Jirra verða aðeins í bílnum með Merinda og/eða Eddy þegar þau eru hæfu ástandi til að keyra.
- Eddy og Merinda hafa leiðir til að aga krakkana án þess að kýla, lemja og öskra á þau.
- Barnavernd mun loka málinu þegar öryggisplan hefur verið í gildi í sex mánuði eftir að Darel, Alkira og Jirra fara heim.

2.3.1 Næstu skref

Þegar öll öryggismarkmið hafa verið ákveðin er kominn tími til að ræða næstu skref:

„Ef þetta er öryggismarkmiðið, hvað telur þú vera minnsta næsta skref sem hægt er að taka til að tryggja öryggi?“

Þú gafst aðstæðunum 3 af 10 á öryggisskalanum. Hvað þarf að gerast næst til að færa hlutina upp í 3 og fjórðung? (3,25)?

„Hvað myndi mamma/pabbi/barn/frænka/talsmaður barna/hjúkrunarfræðingur/læknir segja að væri næsta skref?“

2.3.2 Hæfni, sjálfstraust og vilji

Það sem virðist vera góð hugmynd í samtali á milli fagfólks getur verið erfitt fyrir fjölskylduna að skilja eða einfaldlega ekki framkvæmanlegt. Hvaða öryggismarkmið sem eru sett og hvaða aðgerðaáætlanir sem eru gerðar til að ná þessum markmiðum, þá er alltaf mikilvægt að hafa í huga:

„Á skalanum 0–10, hvernig myndi pabbi/mamma/frændi/nágranni meta vilja sinn til að gera þetta, ekki bara núna heldur til frambúðar?“

„Þetta virðist vera mjög góð hugmynd, en á skalanum 0–10, hvað myndi mamma segja ef við spyrðum hana hvort hún geti í raun og veru gert þetta?“

„Miðað við skala á bilinu 0–10, þar sem 10 þýðir að þau trúi virkilega á þennan hluta áætlunarinnar og skilja að það muni tryggja öryggi barnsins og 0 þýðir að þau hafi enga trú á að þetta muni hafa áhrif og munu líklega eingöngu samþykkja það vegna þess að þau telja sig þurfa að vera sammála hugmyndinni þinni – hvaða einkunn telurðu að mamma og afi myndu gefa?“

2.4 Öryggisskali: Niðurstaða

Öll matsferli fela í sér þrjú skref: að safna upplýsingum, greina þær og komast að niðurstöðu. Öryggisskalinn í Signs of Safety matinu leitast við að draga saman allar upplýsingar í matsrammanum og fanga mikilvægustu niðurstöðuna sem þarf að fást í barnaverndarmáli, þ.e. hversu öruggt barnið er. Það eru ýmsar leiðir til að spyrja skalaspurninga varðandi öryggi, allt eftir samhengi málsins. Hins vegar er mikilvægt að skalaspurningarnar varðandi öryggi skilgreini bæði 0 og 10 á skýran hátt með skilgreiningum sem eru sértækar fyrir hvert mál.

Venjulega leitast skalaspurningar varðandi öryggi við að spyrja:

„Miðað við skala á bilinu 0–10, þar sem 0 þýðir að aðstæður þessara barna eru svo slæmar að þú þarft að taka þau úr umsjá foreldra án tafar og 10 þýðir að fullnægjandi öryggi sé til staðar til að loka málinu – hvernig myndir þú meta aðstæðurnar núna?“

Skalaspurningin varðandi öryggi í dæminu með Darel, Alkira og Jirra var eftirfarandi:

Miðað við skala á bilinu 0–10, þar sem 10 þýðir að jafnvel þótt Merinda og Eddy verði stressuð, reið og drekki of mikið, þá vita allir, þar á meðal börnin, hvað Eddy, Miranda og stuðningsnetið muni gera til að enginn lendi í því að vera laminn eða hræddur eða öskrað á hann og að það séu fullorðnir aðilar til staðar sem Darel, Alkira og Jirra geta hringt í og að þessi aðilar muni koma ef þeir hafa áhyggjur, og 0 þýðir að það er ekkert plan fyrir hendi til að tryggja öryggi barnanna þegar slæm staða kemur upp þannig að börnin geta ekki búið hjá Eddy og Merinda – hvernig myndir þú meta stöðuna í dag?

Á öðrum öryggisskala getur 0 þýtt að öruggt er að svipað eða verra ofbeldi gegn þessum börnum endurtaki sig og 10 þýðir að nægilegt öryggi er til staðar til að fela foreldrunum aftur umsjá eða forsjá barnanna.

Þótt það virðist augljóst, þá er mikilvægasta hlutverk öryggisskala að meta öryggi barnsins. Að meta getu foreldris til að annast barnið er upplýsandi en ER EKKI öryggisskali. Sumt fagfólk ruglar þessu tvennu saman. Þannig gæti foreldri með þroskaskerðingu fengið 4 eða 5 fyrir getu sína til að annast barn sitt, en öryggi barns á heimilinu gæti fengið 10 vegna þess að aðrir eru til staðar til að fylla í skarðið í umönnun sem foreldrið veldur ekki sjálf eða eitt síns liðs.

Til að starfsmaðurinn geti metið öryggi barnanna á skala þarf hann bæði að leggja mat á umfang matsins og færa rök fyrir skoðun sinni á núverandi aðstæðum með formlegum hætti. Þetta getur verið krefjandi fyrir ákveðið starfsfólk, sérstaklega fyrir framan hóp samstarfsfólks, og því er best að nota milda en ákveðna spurningatækni.

Þegar starfsmaður hefur metið aðstæðurnar er yfirleitt hægt að fá frekari upplýsingar um fjölskylduna með því að spyrja spurninga um hvað það var sem leiddi til þess að starfsmaðurinn metur aðstæðurnar á þennan hátt. Til dæmis, ef hann gefur núverandi öryggi einkunnina 3, geturðu spurt:

„Hvað eru foreldrarnir að gera sem færir einkunnina þína upp í 3 stig?“

Þú getur haldið áfram að spyrja spurninga um þetta:

„Hvað annað fær þig til að gefa aðstæðunum einkunnina 3?“

„Hvað er betra núna en þegar aðstæðurnar voru áður metnar sem 1?“

Þú getur líka skoðað aftur vinstri hlið (áhyggjudálk) kortlagningarinnar ef þörf krefur:

„Að mínu mati er einkunnin þín, 3, lægri en ég bjóst við, miðað við það sem við höfum skrifað í hættudálkinn.“ Er eitthvað sem við misstum af í þeim dálki eða er ég að missa af einhverju?

Þetta er mikilvægasta matið, þannig að það er nauðsynlegt að biðja um sjónarmið annarra:

„Hvar myndi annað starfsfólk

barnaverndar/geðlæknir/hjúkrunarfræðingur/skólustjóri meta núverandi aðstæður á öryggisskalanum?“

„Hvar myndu móðirin/faðirinn/börnin meta núverandi aðstæður á öryggisskalanum?“

Þetta getur gefið meiri upplýsingar um fjölskylduna, annað hvort í áhyggju- eða styrkleikadálkinum. Til dæmis, ef starfsmaðurinn telur að móðirin myndi meta aðstæðurnar á sama hátt og starfsmaðurinn, þá ertu líklega með styrkleikayfirlýsingu: „Móðirin viðurkennir að hún sé að nota fíkniefni og geti ekki alltaf haft nægilega gott eftirlit með börnunum.“

Þetta getur varpað ljósi á samband starfsmannsins við foreldrana:

„Hvernig byggðir þú upp samband við þessa móður þar sem hún getur talað opinskátt um áhyggjur sínar við þig?“

Öryggisskalin gerir starfsmönnum ekki aðeins kleift að leggja mat á umfang mats síns, heldur skapar hann einnig samhengi til að kanna álit starfsmannsins á því hvað þarf að gerast til að börnin séu örugg.

Ráðleggingar Andrews Turnell þegar hann veitir ráðgjöf um mál sem eru föst

Oftast er ég beðinn um að veita ráðgjöf um mál sem eru föst. Í þessu samhengi, sérstaklega þar sem ég er ekki í reglulegu vinnusambandi við viðkomandi starfsmann, bið ég hann (oft) ekki um að skoða það sem hann þyrfti að sjá til að finnast hann geta lokað málinu. Þetta er vegna þess að þegar starfsmanni finnst hann fastur (sér oft ekki skóginn fyrir trjánum) er geta hans til að sjá fyrir sér

lokamarkmiðið mjög takmörkuð og það getur valdið honum gremju að spyrja spurninga um markmið til að loka málinu. Jafnvel þótt rannsóknarferli í gegnum matsrammann veiti honum óhjákvæmilega skýrari mynd af málinu, þá er hann samt að mestu leyti að einbeita sér að næstu skrefum og að horfa til lokaskrefsins á þessu stigi getur verið í miklu ósamræmi við núverandi stöðu málsins. Í staðinn hjálpa ég honum að kortleggja málið með matsrammanum hér að ofan og einbeita sér síðan að þessari spurningu: „Hvað viltu fá út úr þessu samráði?“ Ég eyði oft allt að 10 mínútum í að fá skýrt svar við þessu og næstum óhjákvæmilega tengist svarið næstu skrefum í málinu. Ef ég fæ tækifæri til að eiga samtál við starfsmanninn aftur, eftir að hann hefur unnið að málinu og finnst hann vera að ná árangri aftur, þá tryggji ég að við einbeitum okkur að þessari spurningu: „Hvað þyrftir þú að sjá til að vera viss um að þú getir lokað þessu máli?“ Þegar starfsmaðurinn hefur fengið vonina á ný og finnst hann vera að ná framförum í málinu, leitast ég við að hjálpa honum að móta langtímastefnu málsins.

Helstu ráð Andrews Turnells fyrir ferli SofS matsrammans

- 1. Haltu áfram að spyrja spurninga og spornaðu við lönguninni til að gefa svör.** Hafðu spurningarnar einfaldar til að fá skýrar upplýsingar til að fylla í dálkana. Notaðu orðfæri starfsmannsins (ekki breyta því í þitt eigið) til að sýna að þú takir hugsanir þeirra og orð alvarlega. Orðalag og orð eru lykilatriði í þessari vinnu!
- 2. Skrifaðu svörin á töfluna.** Ég skrifa þetta sjálfur því það gefur mér tíma til að móta næstu spurningu. Hægðu alltaf á starfsmanninum og láttu hann ekki hlaupa í gönur með söguna. Taktu eina litla spurningu í einu og svaraðu henni. Með því að fara hægt í gegnum ferlið kemur það fljótlega í ljós hvar starfsmaðurinn er fastur í málinu. Þú getur þá kannað hvað veldur þessu, oft einfaldlega með því að spyrja spurninga á borð við: „Þegar þú skoðar það sem við höfum sett upp í matsrammann á töflunni, hvað telurðu að sé að gerast hér í sambandi þínu við þessa fjölskyldu og í þessari stöðu sem lætur þig finnast þú vera föst/fastur?“
- 3. Byggðu upp menningu teymisvinnu.** Besta ákvarðanatökan er sameiginleg ákvarðanatöka. (Að því gefnu að hún falli ekki í gryfju auðveldrar samstöðu þar sem allir eru sammála hver öðrum – sem er sífellt hættu meðal fagfólks í velferðarþjónustu sem hefur innbyggða tilhneigingu til að vera vingjarnlegt). Stofnanir innan stjórnsýslunnar um allan heim sem ná hvað mestum árangri í að koma málum í gegnum kerfið hafa yfirleitt eftirlit með málum í hópum. Teymisstjórar/yfirmenn leitast ekki við að örstýra öllum málum, heldur frekar að efla sameiginlega starfshætti teymisins með því að hugsa sig inn í og í gegnum nokkur mál (venjulega á vikulegum teymisfundum) með því að nota SofS rammann. Stjóðjandi samráð (e. Appreciative inquiry) gerist aldrei af sjálfu sér heldur er því alltaf vandlega stýrt, fyrst og fremst með áherslu á að aðstoða þann starfsmann sem hefur lagt málið fram og á samspil innan hópsins sem er stýrt á markvissan og skýran hátt (sérstaklega tilhneigingu annarra

til að segja starfsmanninum hvað hann eigi að gera). Stöðug notkun hóphandleiðslu eykur tilfinningu fyrir sameiginlegum starfsháttum, bætir starfsanda teymisins og sameiginlega þekkingu þess, veitir yfirmanni aukið sjálfstraust í starfi teymisins og brýtur niður þá einangrun sem starfsfólk í barnaverndarmálum finnur gjarnan fyrir.

4. Beindu ferlinu að viðkomandi starfsmanni. Þetta er ekki frjáls tími fyrir alla að svara spurningum starfsmannsins; þetta snýst um að hjálpa starfsmanninum að hugsa sig inn í og í gegnum málið. Þú gætir þurft að koma í veg fyrir að aðrir svari fyrir hönd starfsmannsins eða fari strax í að ræða réttar leiðir til að takast á við þetta mál.

5. Ferðastu um matsrammann. Færðu þig á milli hættudálksins (áhyggjur) og öryggisdálksins (það sem gengur vel). Samráðið þarf ekki, og ætti ekki, að vera línulegt ferli. Þegar meðlimum samráðsins finnst þeir vera fastir er gott að hrista upp í orkunni með því að færa þig yfir á uppbyggilegu hliðar matsrammans og leita að tækifærum til að hrósa starfsmanninum fyrir það sem hann hefur gert vel. Að færa sig yfir á öryggisskalann er oft mjög góð leið til að komast úr pattstöðu þar sem hann skýrir og afmarkar aðstæðurnar og það er sjaldgæft að starfsmaður segi að hann sé í 0. Jafnvel þótt/þegar hann segir að skalinn sé í 0, þá skýrir það yfirleitt málin. Þ.e. að það er líklega kominn tími til að grípa til öflugra aðgerða eins og að fjarlægja börnin.

6. Fáðu aðra til að taka þátt. Ef þú ert að stýra samráðinu sem hópferli geturðu hrist upp í því með því að bjóða öðrum að viðra hugsanir sínar um ferlið (ekki innihald málsins). Til dæmis geturðu fengið hina meðlimi samráðsins til að hugsa um spurningar sem þeir vilja spyrja og bjóða þær þeim sem leiðir samráðið.

7. Notaðu orðfæri starfsmannsins, ekki breyta því eða stytta. Þetta kom fram hér að framan og sýnir starfsmanninum að það sem hann segir og hugsar er mikilvægt og hjálpar honum oft að taka sjálfan sig og það sem hann er að segja alvarlegar. Starfsfólk hefur tilhneigingu til að verða skýrara í hugsun með því að heyra vangaveltur sínar og orð koma frá öðrum.

8. Þetta snýst allt um samsíða ferli. Ef þú, yfirmaðurinn, vilt að starfsfólk vinni með styrkleika skjólstæðinga sinna og fái þá til að hugsa sér sína eigin leið inn í og í gegnum vandamál sín í átt að lausnum sem eru á þeirra færi, þá er það rökrétt að þú þurfir að gera slíkt hið sama fyrir starfsmanninn þinn. Þetta þýðir að þú verður oft að leggja hart að þér til að halda aftur af lönguninni til að segja starfsmanninum hvað eigi að gera í málinu og hvað þú telur vera rétta matið/afstöðuna í málinu. Ef um hópsamráð er að ræða þarftu óhjákvæmilega einnig að halda aftur af löngun annarra til að leika sérfræðing og beina þeim annað. Ef þú notar ekki vinnubrögð SofS samkvæmt styðjandi samráð (e. Appreciative inquiry) í hópum getur það valdið fólki óþægindum því það hefur tilhneigingu til að koma

mjög fljótt í ljós ef venjuleg vinnubrögð teymisins eru þau að koma með stutt yfirlit yfir málið og svo fá allir að gefa ráð.

9. Leggðu fram tillögur og leiðsögn. Þessi nálgun við samráð þýðir ekki að þú (yfirmaðurinn) getir ekki veitt leiðsögn og ráðgjöf eða komið með tillögur. Þetta ferli felur í sér að þú frestar því að gefa ráð þar til þú hefur fengið starfsmanninn til að hugsa málið í gegn sjálfur og nýtt allar leiðir sem hann hefur til að finna sínar eigin lausnir. Að veita ráða er aðeins ein leið til að kynna „mun og breytingar“. Lykilatriði í því hvernig þetta ferli kemur á breytingum er að hægja á viðkomandi og fá hann/hana til að hugsa betur um það hvað hann/hún er að hugsa og vill gera. Mín reynsla er sú að ef þú þarft að gefa ráð eða koma með tillögur eftir að þú hefur opnað málið vandlega á þennan hátt, þá eru ráðleggingar þínar mun innihaldsríkari og markvissari. Ég hef vanið mig á að gefa ráð með mynd af opinni hendi í hugarum. T.d. „Jæja, hér eru mínar hugmyndir. Hvað finnst þér um þær?“

10. Leiðandi starfsvenjur. Reynsla mín af þessu ferli er sú að maður kynnist starfsfólki sínu mun betur og hjálpar þeim að þróast í sterkara fagfólk sem á auðveldara með að standa með sínum skoðunum og markmiðum í starfinu. Markviss áhersla í nokkrum málum mun fljótt byrja að alhæfast yfir á allar starfsvenjur þeirra og þá er minni þörf fyrir þig að örstýra teyminu þínu. (Það gæti einnig afhjúpað löngun þína til að örstýra ef það er orðinn venja hjá þér.) Þetta ferli mun afhjúpa veikleika og slæmar venjur hjá starfsmanninum; það er mikilvægt að fara varlega inn á þessi svið.

11. Varnarleysi. Hafðu alltaf í huga að þetta er mun viðkvæmara ferli en þessi venjulega ráðgjöf þar sem „þú segir mér hvað vandamálið er, ég skal segja þér hvað þú átt að gera“. Starfsmaðurinn verður að afhjúpa hugsunarhátt sinn og starfshætti miklu meira og verður allan tímann að hugsa vandlega um stöðu sína. Þú, yfirmaðurinn, verður að leggja meira á þig til að standa við hlið starfsmannsins og verður að stíga út úr hlutverki sérfræðingsins. Sem yfirmaður er alltaf mikilvægt að vera meðvitaður um það aukna varnarleysi sem fylgir þessu.

3. Dæmi um hættuyfirlýsingu, öryggismarkmið og öryggisskala

Þróun öryggismarkmiðs og öryggisskala sem passar við hverja hættuyfirlýsingu innan SofS-matsrammans býr til mikilvæga greiningarþætti og mælitæki sem draga fram áhersluatriði fyrir síðari SofS-vinnu.

Hættuyfirlýsingin, sem þróuð er út frá fyrri skaða og flækjandi þáttum, að teknu tilliti til allra núverandi styrkleika og öryggis, útskýrir hvers vegna barnavernd er hluti af lífi fjölskyldu. Öryggismarkmiðið útskýrir með skýrum hætti hvað fjölskyldan og stuðningsnet hennar þurfa að gera svo að allir viti að

börnin verði örugg og hvað starfsfólk barnaverndar þarf að sjá til að geta lokað málinu. Öryggisskalinn býður upp á mælanlegt ferli sem allir geta skilið og skapar svigrúm fyrir alla sem að málinu koma – þar á meðal fjölskyldumeðlimi, stuðningsnetið og fagfólk – til að gefa sína einkunn á því hversu öruggt ástandið sé og framgang málsins.

Eins og með alla vinnu í SofS er mikilvægt að fagfólkið setji þetta fram á einföldu og skýru máli sem fjölskyldumeðlimirnir geta skilið.

Hér að neðan eru dæmi um hættuyfirlýsingar, öryggismarkmið og öryggisskala þríeyki sem öll eru nafnlaus og taka dæmi úr margvíslegum málum.

3.1 Dæmi um kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi – Hættuyfirlýsing

Kay og Mark frá barnavernd hafa miklar áhyggjur af Ben, Beverly, Damian og Jill vegna þess sem börnin hafa sagt þeim að gerist heima hjá mömmu þeirra og pabba, Anne og Harry. Ben og Beverly sögðu að mamma og pabbi vilji stundum að börnin leiki sérstaka „kynlífsleiki“, sem þýðir að þau fá börnin til að snerta sín eigin kynfæri og kynfæri hvors annars og stundum snertir pabbi líka kynfæri Jill og Damian. Starfsfólk barnaverndar hefur áhyggjur af því að ef börnin verða áfram hjá mömmu og pabba muni þess konar kynlífsleikir halda áfram að eiga sér stað og börnin muni halda áfram að vera hrædd og hafa áhyggjur af þessu og muni ekki geta vaxið og þroskast á heilbrigðan hátt eins og börn á þeirra aldri ættu að gera.

Anne og Harry segja að kynlífsleikirnir hafi ekki átt sér stað og ekkert þessu líkt muni gerast í framtíðinni. Þar sem barnavernd og Harry og Anne greinir á um hvort þetta hafi gerst eða ekki, hefur það gert það erfiðara að leysa vandamálin og starfsfólk barnaverndar áhyggjufyllra.

Öryggismarkmið – Kynferðislegt ofbeldi

Kay og Mark frá barnavernd sjá hversu mikið Anne og Harry þykir vænt um börnin því þau heimsækja þau oft og segjast vilja gera hvað sem er til að fá börnin aftur heim. Barnavernd vill að börnin fái að búa aftur hjá Anne og Harry og til þess að það geti gerst þarf staðfestist að liggja fyrir um það að:

- Anna og Harry vinni með starfsfólki að því að búa til útskýringu sem segir öllum fjórum börnunum hvað það er sem barnavernd hefur áhyggjur af, hvers vegna þau búa ekki heima og hvað þarf að gerast til þess að börnin geti farið aftur heim; og
- Anne og Harry bjóði að minnsta kosti átta manns, sem þekkja fjölskylduna vel og skilja áhyggjur barnaverndar, að styðja sig. Eftir þetta vinna Anne og Harry og stuðningsnetið með starfsfólki barnaverndar að því að búa til öryggisplan sem börnin geta skilið svo að enginn hafi áhyggjur af því að börnin verði fyrir kynferðisofbeldi í framtíðinni.

Þegar foreldrar og stuðningsnetið hafa sýnt fram á að þeir hafa fylgt planinu með aukinni umgengni og gistinóttum í 24 vikur geta börnin farið heim. Þegar foreldrar og stuðningsnetið hafa sýnt fram á að planið sé að virka í aðrar 24 vikur mun barnavernd loka málinu.

Öryggisskali – Kynferðislegt ofbeldi

Miðað við allt sem við vitum og það sem börnin hafa sagt um „kynlífsleiki“, hvernig myndir þú meta hlutina núna á skalanum 0–10? 10 þýðir að það er skýrt plan til staðar sem allir skilja (þar á meðal börnin), sem getur tryggt að allir verndi börnin fyrir hugsanlegri kynferðislegri misnotkun, en 0 þýðir að þó að allir vilji að börnin fari heim, þá er ekkert plan til staðar, hvorki fjölskyldan né fagfólk getur komið sér saman um hvað er „öruggt“, og ef börnin fara heim í dag eru mjög líkur á að kynlífsleikir af þeirri gerð sem Ben og Beverly sögðu frá gætu átt sér stað í framtíðinni.

3.2 Dæmi um vanrækslu

Hættuyfirlýsing – Vanræksla

Britt og Lynnea frá barnavernd sjá hversu mikið Lee mamma og Fred pabbi elska Mari, Tracey og Agi þegar þau koma á skrifstofuna til að hitta þær og allir brosa breitt, sýna mikla ástúð og faðmast. Lee og Fred segjast hata að hafa dætur sínar ekki heima hjá sér og að þau muni gera hvað sem er til að fá þær aftur.

Áður en stúlkurnar fóru á fósturheimili voru miklar áhyggjur af því að Lee og Fred hugsuðu ekki nógu vel um þær og að þær væru skildar eftir hjá fólki sem væri ekki öruggt. Skóli stúlnanna sagði félagsráðgjöfunum að stúlkurnar væru oft í óhreinum fötum og lyktuðu af þvagi. Þegar Britt og Lynnea komu í heimsókn var húsið allt í drasli. Það voru föt, óhreinir diskar og sígarettuaska alls staðar og ekki var alltaf farið með stúlkurnar í mikilvægar læknisheimsóknir.

Britt og Lynnea hjá barnavernd hafa áhyggjur af því að ef börnin fara aftur til Lee eða Fred muni vandamálin vera viðvarandi og börnin gætu meiðst eða veikst af því að vera ekki hrein, fá ekki nægan hollan mat, hafa ekki öruggan og hreinan stað til að búa á og komast ekki til læknis þegar þau eru veik.

Britt og Lynnea hafa líka áhyggjur af því að ef börnin fara heim til Lee eða Fred gætu þau endað með fólki sem hefur drukkið, notað fíkniefni eða sem veit ekki hvernig á að annast börn, eins og þegar Lee bað Fred um að gæta Tracey og lögreglan sagði að Fred hafi verið svo ölvaður að hann hrasaði um húsið og gat ekki gengið beint. Ef þetta heldur áfram að gerast þá eru Lynnea og Britt hræddar um að börnin verði hrædd og gætu meitt sig illa.

Öryggismarkmið – Vanræksla

Lynnea, Britt og yfirmaður þeirra hjá barnavernd, Johanna, vilja að Mari, Tracey og Agi fái að búa aftur heima hjá Lee eða Fred því það er ljóst að bæði Lee og Fred elska stelpurnar og stelpurnar elska mömmu sína og pabba.

Til þess þurfa Lee og Fred að vinna með félagsráðgjöfunum barnaverndar að því að búa til sögu sem útskýrir fyrir Mari, Tracey og Agi hvers vegna þær búa ekki hjá þeim eins og stendur. Þau þurfa líka að Lee og Fred finni fólk sem getur unnið með þeim og barnavernd að því að gera og fylgja ítarlegu öryggisplani til að sýna öllum að stelpurnar hafi hreint hús til að búa í, hrein rúm til að sofa í, hrein föt til að vera í, að þeim verði haldið hreinum, fái næringarríkan mat og geti farið til læknis þegar þær þurfa á því að halda, sama hvað er að gerast í lífi mömmu eða pabba. Planið þarf einnig að sýna öllum að stúlkurnar verði alltaf undir umsjá fullorðinna sem eru edrú, koma vel fram við þær og eru meðlimir stuðningsnetsins. Þegar planið er tilbúin munu Lee, Fred og stuðningsnetið þeirra útskýra hana fyrir Mariu, Tracey og Agi svo allir skilji reglurnar.

Öryggisskali – Vanræksla

Á skalanum 0-10, hvernig myndir þú meta hlutina í dag? 10 þýðir að ef börnin færu heim á morgun til að búa hjá Lee eða Fred, þá væri það á heimili sem er hlýlegt og hreint, þar sem er fólk til staðar til að hjálpa, með skýrt plan sem sýnir hvernig stelpurnar fá hrein föt og góðar máltíðir, geta mætt í allar læknisheimsóknir og eru undir umsjá öruggar, edrú fullorðinnar manneskju. 0 þýðir að ekkert hefur í raun breyst ennþá og það er ekkert plan

til staðar um hvernig aðstæður gætu verið öðruvísi, og jafnvel þótt mamma og pabbi elski og sakni barnanna virkilega, þá væru aðstæður líklega eins og þær voru þegar börnin fóru í fóstur og það myndi ekki líða á löngu þar til þau yrðu hrædd, veik eða í hættu á að meiða sig aftur.

3.3 Dæmi um ungling í áhættuhópi

Hættuyfirlýsing – Unglingur í áhættuhópi

Marie og leiðbeinandi hennar, Johanna, frá barnavernd eru hrifnar af því hvernig hin 15 ára gamla Ophelia hefur unnið með Marie, mömmu sinni og ömmu að því að bæta líf sitt og hefur verið að mæta í skólann. Marie og Johanna, eru samt líka áhyggjufullar og halda að mamma, pabbi, amma, 17 ára systir hennar, Ella, og 10 ára systir hennar, Krissy, hafi líka áhyggjur af því að líf Opheliu sé farið alveg af sporinu og að Ophelia og mamma, sem voru mjög nánar, séu alveg hættar að talast við. Marie og Johanna, hafa áhyggjur af því að ef hlutirnir halda svona áfram og Ophelia notar og selur kannabis, verður ölvuð, ræðst á og rænir einhvern og umgengst glæpagengið, þá muni líf hennar enda í svo miklu rugli að hún geti ekki orðið snyrtifræðingur eins og hana langar til og gæti endað í fangageymslu, verið nauðgað af einhverjum í genginu og orðið heimilislaus og líf hennar muni versna til muna! Marie veit að Ophelia elskar litlu systur sína Krissy mjög mikið og að Krissy lítur virkilega upp til Opheliu. Marie hefur áhyggjur af því að Krissy haldi að það sem Ophelia gerir sé mjög flott og reyni að herma eftir.

Öryggismarkmið – Unglingur í áhættuhópi

Til þess að Marie og Johanna, viti að Ophelia sé í lagi og að líf hennar sé á réttri leið þurfa þær að Ophelia setjist niður með Marie, mömmu sinni og nokkrum fullorðnum og vinum sem hún treystir og vill vinna með til að setja saman öryggisplan. Öryggisplanið ætti að sýna öllum að Ophelia er með sanngjarnar reglur og ábyrgð sem bæði mamma og Ophelia telur sig geta lifað með, sem munu hjálpa Opheliu að koma reglu á líf sitt og koma sambandi þeirra aftur á réttan kjöl. Mamma og Ophelia þyrftu að sýna fram á, ásamt pabba, ömmu og stuðningsneti þeirra, að öryggisplanið sé í gildi í 3–4 mánuði og muni halda áfram að virka þegar barnavernd hefur ekki lengur aðkomu að málinu.

Skalaspurningar um öryggi – Unglingur í áhættuhópi

Fyrir Opheliu:

Ophelia, á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að þú sért með frábært plan til staðar, að foreldrar þínir telja planið meira að segja nokkuð gott, að það gefi þér frelsi og hjálpi þér að koma í veg fyrir að þú farir í fangelsi, tryggir að þú sért örugg fyrir nauðgun og tryggir að þú getir búið heima, og 0 þýðir að þú hefur ekkert plan, engan áhuga á að gera neitt plan, og barnavernd ásamt öllum öðrum megi taka þessar hugmyndir sínar og henda þeim í ruslið – hvar ert þú í dag?

Fyrir foreldra og fagfólk:

Mamma, pabbi, amma, Marie og Johanna, á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að þú sérð að Ophelia er með mjög gott plan til staðar sem þú telur vera nokkuð gott, það gefur henni frelsi og lítur út fyrir að muni halda henni frá gæsluvarðhaldi, tryggja að hún sé örugg fyrir nauðgun af hálfu glæpagengis og hjálpa þér að líða eins og þú getir tekist á við það hvernig Ophelia er og verið sátt við að hún verði heima, og 0 þýðir að það er ekkert plan til staðar sem Ophelia tekur til greina, ekkert hefur breyst, heldur bara versnað, og eitthvað frekar róttækt þarf að gerast og það fljótlega – hvernig myndir þú meta hlutina eins og er?

3.4 Dæmi um vanrækslu og heimilisofbeldi

Hættuyfirlýsing – Vanræksla

James og Coleen frá Barnavernd Holywell hafa áhyggjur af því að Jill (6), Jane (4) og Jimmy (2) hafa ekki alltaf fengið þá daglegu umönnun sem þau þurfa á að halda, svo stundum svelta þau, hafa verið óhrein, þau hafa veikst og það hefur ekki verið farið með þau til læknis og þau búa í húsi sem er óhreint og gerir þau veik. James sér að Marie mamma hefur gert breytingar eins og að þrifa húsið og fá systur sína Angie til að hjálpa til við það, en hann hefur samt áhyggjur af því að krakkarnir fái ekki mat, verði ekki hreinir, búi í óhreinu húsi og það verði ekki farið með þau til læknis eins og þau þurfa ef þau koma heim.

Öryggismarkmið – Vanræksla

James og Coleen frá Barnavernd Holywell vilja að Marie og börnin séu saman því þau sjá hversu mikið Marie leggur sig fram um að vera besta mamma sem hún getur verið. Til þess að þetta geti gerst þurfa þau að hitta Marie og einhvern stuðningsaðila sem hún velur, eins og Angie, til að gera einfalt plan ásamt James sem börnin geti skilið, um það hvernig börnunum er sinnt á hverjum degi, svo að þau hafi alltaf nóg að borða, séu hrein, herbergin og rúmin þeirra séu hrein, húsið sé hreint og að þau fari til læknis þegar þau eru veik.

Öryggisskali – Vanræksla

Á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að allt er í lagi og Marie fær þann stuðning sem hún þarfnast, þannig að jafnvel þótt lífið verði erfitt fái Jill, Jane og Jimmy góðar máltíðir, séu hrein, komist til læknis þegar þau þurfa og húsið verði hreint. 0 þýðir að jafnvel þótt mamma vilji sjá til þess að allt þetta sé til staðar fyrir börnin þá hefur hún engan til að hjálpa sér og mun ekki ráða við aðstæður þegar lífið verður erfitt, svo hlutirnir verða líklega eins slæmir og þeir voru áður – hvernig myndir þú meta hlutina í dag?

Hættuyfirlýsing – Heimilisofbeldi

James og Coleen hafa áhyggjur vegna þess að þegar Marie var í sambandi við Barry (pabba Jimmy) var mikið um rifrildi sem hræddu börnin og það var svo slæmt fyrir Marie að hún var að tala um að fyrirfara sér. Það er stórt skref fyrir mömmu að hafa getað farið frá Barry, en James og Coleen hafa áhyggjur af framtíðarsamböndum Marie og að þau gætu verið slæm fyrir Marie og hrætt og meitt börnin aftur.

Öryggismarkmið – Heimilisofbeldi

James og Coleen vilja að Marie og börnin séu saman því þau vita hversu ákveðin Marie var og hversu mikið hún lagði á sig til að koma sér, Jill, Jane og Jimmy í burtu frá Barry. Til þess að fjölskyldan geti sameinast aftur þurfa James og Coleen að fá staðfest að Marie samþykki að segja börnunum og stuðningsnetinu sínu að þegar hún byrjar í næsta sambandi muni hún setjast niður með Barnavernd Holywell, stuðningsneti sínu og nýja makanum til að gera einfalt plan sem börnin geta skilið varðandi það hvað Marie og makinn muni gera þegar þau verða reið eða pirruð. Planið þarf að sýna fram á að þegar mamma og nýi makinn rífast, þá er ekki öskrað á neinn, neinum hótað, ýtt, enginn sleginn, verði fyrir árás eða meiddur.

Öryggisskali – Heimilisofbeldi

Á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að allir, þar á meðal Jill, Jane og Jimmy, eru örugg um að þegar Marie fer í annað samband muni hún gera allt sem í hennar valdi stendur til að fara hægt af stað, tala við vini sína og foreldra og tryggja að það sé gott samband fyrir hana og börnin. Og 0 þýðir að þegar næsti maður birtist sem Marie líkar við, muni hún hoppa beint í samband og ekki hugsa um það hvort það sé gott fyrir hana og börnin og ekki segja neinum frá því að hún sé að gera það og allir og börnin muni hafa áhyggjur – hvar erum við stödd í dag?

3.5 Líkamlegt ofbeldi: Dæmi um sýrlenskan flóttamann

Hættuyfirlýsing – Líkamlegt ofbeldi

Marie og Mikael frá Barnavernd Hagersten og lögreglan hafa fengið þær upplýsingar að Abdul hafi oft verið sleginn og barinn, frá því að hann var sex ára gamall, af bæði stjúpmóður sinni Sheida og Hassan pabba sínum, en á ofbeldisfyllri hátt af stjúpmóðurinni. Dr. Svensen frá barnaspítalanum segir að „mörg merki séu á fótleggjum og handleggjum, líkama og höfði Abdul sem benda til þess að hann hafi verið barinn með höndum og verkfærum ítrekað í mörg ár“. Abdul segir að það versta við þetta sé að honum finnist stjúpmóðir hans koma fram við hann eins og dýr. Abdul segir að hann vilji aldrei búa með stjúpmóður sinni og Hassan aftur. Marie og Mikael frá Barnavernd Hagersten vita að Abdul er elskaður af stórfjölskyldu sinni. Til dæmis vita þau að Ali frændi hefur áhyggjur og vill hjálpa Abdul og eru viss um að Hassan elskar Ali vegna þess hvernig Abdul segir að pabbi hans tali við hann og útskýri hluti fyrir honum. Barnavernd Hagersten er að skoða það að Abdul fari aftur til pabba síns og stjúpmóður, en þar sem það virðist hafa verið svo mikið um barsmíðar í svo langan tíma velta þau fyrir sér hvort þetta eigi að gerast og hvort stjúpmóðirin, Sheida, vilji fá Abdul aftur. Barnavernd Hagersten hefur áhyggjur af því að ef Abdul fer aftur á heimilið muni barsmíðarnar endurtaka sig og það gæti leitt til þess að Abdul slasist mjög illa, að hann ráðist á Sheida eða Hassan, eða að hann verði daprari, fari að hata sjálfan sig og jafnvel skaði sig.

Öryggismarkmið – Líkamlegt ofbeldi

Marie og Mikael frá Barnavernd Hagersten vilja ræða möguleikann á því að Abdul fari aftur til Hassan pabba og Sheida stjúpmömmu við alla, þar á meðal Abdul, Ali frænda, Aman afabróðir og yngri bræður Abdul. Það er mikilvægt að allir taki þátt í að ákveða hvar Abdul muni búa til frambúðar og hvernig hann muni halda tengslum við fjölskyldu sína, sérstaklega ef fjölskyldan þarf að yfirgefa Danmörku. Til þess að Abdul geti farið heim til Hassan og Sheida þurfa Marie og Mikael að fá Hassan og Sheida til að halda tengslum við fjölskyldu sína, sérstaklega ef fjölskyldan þarf að yfirgefa Danmörku. Til þess að Abdul geti farið heim til Hassan og Sheida þurfa Marie og Mikael að fá Hassan og Sheida til að kalla saman hóp fólks sem veit hvað það er sem barnavernd, lögreglan og Svensen læknir hafa áhyggjur af, til að hjálpa Hassan og Sheida að útskýra fyrir Abdul, Ali og Aman hvað hefur valdið því að Hassan og Sheida hafa verið að berja Abdul. Hassan og Sheida þurfa síðan að vinna með barnavernd og stuðningsnetinu að því að búa til og sýna fram á að þau muni alltaf nota einfalt öryggisplan með reglum sem gerir Abdul og stuðningsnetið örugg um að Abdul verði aldrei sleginn eða barinn aftur og að Hassan og Sheida hafi leiðir til að aga og leiðbeina Abdul sem fela aldrei í sér barsmíðar og þau muni alltaf nota þær leiðir.

Öryggisskali – Líkamlegt ofbeldi

Á skalanum frá 0 til 10, þar sem 10 þýðir að allir vita, og Abdul er viss um, að ef hann býr með Hassan og stjúpmóður sinni, Sheida, þá muni hann aldrei verða sleginn eða barinn og allir vita hvernig Hassan og stjúpmóðir hans, Sheida, munu aga og leiðbeina Abdul, og 0 þýðir að ef við erum heiðarleg þegar við hugsum um að Abdul fari aftur til Hassan og stjúpmóður sinnar þá teljum við að það sé ekki góð hugmynd og að Abdul muni verða fyrir miklum barsmíðum – hvernig myndum við meta aðstæður í dag?

3.6 Dæmi um heimilisofbeldi, vanrækslu og fíkniefnaneyslu

Hættuyfirlýsing – Vanræksla/neysla fíkniefna

Manna og Lotte frá barnavernd sjá að Colin og Trina hafa gert margt gott í uppeldi barna sinna, Dan, Mick og Alicia. Þau sjá þetta á því hversu klár Dan er og hann hefur það greinilega frá mömmu og pabba. Samhliða því hafa Manna og Lotte áhyggjur af því að Colin og Trina hafi notað fíkniefni í öll þau átta ár sem þau hafa verið saman. Samkvæmt skýrslum barnaverndar virðist sem metamfetamín neysla Colin og Trina sé orðin mjög mikil, þar sem þau nota það nokkrum sinnum í viku og stundum daglega. Manna og Lotte hafa áhyggjur af því að þegar Colin og Trina eru að nota fíkniefni mikið fái börnin ekki næga umönnun, húsið verði mjög óhreint og Dan, Mick og Alicia fái ekki mat og faðmlög og það sé ekki leikið við þau eins og þau þurfa. Þess vegna verða þau svöng, hrædd og óviss um hvort þau geti reitt sig á mömmu sína og pabba. Ef þetta gerist þá mun Dan reyna að annast litlu krílin og vera hræddur um allt og börnin munu verða eftir á í þroska, eins og læknarnir segja að Mick sé varðandi gang og Alicia sé með tal.

Hættuyfirlýsing – Ofbeldi

Manna og Lotte frá barnavernd hafa áhyggjur af öskrunum og slagsmálunum sem Dan, Mick og Alicia verða vitni að, sem geta byrjað með því að Colin og Trina séu að hnýta í hvort annað og niðurlægja. Þetta leiðir síðan til þess að Colin missir alveg stjórn á sér og segir mjög ljóta hluti um Trinu sem engin börn ættu að heyra sagða um mömmu sína og notar svo krafta sína til að ýta, hrinda og meiða hana fyrir framan börnin eða þegar þau eru nálægt. Okkur hefur líka verið sagt að Colin noti rifrildin sem afsökun til að fara með börnin í burtu og stjórna Trinu með því að segja að hún verði að gera það sem hann segir annars sjái hún börnin ekki aftur. Ef þetta heldur áfram að gerast hafa Manna og Lotte áhyggjur af því að Dan, Mick og Alicia muni verða mjög hrædd við mömmu sína og pabba og það muni þýða að þau verði svo rugluð, reið eða leið yfir því sem er að gerast á heimilinu að þau verði ekki hamingjusöm börn sem njóti fjölskyldunnar, læri það sem þau þurfa og eigi góða vini.

Öryggismarkmið – Ofbeldi

Manna og Lotte vilja að Colin og Trina verði fullvirkir foreldrar Dan, Mick og Alicia og nýja barnsins, hvort sem þau eru saman eða ekki. Barnavernd vill að börnin búi hjá öðru eða báðum, því það er ljóst að það sem Colin segir, „þessi börn eru líf okkar“, er satt. Til þess að þetta geti gerst vilja Manna og Lotte að Colin safni saman hópi fólks til að styðja hann og virka sem „stuðningsnet“ fyrir hann og fjölskylduna. Ásamt Manna, Lotte og stuðningsnetinu þarf Colin að útskýra fyrir börnunum og Trinu hvað þessi slagsmál og ofbeldi hafa snúist um. Eftir þetta þurfa Colin og stuðningsnetið, ásamt Manna og Lotte, að búa til og nota einfalt öryggisplan með reglum sem Trina er sammála og börnin skilja, til að sýna öllum að rifrildi munu aldrei leiða til ofbeldis í neinu formi, svo allir viti að Trina, börnin eða nokkur annar verði aldrei gerð að athlægi, þeim hótad, ýtt eða hrint, þau barin, meidd eða ráðist á þau. Planið mun sýna og sanna fyrir krökkunum að þau munu alltaf finna fyrir öryggi þó svo að foreldrar þeirra rifast og Colin verður reiður.

Öryggismarkmið – Vanræksla/neysla fíkniefna

Manna og Lotte vilja að Colin og Trina verði fullvirkir foreldrar Dan, Mick og Alicia og nýja barnsins, hvort sem þau eru saman eða ekki. Manna og Lotte vilja að börnin búi hjá öðru eða báðum, því það er ljóst að það sem Colin segir, „þessi börn eru líf okkar“, er satt. Til þess að þetta geti gerst vilja Manna og Lotte að Colin og Trina safni saman hópi fólks til að styðja hann og virka sem „stuðningsnet“ fyrir hann og fjölskylduna. Manna og Lotte munu í fyrstu vinna með Trina og Colin í sitthvoru lagi, en síðan saman ásamt stuðningsnetinu að því að útskýra fyrir Dan, Mick og Aliciu fíkniefnaneysluna og að börnin fá ekki alltaf þá umönnun sem þau þurfa. Eftir þetta þurfa Trina, Colin og stuðningsnetið að búa til og nota einfalt öryggisplan með reglum sem hægt er að útskýra fyrir Dan, Mick og Alicia til að sýna öllum að börnin fá alltaf mat, verði knúsuð, leikið við þau, þau séu með góða daglega rútínu, fái læknaðstoð og komist í skólann, leikskólann og dagvistun eins og þau eiga að gera, hvort sem Trina og Colin eru að neyta fíkniefna eða ekki.

Öryggisskali – Ofbeldi

Á skala frá 0 til 10, hvernig myndir þú meta aðstæðurnar í dag? 10 þýðir að hvort sem Trina og Colin eru saman eða ekki og hvort sem annað eða bæði noti fíkniefni eða ekki, þá vita Dan, Mick og Alicia og stuðningsfulltrúarnir öll af planinu sem Colin og stuðningsnetið hans hafa búið til og eru ánægð með það. 10 þýðir einnig að allir vita nákvæmlega hver gerir hvað svo að rifrildi milli Trinu og Colin verði aldrei að öskrum og ógnvekjandi slagsmálum og Colin hæðist aldrei að, hótar, reynir að stjórna, ýtir, kýlir eða lemur Trinu, börnin eða neinn annan. 0 þýðir að allir hafa áhyggjur af börnunum og það er ekkert skýrt plan um hvernig Colin mun hafa stjórn á sjálfum sér þegar hann reiðist og enginn veit

hver mun gera hvað svo Dan, Mick og Alicia séu alltaf örugg þegar Trina og Colin eru að nota fíkniefni, þau byrja að rífast og Colin byrjar að missa stjórn á sér.

Öryggisskali – Vanræksla

Á skala frá 0 til 10, þar sem 10 þýðir að hvort sem Trina og Colin eru saman eða ekki og hvort sem annað hvort þeirra eða bæði eru að neyta fíkniefna eða ekki, þá vita allir að Dan, Mick og Alicia muni alltaf fá mat, knús, athygli, læknishjálp og komast alltaf í skólann eða dagvistun eins og þau eiga að gera og börnin eru alltaf örugg um að þetta muni alltaf gerast óháð vandamálum foreldra þeirra og 0 þýðir að allir hafa áhyggjur af Dan, Mick og Alicia og það er ekkert skýrt plan og enginn veit hver mun gera hvað þegar Trina og/eða Colin eru að neyta fíkniefna – hvernig myndir þú meta stöðuna í dag?

3.7 Dæmi um slasað ungabarn

Hættuyfirlýsing – Slasað ungabarn

Karl og Tanya frá Barnavernd Campbell Manor vita að Kelly og Sheldon elska hvort annað og Billy og að Billy er það mikilvægasta í lífi þeirra. Barnavernd Campbell Manor, lögreglan, læknar og dómari hafa áhyggjur af því að þann 6. janúar, þegar Billy var 13 vikna gamall, kom hann á sjúkrahúsið með höfuðkúpubrot sem læknarnir segja að hafi orsakast af einhverju eins og harkalegu falli eða höggi. Meiðslin voru svo slæm að Billy kastaði upp og gat ekki fylgst með eða tekið eftir því sem var að gerast í kringum hann í fjóra daga.

Barnavernd hefur áhyggjur því Kelly og Sheldon sögðust aldrei hafa skilið Billy eftir einan með neinum öðrum og þau hafa enga skýringu á því hvernig Billy slasaðist svona illa. Það virðist sem meiðslin hafi átt sér stað kvöldið sem stóra rifrildið átti sér stað þegar lögreglan var kölluð til og bæði Kelly og Sheldon voru „út úr heiminum“ af drykkju og fíkniefnaneyslu. Rifrildið hafði orðið svo slæmt þetta kvöld að lögregla og læknar sögðu að Kelly hefði verið með marbletti á hálsi og líkama og andlit Sheldon var blóðugt. Barnavernd hefur áhyggjur vegna þess að þau vita að Kelly og Sheldon drekka, nota fíkniefni og rífast mikið og að Sheldon getur orðið ofbeldisfullur þegar parið rífst.

Barnavernd, lögregla, læknar og dómari hafa áhyggjur af því að hvort sem Kelly og Sheldon eru saman eða aðskilin muni þau halda áfram að drekka, nota fíkniefni og rífast, og að ef Billy býr hjá þeim gæti hann meiðst alvarlega aftur, orðið mjög hræddur og slasast enn verr eða jafnvel dáíð. Það sem gerir það erfiðara að leysa úr vandanum er sú staðreynd að barnavernd mun líklega aldrei vita hvernig Billy slasaðist. Til að geta sinnt starfi sínu verður barnavernd að halda áfram að skoða þann möguleika að Kelly eða Sheldon hafi meitt Billy.

Öryggismarkmið – Slasað ungabarn

Barnavernd vill að Billy fari heim og búi hjá Kelly og Sheldon því þau trúu Kelly og Sheldon þegar þau segjast ætla að gera hvað sem er til að Billy verði óhultur því þau elska hann svo mikið. Þau hafa sýnt að þau taka þetta alvarlega og eru bæði sammála um að Kelly og Sheldon skuli búa sitt í hvoru lagi, og að Kelly búi hjá foreldrum sínum til að tryggja öruggt heimili fyrir Billy. Áður en Billy getur snúið heim þarf barnavernd að fá Sheldon og Kelly til að finna að minnsta kosti sex vini og vandamenn til að mynda stuðningsnet sem mun vinna með barnavernd að því að búa til skýra og einfalt plan um hvernig þau muni tryggja að Billy sé alltaf öruggur, jafnvel þótt Kelly og/eða Sheldon drekki, noti fíkniefni, séu stressuð, rífast og geti ekki einbeitt sér að því sem Billy þarfnast. Þegar Sheldon, Kelly og stuðningsnetið geta sýnt barnavernd að þetta plan hafi virkað í 18 mánuði, mun barnavernd loka málinu.

Öryggisskali – Slasað ungabarn

Á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að allir vita að ef Billy býr hjá Kelly og Sheldon, þá er engin hættu á að hann geti slasast eins og hann gerði þegar hann var 13 vikna gamall, og allir vita hvaða plan er til staðar til að tryggja að hann sé alltaf öruggur og að vel sé hugsað um hann, jafnvel þótt Sheldon og Kelly drekki, noti fíkniefni, séu stressuð eða rífast, og 0 þýðir að ekkert plan er til staðar og allir halda að það sé bara tímaspursmál hvenær drykkjan, fíkniefnanotkunin og rifrildin þýði að Billy sé í hættu og yrði mjög hræddur ef hann byggir hjá Kelly og Sheldon – hvernig myndir þú meta hlutina í dag?

3.8 Dæmi um móður sem þjáist af alvarlegum geðsjúkdómi og áfallastreitu vegna fyrra ofbeldis

Hættuyfirlýsing

Julie og Mary frá barnavernd vita að Raelene elskar Nilla mjög mikið og hafa áhyggjur af því hvort Raelene geti gefið henni það heimili sem hún þarfnast. Julie og Maria hafa áhyggjur vegna þess að:

- Þegar Raelene líður vel er hún frábær mamma, en þegar hún veikist byrjar hún að hugsa alls konar hræðilega hluti, heyra raddir, finna fyrir ofsahræðslu og getur ekki einbeitt sér að því sem Nilla þarfnast, og þá verður Nilla hrædd og skilur ekki hvað er að koma fyrir mömmu sína og hvað mamma er að segja og gera, og þá mun Raelene ekki geta gefið Nillu það stöðuga heimili sem hún þarfnast til að geta alist upp örugg og hamingjusöm.
- Raelene hefur áður átt í samböndum sem hafa verið slæm fyrir hana, eins og þegar Paul henti Raelene út um gluggann, og haft neikvæð áhrif á börnin hennar, eins og maðurinn/mennirnir sem barnavernd telur að hafi snert kynfæri eldri bróður Nillu, fengið hann til að snerta kynfæri

þeirra og neytt hann til að stunda kynlíf með þeim. Þetta fær Julie og Mary til að hafa áhyggjur af því að Raelene gæti átt í sambandi við nýjan mann sem muni snerta Nilla, misnota hana kynferðislega eða öskra hræðilega hluti og lemja Raelene sem muni hræða Nilla eða hún gæti lent í miðjum slagsmálum og slasast.

Öryggismarkmið – Geðsjúkdómar

Julie og Mary vilja að Raelene fái tækifæri til að hafa Nilla hjá sér aftur því Raelene elskar Nilla og hefur unnið hörðum höndum að því að gera líf sitt betra. Til þess að Nilla geti búið aftur hjá Raelene þarf barnavernd að geta talað opinskátt við Raelene og stuðningsnet hennar um það þegar Raelene veikist og að þau geti gert plan varðandi það sem hægt er að útskýra fyrir Nilla. Planið þarf að sýna öllum hvað gerist þegar Raelene veikist svo að Nilla verði aldrei hrædd eða rugluð eða finni fyrir því að hún þurfi að annast mömmu sína og fái alltaf þá ást, athygli og daglega umönnun sem hún þarfnast.

Öryggismarkmið – Karlar/Framtíðarsambönd

Julie og Mary vilja að Raelene fái tækifæri til að hafa Nilla hjá sér aftur því Raelene elskar Nilla og hefur unnið hörðum höndum að því að gera líf hennar betra. Til þess að Nilla geti búið með Raelene aftur þarf barnavernd að vita að ef Raelene byrjar í öðru sambandi muni hún setjast niður með barnavernd, stuðningsneti sínu og maka sínum og gera plan sem þau geta fylgt og útskýrt fyrir Nilla varðandi það sem Raelene og maki hennar munu gera þegar þau verða reið eða pirruð. Planið þarf að sýna hvernig Raelene og maki hennar munu hafa stjórn á sér svo að ekki verði öskrað á neinn, þeim hótað, ýtt, barin, meidd eða ráðist á þau, og að Nilla sé aldrei nálægt ef Raelene eða maki hennar reiðast svo mikið að þau missi stjórn á sér.

Öryggisskali – Geðsjúkdómar

Á skalanum 0–10, hvernig myndum við meta hlutina í dag ef Nilla færi heim? 10 þýðir að allir vita að jafnvel þótt Raelene veikist/verði rugluð, þá hafa hún og stuðningsnet hennar allt í föstum skorðum og geta tryggt að Nilla sé alltaf örugg og hamingjusöm. 0 þýðir að jafnvel þótt mamma elski Nilla svakalega mikið og vilji henni allt það besta, þá er ekkert í föstum skorðum þannig að þegar veikindin og raddirnar taka völdin af Raelene, þá verður Nilla mitt í því öllu, verður líklega hrædd, mun kannski finnast hún þurfa að reyna að laga allt fyrir mömmu og daglegar rútínur og umönnun Nilla verði í algjörrri óreiðu.

Öryggisskali – Karlar/Framtíðarsamband

Á skalanum 0–10, þar sem 10 þýðir að við erum öll viss um að þegar Raelene fer í næsta samband sé skýrt plan til staðar, hún muni fá þann stuðning sem hún þarfnast og gera þetta á þann hátt að sambandið sé gott fyrir Nilla, og 0 þýðir að við hugsum „hver veit hvað gerist?“, ekkert sé í föstum skorðum og allir haldi niðri í sér andanum og hugsi að þetta samband gæti verið slæmt fyrir Raelene og Nilla gæti auðveldlega særst – hvar metum við þetta núna?

Í þessu tilviki, eftir að barnavernd hafði lagt upp hættuyfirlýsinguna, öryggismarkmiðið og öryggisskalann, hikuðu þau við að kynna þetta fyrir Raelene. Vandamálið sem bæði Mary og Julie áttu við að stríða var að þar sem Raelene átti sér svo langa sögu af erfiðleikum og ekkert af tíu börnum hennar voru í hennar umsjá, væri það þess virði að reyna að sameina Nillu og móður hennar? Þetta leiddi til þess að yfirmaðurinn bauð starfsfólkinu að búa saman til „skala fyrir það sem er þess virði að gera“ sem hægt væri að ræða opinskátt við Raelene, vin hennar og geðheilbrigðisstarfsmann, þannig að ákvörðunin um hvort að halda ætti áfram yrði tekin sameiginlega, en ekki af fagfólkinu án þess að Raelene vissi af. Þetta er dæmi um hvernig starfsfólk getur beitt þessari aðferð á sveigjanlegan hátt til að fá brýn mál upp á borðið ásamt foreldrunum, jafnvel í erfiðustu aðstæðum.

Hvað er „skali fyrir það sem er þess virði að gera“? Þetta er mjög erfið spurning. Kannski er það mikilvægasta spurningin í þessu tilfalli. Hún snýst um að barnavernd ákveði hvort hún eigi að leggja sig fram um að koma Nilla aftur inn á heimili Raelene.

Á skalanum 0–10, hvernig myndir þú meta þetta? 10 þýðir að það er virkilega þess virði að reyna að koma Nillu aftur til mömmu, því þú hugsar „kannski heppnast það ekki en ég held að það séu góðar líkur á að við getum látið þetta ganga og við getum gert það á öruggan hátt fyrir stelpuna“, hvað sem gerist. 0 þýðir að við vitum að mamma elskar Nillu og er góð mamma þegar henni líður vel, en í raun er þetta of áhættusamt, við sjáum bara ekki hvernig við getum látið þetta ganga til langs tíma fyrir stelpuna, og það sem við þurfum að gera í staðinn er að gera heimilið sem hún dvelur nú á að varanlegu heimili hennar og koma á góðum samskiptaleiðum fyrir mæðgurnar svo þær geti alltaf hist.

4. Viðtöl við börn í barnaverndarmálum: Að nota Húsin mín þrjú og galdramanns-/álfkonutólið

4.1 Örlítill bakgrunnur

Töluverðar rannsóknir benda til þess að mörg börn og ungmenni sem hafa verið lengi í barnaverndarkerfinu finnist þau vera „peð í leikjum stóra fólksins“ og að þau hafi lítið um það að segja hvað verður um þau (Butler og Williamson, 1994; Cashmore, 2002; Gilligan, 2000; Westcott, 1995; Westcott og Davies, 1996).

Á undanförnum árum hefur einn helsti vaxtarþáttur SofS-aðferðarinnar verið þróun verkfæra og ferla með starfsfólki sem gefa börnum tækifæri til að taka virkari þátt í barnaverndarferlinu. Verkfærið Húsin mín þrjú™ er ein af þessum aðferðum. Þetta er hagnýt aðferð til að framkvæma mat með þátttöku barna og ungmenna í barnavernd.

Hugmyndin um húsin þrjú þróaðist út frá vinnu sem Nicki Weld og Maggie Greening hófu snemma á fyrsta áratug 21. aldar, þegar þær störfuðu hjá Child Youth and Family á Nýja-Sjálandi (Weld, 2008). Weld og Greening þróuðu fyrst „Tveggja húsa“ aðferð (Áhyggjuhús og Hús góðra hluta) til að taka viðtöl við börn og ungmenni, innblásnar af hugmyndum sem þær höfðu lært af styrkleikamiðuðum sérfræðingum frá St Luke's í Bendigo í Ástralíu. Árið 2003 sýndi Nicki Weld Andrew Turnell Tveggja húsa tólið sem lagði til að það þyrfti framtíðarhús. Þetta leiddi til þess að Draumahúsinu var bætt við og verkfærið „Húsin mín þrjú“ varð til.

Aðferðin í Húsin mín þrjú líkir eftir þremur lykilspurningum í SofS-rammanum – „Af hverju höfum við áhyggjur?“, „Hvað gengur vel?“ og „Hvað þarf að gerast?“ – og staðsetur þær í þremur húsum til að gera þær aðgengilegri fyrir börn.

4.2 Húsin mín þrjú appið

Appið Húsin mín þrjú er nú fáanlegt fyrir Android og iOS tæki. Það færir þriggja húsa tólið inn í stafræna heiminn og býður upp á myndbönd, gagnvirkar teiknimyndir og teikniblokk fyrir börn í einu skemmtilegu, glæsilegu og grípandi appi. Það inniheldur skýringarmyndbönd fyrir foreldra og ítarlegar leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Og það sem mikilvægast er, auðveldar appið starfsfólki sem hefur takmarkaðan tíma að sinna mikilvægasta og oft erfiðasta hluta starfsins: að fá viðkvæm börn til að

tala. Appið Húsin mín þrjú er ókeypis og í boði fyrir bæði Android og iOS tæki. Frekari upplýsingar er að finna á mythreehouses.com.

4.3 Hagnýt notkun verkfærisins Húsin mín þrjú

Hér á eftir er lýsing á ferlinu fyrir notkun verkfærisins Húsin mín þrjú þegar tekin eru viðtöl við börn í barnaverndarmálum, sem byggt er á reynslu fagfólks sem notar tólið á Nýja-Sjálandi, í Ástralíu, Hollandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Vísað er til nokkurra dæma og þeim lýst innan þeirra sjö skrefa sem kynnt eru hér að neðan og tvö viðbótardæmi eru gefin í lok ferlisins.

4.3.1 Látið foreldra vita og fá ið leyfi eftir fremsta megni þegar það á að taka viðtal við barnið

Stundum þarf starfsfólk barnaverndar/viðeigandi aðilar að taka viðtöl við börn án þess að láta foreldra eða forsjáraðilar vita eða fá leyfi frá þeim. Út frá aðstæðum og lögum hverju sinni, skal meta hvort eigi að láta foreldra vita eða spyrja þá fyrir fram. Verkfærið Húsin mín þrjú getur verið gagnlegt til að fá leyfi og byggja upp traust foreldra fyrir því sem starfsmaðurinn ætlar að gera. Þegar foreldrar heyra að starfsmaður barnaverndar vilji taka viðtal við barnið þeirra eykur það oft á kvíða þeirra. Þess vegna er gott að sýna foreldrunum Húsin mín þrjú og útskýra svo þeir viti hvernig viðtalið muni fara fram. Þetta sýnir foreldrunum að starfsmaðurinn mun ekki aðeins horfa á vandamál heldur einnig einbeita sér að jákvæðum hlutum og framtíðarvonum. Þannig skapast gagnsæi og þetta setur upp samhengi sem starfsmaðurinn getur notað til að miðla upplýsingum frá barninu til foreldranna. Þetta setur einnig upp samhengi fyrir starfsmanninn sem hann getur notað til að taka viðtöl við foreldra um áhyggjuefni þeirra, styrkleika og hvað þurfi að gerast.

4.3.2 Taktu ákvörðun um hvort vinna eigi með barninu með eða án foreldra á staðnum

Stundum þarf starfsfólk barnaverndar að tala við barnið án þess að foreldri eða forsjáraðili sé viðstaddur. Þegar hægt er þá er gott að stilla þessu upp sem vali fyrir foreldra og barn. Þegar það er ekki hægt og ákveðið er að taka viðtal við barnið án vitundar foreldranna, skal eftir fremsta megni reyna að útskýra fyrir foreldrunum hvers vegna það var talið nauðsynlegt að tala við barnið einsamalt.

Ef það þarf að taka viðtal við fleira en eitt barn þarf starfsmaðurinn að ákveða hvort hann hitti þau hvert í sínu lagi eða í sameiningu. Oftast getur það farið úr böndunum að vinna með þrjú eða fleiri börn í einu. En þó ekki alltaf. En það er vissulega oft mjög gagnlegt að taka viðtöl við börn saman tvö og tvö, þar sem annað getur hjálpað hinu. Það er algengt að hvort barn opni sig betur og greini betur frá þegar þau eru í pörum. Það getur líka verið mjög gott til að fá ungling til að hjálpa yngri systkinum

að fara í gegnum ferlið í Húsin mín þrjú. Þetta þarf hins vegar að meta hverju sinni og hafa í huga að barn geti einnig síður greint frá ef annað systkini er viðstatt.

Húsin mín þrjú™ Verkfæri við gerð áhættumats fyrir starfsfólk barnaverndar í vinnu með börnum og ungmennum



4.3.3 Að kynna Húsin mín þrjú fyrir barninu

Jafnvel þótt barnið hafi verið viðstatt með fullorðna fólkinu þegar starfsmaðurinn útskýrði ferlið í Húsin mín þrjú, er mikilvægt að útskýra ferlið fyrir því aftur. Vanalega notast starfsfólk við þrjú blöð (stærðin getur verið allt frá A4 upp í flettistöflu) og teiknar útlínur af húsi á hvert blað og láta barnið oft teikna útlínurnar með þeim. Þetta virka ferli, þar sem starfsmaðurinn og barnið búa til teikningarnar saman, brýtur ísinn og gefur þeim tækifæri til að kynnast hvort öðru aðeins. Starfsmaðurinn getur þá útskýrt ferlið fyrir barninu á eftirfarandi hátt: „Í fyrsta húsið skrifum við eða teiknum það sem þú hefur áhyggjur af; það er Áhyggjuhúsið. Í annað húsið setjum við það sem þér líkar vel í lífi þínu; það er Hús góðra hluta. Svo höfum við Draumahús, þar sem við getum skrifað og teiknað hvernig þú myndir vilja hafa hlutina ef þú þyrftir ekki að hafa áhyggjur af neinu.“ Starfsmaðurinn og barnið geta síðan skrifað „áhyggjur“, „góðir hlutir“ og „draumar“ á hvert hús eða, eins og sumt starfsfólk gerir, leyft barninu að leggja til eigið heiti á hvert hús. Þannig gaf átta ára stúlka í Stokkhólmi, sem vann með Opheliu Mckwashie, þremur húsum sínum þessi nöfn: „Húsið þar sem allir rífast“, „Húsið þar sem ég og systkini mín erum hamingjusöm“ og „Öskubuskuhúsið“.

4.3.4 Viðtalið

Það er alltaf góð stefna að leyfa barninu að velja. Flest starfsfólk spyr barnið hvort það vilji byrja á Áhyggjuhúsinu eða Húsi góðra hluta. Oft er auðveldara að byrja á Húsi góðra hluta, sérstaklega þegar barn er kvíðið eða óöruggt. Ef starfsmaðurinn hefur áhyggjur af því að fullorðnir hafi sagt barninu að tala ekki opinskátt, þá er gott að byrja á því að einbeita sér að góðum hlutum því það væri mjög óvenjulegt að barni væri sagt að tala ekki um hluti sem það er ánægt með líf sitt og fjölskyldu. Oft mun barnið velja að byrja á Áhyggjuhúsinu, sérstaklega ef því finnst það hafa áhyggjur af mörgu.

Barnið og starfsmaðurinn geta notað orð eða teikningar eftir því sem hentar best aðstæðum og barninu. Ef barnið skrifar þá getur starfsmaðurinn boðið því að velja hvort það skrifar sjálft eða vill að starfsmaðurinn geri það. Stundum biður barn um að fá að skrifa en endar á því að tala hraðar en það getur skrifað og í þeim tilvikum getur starfsmaðurinn boðist til að taka yfir ferlið. Ef barnið velur að teikna getur starfsmaðurinn auðveldlega tekið þátt í teikningunni ásamt barninu, en barnið ætti alltaf að hafa forystuna í því sem er teiknað. Gott er að starfsmaðurinn leiðbeini ferlinu aðeins varðandi það sem barnið teiknar í Áhyggjuhúsinu. Það er yfirleitt betra að skrifa hluti eins og „Pabbi slær mömmu“ eða „Mamma slær mig“ heldur en að teikna þá.

Þegar Húsin mín þrjú eru notuð með börnum er mikilvægt að nota alltaf nákvæm orð og hugmyndir barnsins. Þegar starfsmaðurinn skrifar og fyllir út upplýsingar fyrir barnið verður alltaf að lesa allt upp fyrir það áður en viðtalinu lýkur. Þetta gefur starfsmanninum tækifæri til að tryggja að hann endurspegli sjónarmið barnsins og kafa dýpra í mál sem barnið hefur vakið máls á og starfsmaðurinn telur að gæti notið góðs af frekari skoðun.

Ferlið Húsin mín þrjú ætti ekki að hugsa sem línulegt ferli og það er alls ekki þörf á að vinna sig bara í gegnum hvert húsið á fætur öðru. Reyndar er oft betra að vinna sig fram og til baka á milli húsanna, eins og á best við í hverju viðtali. Ef það verður of erfitt fyrir barnið að tala um áhyggjuefni sín ætti starfsmaðurinn að vera tilbúinn að spyrja spurninga um hluti sem gleðja það eða spyrja hvernig hlutirnir væru ef öll vandamálin væru leyst.

Í aðstæðum þar sem barn á erfitt með að taka þátt í samtalinu getur verið gagnlegt að gefa stikkorð eða vísbendingar til að aðstoða barnið. Til dæmis: „Hvað er gott við staðinn þar sem þú býrð núna?“ Hvað er gott við skólann? Hvað er gott við vini þína? Hvað er gott við heimsóknir þínar til mömmu? Að skoða það sem barnið telur vera jákvætt í lífi sínu veitir oft inngangspunkt til að skoða hvað er ekki eins gott og hvað það er sem barnið hefur áhyggjur af. Þegar starfsmaður opnar á áhyggjuefni barnsins ætti sá starfsmaður alltaf að spyrja barnið hvort svör þess eigi heima í Áhyggjuhúsinu. Til dæmis gæti barn sagt: „Ég vildi óska að ég væri ekki lögð/lagður í einelti“ eða „Ég vildi óska að mamma og pabbi

rifust ekki svona mikið heima.“ Starfsmaðurinn getur styrkt þessa fullyrðingu með því að spyrja: „Það hljómar eins og þú hafir áhyggjur af því að verða fyrir einelti í skólanum (eða að mamma og pabbi rífast). Eigum við að setja þetta í Áhyggjuhúsið þitt?“ Þegar starfsmaðurinn gefur barninu stikkorð er mikilvægt að þessi stikkorð eða vísbendingar passi við verk barnsins. Þess vegna verður starfsmaðurinn að afla sér eins mikilla upplýsinga og mögulegt er um barnið og aðstæður þess, annað hvort fyrir eða í upphafi viðtalsins, og hlusta eins vandlega og mögulegt er allan tímann. Til dæmis, ef barn býr hjá móður sinni og heimsækir föður sinn um helgar, gæti starfsmaðurinn spurt spurninga um hvað sé gott við að búa hjá mömmu og hvort eitthvað sé að valda því áhyggjum við að búa hjá mömmu, og síðan haldið áfram að kanna hvað sé gott við heimsóknir þess til pabba, og svo framvegis.

Með hliðsjón af viðtalinu um Húsin mín þrjú, er auðvelt að biðja barnið um að leggja mat á líf sitt, þ.e. hvort það er líf sem stjórnast af því sem það hefur áhyggjur af eða líf sem er eins og barnið vill hafa það. Þetta er hægt að gera með því að nota einfaldan töluskala frá 0 til 10. Það er líka hægt að gera það með því að nota stíg sem teiknaður er frá Áhyggjuhúsinu að Draumahúsinu og bjóða barninu að staðsetja hvar það er staðsett á stígnum. Börn geta þurft smá tíma, eða jafnvel alveg fram að lokum samtalsins, til að ræða það sem þau hafa mestar áhyggjur af. Þetta var raunin með Opheliu McKwashie þegar hún vann með átta ára gömlu stúlkunni sem minnst var á áðan, en fjölskylda hennar kom sem flóttamenn frá Suður-Ameríku. Ophelia var að ljúka viðtalinu þegar stúlkan gaf til kynna að það væri eitthvað annað sem hún teldi að þyrfti að fara í Áhyggjuhúsið. Eftir nokkurra mínútna þögn sagði stúlkan: „Við öll (fjögur systkini hennar og faðir) sáum hermennina nauðga mömmu.“ Af þessari ástæðu, og til að gefa barninu sem flest tækifæri til að tjá sig, er alltaf góð hugmynd að spyrja barnið áður en viðtalinu lýkur hvort það sé eitthvað sem það vill bæta við í eitthvert húsanna.

4.3.5 Útskýrðu fyrir barninu og fáðu það til að taka þátt í því sem gerist næst

Þegar viðtalinu um Húsin mín þrjú er lokið skaltu útskýra fyrir barninu hvað gerist næst og fá leyfi barnsins til að sýna öðrum húsin þrjú, hvort sem það eru foreldrar, ættingjar eða fagfólk. Vanalega eru börn fús til að leyfa að aðrir fái að sjá mat þeirra á aðstæðum í gegnum Húsin mín þrjú. Sum börn geta haft áhyggjur og það getur ógnað öryggi þeirra að sýna öðrum það sem þau hafa lýst. Í slíkum aðstæðum er mikilvægt að ræða við barnið um það sem það óttast að gæti gerst og ræða leiðir til að tryggja öryggi þess. Stundum þýðir þetta að barnið er tekið af heimilinu, að minnsta kosti meðan málin eru skoðuð með foreldrum þeirra. Að hafa börnin með í þessu ferli getur stundum hægt á þeim aðgerðum sem fagfólkið grípur til en það er mikilvægt að gera það á hraða sem barnið er sátt við eða eins og hægt er. Þegar starfsmaður ákveður að bregðast við á hátt sem fer fram úr því sem barnið er sátt við þarf að útskýra þessar ákvarðanir fyrir barninu áður en gripið er til aðgerða.

4.3.6 Að kynna mat barnsins fyrir foreldrum og öðrum

Starfsfólk barnaverndar um allan heim eru sammála um að það að fara með orð og myndir barnsins til foreldra eða umönnunaraðila þeirra hvetur oft fullorðna til að líta á aðstæðurnar nýjum augum og takast á við vandamálin á opinskárrí hátt.

„Jenny Smith“, starfsmaður Barnaverndar Mirrabooka í Vestur-Ástralíu, framkvæmdi, með aðstoð yfirmanns, Jan Wilkinson, mat á tíu ára gamalli stúlku í aðstæðum þar sem kærasti móðurinnar hafði verið mjög ofbeldisfullur gagnvart stúlkunni, móður hennar og fötluðum yngri bróður hennar. Þetta var langvinnt mál og móðirin hafði áður verið mjög fjandsamleg gagnvart starfsfólki barnaverndar þegar þeir reyndu að ræða við hana um áhyggjur skólans og frístundar af börnunum tveimur eftir að fimm ára gamla barnið kom í skólann með mar á andliti. Starfsfólk hafði áður reynt að tala við stúlkuna og komist að því að hún var afar varkár og verndandi gagnvart móðurinni og sagði alltaf að allt væri í lagi heima.

Jenny og Jan ákváðu að taka viðtal við tíu ára stúlkuna með því að nota Húsin mín þrjú. Samkvæmt ráðum Jan, byrjaði Jenny á Húsi góðu hlutanna og gaf stúlkunni svo val um hvort hún vildi skoða Áhyggjuhúsið eða Draumahúsið. Í því sem þær kölluðu „Hamingjuhúsið“ lýsti stúlkan ýmsu sem henni líkaði við skólann og hlutum sem hún gerði með móður sinni og bróður. Svo sagði hún að hana langaði að hafa fullt af nýjum leikföngum í Draumahúsinu sínu. Hún bætti svo við að ef hún réði í húsinu, þá myndi kærastinn hennar mömmu fara og mamma myndi hætta að gráta. Þetta leiddi til þess að Jenny gat spurt hvað það væri við kærastann sem hún hefði áhyggjur af og stelpan gat lýst því að henni fannst hann ógnvekjandi vegna þess að hann öskraði mikið og að hann lemdi mömmu. Stúlkan hélt áfram og sagðist vera hrædd um að kærastinn myndi meiða móður hennar og bróður. Þegar Jenny og Jan sýndu mömmunni þrjú hús stúlkunnar, sagði Jan: „Hún æpti ekki eða æsti sig,“ og sagði síðan: „Ég þarf á hjálp þinni að halda. Hvað finnst þér að ég ætti að gera?“ Móðirin gat þá talað við Jan, Jenny og starfsfólk sjúkrahússins um þá staðreynd að kærastinn hefði gripið um hálsinn á fimm ára barninu og slegið það í andlitið. Móðirin tók í kjölfarið ákvörðun um að fara frá kærastanum. Jan og Jenny voru himinlifandi yfir niðurstöðunni og að þær gætu unnið með móðurinni á þennan hátt. Jan fannst að það sem skipti sköpum hefði verið orð dótturinnar sjálfar og að þær byrjuðu á því að sýna móðurinni Hús góðu hlutanna.

Þegar foreldrarnir fá að sjá þrjú hús barnsins síns er oft mjög gagnlegt að byrja á Húsi góðu hlutanna því það sýnir foreldrinu að starfsmaðurinn er fær um að veða og meta hlutina í jafnvægi. Að auki skapar það tækifæri til að byggja upp samskipti við foreldra í kringum það jákvæða. Góð aðferð til að miðla upplýsingum til foreldranna er að spyrja þau hvað þau telja að barnið hefði nefnt sem góðan hlut í lífi sínu og hvað foreldrið héldi að barnið hefði sagt áður en þeim er sýnt hús barnsins. Þessu sama ferli er hægt að fylgja með Áhyggjuhúsið og Draumahúsið. Þessi aðferð stuðlar að því að fá

foreldra til að taka meiri þátt í ferlinu og gefur starfsmanninum betri skilning á innsæi foreldranna í viðhorf barnsins.

4.3.7 Gakktu úr skugga um að mat barnsins á Húsin mín þrjú sé skráð!

Þótt verkfærið Húsin mín þrjú virðist einfalt er það aðferð sem gerir barni kleift að veita sitt eigið mat á lífi sínu. Sumt starfsfólk veltir fyrir sér hvort matið í Húsin mín þrjú sé of barnalegt til að setja það í málsskjöl eða hafa það með í einhverju eins og skýrslu fyrir dómi. Mat barnsins sjálfs er oft mun áhrifameira og afhjúpanði en mat fagfólks á því barni og getur haft miklu meiri áhrif á þá fullorðna sem koma að barninu. Dómarar sem fá skýrslur um barnið og fjölskylduna og yfirvöld sem fara yfir skjölin þykir iðulega mikið til Húsin mín þrjú matsins koma, því það miðlar rödd og sjónarhorni barnsins og sýnir að starfsmaðurinn hefur fengið barnið til að taka virkan þátt í málinu. Því er mikilvægt að mat barnsins í Húsin mín þrjú sé sett í skrána, með leyfi barnsins.

4.4 Dæmi

Margreet Timmer, starfsmaður barnaverndar frá Bureau Jeugdzorg í Drenthe í Hollandi, bar ábyrgð á máli sem snerist um móður, kærasta hennar og tvö börn sem við munum kalla Ramon (10) og Stephanie (7). Skólinn sem Ramon og Stephanie voru í hafði haft samband við Bureau Jeugdzorg með áhyggjur af því að hegðun barnanna hefði versnað síðustu sex mánuði. Ramon var orðinn mjög árásgjarn gagnvart nemendum og kennurum og Stephanie var farin að draga sig mjög í hlé. Dregið hafði úr námsárangri beggja barna. Grunur lék á að það væru erfiðleikar heima fyrir hjá börnunum og að móðirin væri í ofbeldissambandi en upplýsingarnar sem Margreet hafði voru mjög óljósar. Margreet hafði tekið viðtal við móðurina og kærastann hennar sem skilaði litlum upplýsingum. Hún hafði einnig gert tvær tilraunir til að taka viðtöl við börnin, en án árangurs. Skólinn hélt áfram að hafa áhyggjur af börnunum þannig að Margreet, sem vissi að hún þyrfti að prófa eitthvað nýtt, ákvað að taka viðtal við þau með verkfærinu Húsin mín þrjú.

Margreet tók viðtalið við bæði börnin saman, notaði eitt blað fyrir hvert hús og bað börnin um að teikna myndir í húsin sem táknuðu upplifun þeirra.

Áhyggjuhús Ramon og Stephanie

ZORGEN



Hér að ofan: Áhyggjuhús Ramon og Stephanie Margreet byrjaði á því að biðja Stephanie og Ramon að teikna útlínur af húsi neðst á fremstu síðunni. Börnin skrifuðu orðið „zorgen“, sem þýðir áhyggjur á hollensku, efst á síðuna. Börnin fóru þá að teikna hesthúsin fyrir utan húsið þeirra efst á síðuna og sögðu að kærasti mömmu þeirra læsti þau oft inni í hesthúsunum yfir nótt til að refsa þeim fyrir slæma hegðun. Þau lýstu því hvernig þeim hefði verið kalt í illa einangruðu hesthúsinu og verið hrædd því þar var mikill músagangur og vegna þess að kærastinn læsti líka inni stóran, svartan, árásargjarnan hund (teiknaður vinstra megin fyrir ofan hesthúsið). Ramon lýsti því hvernig hann reyndi að hugga og vernda Stephanie um nóttina. Næst teiknaði Ramon mynd (hægra megin við miðju) af sér að sparka í kærastann og öskra á hann – þetta hafði aldrei gerst í raun og veru en Margreet var ljóst að það væri mikilvægt að leyfa Ramon að teikna þessa mynd.

Börnin teiknuðu móður sína grátandi af angist á þakinu.

Í risinu teiknuðu þau svefnherbergi Ramon, sem hann sagðist hata, þar á meðal brotinn glugga sem olli því að herbergið var kalt. Stephanie lýsti því að hún hefði ekki átt svefnherbergi síðan kærastinn kom og að rúmið hennar væri frammi á gangi.

Þau teiknuðu síðan mynd af kærastanum að öskra á þau fyrir að vera búin að borða og gaffalinn sem hann notaði til að stinga þau með til að refsa þeim. (Eitt barnanna var með gróin ör á hendi sem bentu til þess að það hefði verið stungið með gaffli.)

Þegar börnin voru búin með þessa teikningu var Margreet miður sín yfir því sem börnin voru að lýsa, en líka ánægð með að hafa fundið leið fyrir börnin til að greina henni frá því sem hafði gengið á.


Hús góðra hluta hjá Ramon og Stephanie

Í hús góðra hluta teiknuðu Stephanie og Ramon myndir af sér með blóðföður sínum sem þau heimsóttu aðra hverja helgi. Myndin sýnir föðurinn og Ramon sparka í fótbolta og Stephanie halda á loft gulu spjaldi. Inni í húsinu eiga þau svefnherbergi á háloftinu, sem þau deila og líkar báðum við, meira að segja með diskókúlu. Þau lýstu því að það væri margt gott hægt að gera heima hjá föður sínum. Athyglisvert er að þau bættu músunum við þessa teikningu og báðar teikningar sínar af Draumahúsinu.



Hér að ofan: Hús góðra hluta hjá Ramon og Stephanie

Draumahús Ramon og Stephanie



Hér að ofan: Draumahúsið hans Ramon



Hér að ofan: Draumahúsið hennar Stephanie

Stephanie og Ramon teiknuðu sitt hvort Draumahúsið. Báðar teikningarnar sýndu börnin búa með móðurinni, hvort með sitt eigið svefnherbergi og fullt af leikföngum og hlutum til afþreyingar (þetta er skýrara í teikningu Stephanie). Í teikningunni eftir Ramon vildi hann eiga tvo stóra, árásargjarna hunda og hann ákvað að þeir væru svo árásargjarnir að það þyrfti að halda þeim aðskildum með stórrri girðingu í bakgarðinum. Stephanie teiknaði húsið sitt með tveimur mjög sterkum aðalhurðum og fullt af dýrum til að leika sér við, ásamt fullt af fötum, leikföngum og afþreyingu.

Hvað gerðist svo?

Eftir að hafa lokið við teikningarnar af húsunum þremur með Stephanie og Ramon, hitti Margreet móður þeirra. (Kærastanum var boðið en hann valdi að mæta ekki.) Að horfast í augu við þessa sjónrænu framsetningu á reynslu barnanna sinna var móðurinni erfitt og skapaði aðstæður þar sem hún viðurkenndi að kærastinn væri ofbeldisfullur og að hún vissi að hún þyrfti að slíta sambandinu. Í samtalinu í kjölfarið lofaði móðirin að fara frá kærastanum sínum innan mánaðar og að á þeim tíma myndi hún tryggja að börnin þyrftu ekki lengur að sofa í hesthúsunum og að hún myndi vernda börnin fyrir kærastanum, sérstaklega á matmálstímum. Því miður gat móðirin ekki slitið sambandinu við kærastann á þessum tíma og Stephanie og Ramon voru tekin af heimilinu byggt á upplýsingum sem Margreet hafði safnað í Húsin mín þrjú matinu. Níu mánuðum síðar fór móðirin hins vegar frá kærastanum og kom strax til Margreet og bað um að geta fengið börnin sín til sín aftur. Eftir að móðirin hafði fundið hús og komið sér fyrir á ný voru börnin sett aftur í hennar umsjá. Fyrir Margreet var ferlið í Húsin mín þrjú með börnunum vendipunkturinn í málinu.

4.5 Álfkonu-/galdramannstólið

Vania Da Paz, nú yfirmaður skrifstofu velferðarsviðs Vestur-Ástralíu í Rockingham, tók þátt í sex mánaða þróunarverkefninu Signs of Safety árið 1996. (Vísað er til dæmis í bókinni Signs of Safety, Turnell og Edwards, 1999, bls. 81). Vania hefur alltaf verið staðráðin í að finna leiðir til að fá börn og ungmenni til að taka þátt í barnaverndarstarfi sínu og eftir að hafa fengið þjálfun í SofS þróaði hún mjög svipað verkfæri sem þjónar sama tilgangi og verkfærið Húsin mín þrjú, en með öðruvísi myndrænni framsetningu. Í stað Húsin mín þrjú kannar Da Paz sömu þrjár spurningarnar með því að teikna álfkonu með töfrasprota eða galdramann.



Sama aðferð við notkun á verkfærinu Húsin mín þrjú á við um notkun á galdrakarls-/álfakonutólinu. Aðferð Vanja brýtur oft ísinn fyrir börn á leikskólaaldri og yngri börn í grunnskóla, þar sem myndin af galdrakarlinum eða álfkonunni nær oft fljótt til ungra barna. Starfsmaðurinn getur gefið barninu fyrir fram teiknaða útlínur eða byrjað á auðri blaðsíðu og teiknað galdramanninn eða álfkonuna frá grunni og beðið barnið um aðstoð, allt eftir því hvað hentar best í aðstæðunum.

Da Paz notar föt álfkonunnar/galdramannsins (sem tákna það sem hægt er / ætti að breyta – rétt eins og við skiptum um föt) til að kanna og skrifa niður, ásamt barninu, vandamálín eða áhyggjuefnin frá sjónarhóli þess – eða „það sem þarf að breyta“. Vængir álfkonunnar og skikkja galdramannsins tákna það góða eða það sem gengur vel í lífi barnsins, þar sem vængirnir gera álfkonunni kleift að „fljúga í burtu“ eða „flýja“ vandamál sín og kápan „verndar“ unga galdramanninn og „gerir vandamál hans ósýnileg um stund“. Á stjórnuna á töfraspota álfkonunnar og galdrakúluna á enda töfraspota galdramannsins skrá starfsmaðurinn og barnið óskir barnsins og framtíðarsýn fyrir lífið, eins og það vill að það sé þegar öll vandamál hafa verið leyst. Töfraspotarnir tákna „óskir sem rætast“ og vekja von um framtíðina.

5. Að byggja upp árangursríkt öryggisplan í barnaverndarmálum

Sérhver þáttur SofS er hannaður til að skapa samhengi þar sem fagfólk getur unnið með fjölskyldunni og tengslaneti hennar að því að smíða sértækt og ítarlegt öryggisplan sem tekur af alvöru á áhyggjum af vanrækslu og sýnir öllum að barnið verði öruggt.

5.1 Áskorunin við að skipuleggja starfshætti í kringum vel skilgreint framtíðaröryggi

Því miður á barnaverndarstarf það til, hvort sem það er í lagalegu eða meðferðarlegu samhengi, að verða fórnarlamb óhóflegrar skipulagningar varðandi allt sem talið er ama að fjölskyldunni. Með orðum eins talsmanns (e. Guardian)

Hver ætlar að vera nógu hugrakkur/hugrökk til að ákvarða hvort barn megji fara heim og á hvaða forsendum er sú ákvörðun tekin? Það er mun auðveldara að finna sönnunargögn sem styðja það að barnið eigi ekki að fara aftur heim en að finna sönnunargögn sem styðja að það eigi að fara aftur heim. Það er ef við gefum okkur að vilji til að vinna að endurhæfingu sé fyrir hendi. (Luger, 2003: 21)

Barnavernd er auðvitað stöðugt að móta áætlanir en oft er ekki tekist almennilega á við þau mál sem verið er að reyna að tækla. Eins og áður hefur komið fram í þessari handbók, þá hefur áætlanagerð í barnaverndarmálum tilhneigingu til að skrásetja þjónustu sem fjölskyldur þurfa að sækja, frekar en að skapa ferli sem lýsir og veitir öryggi til frambúðar með markvissum hætti. Þetta vandamál endurspeglast í rannsóknum með þjónustuþegum. Til dæmis kom fram í rannsóknum Farmer og Owen (1995), MacKinnon (1999), McCullum (1995), Thoburn o.fl. (1995) og Dale (2004) að notendur telja gjarnan að fagfólk í barnaverndarmálum skilgreini ekki nægilega vel hvað það vill og hliðri/breyti gjarnan markmiðum (e. shifting the goal post). Einn notandi orðaði það svona:

Mér fannst alltaf eins og þau hefðu einhverjar duldar fyrirætlanir því þau fengu mig til að gera eitt, en svo voru þau ekki viss um að það væri nóg og fundu upp á einhverju nýju. Og þau eru virkilega skapandi á sinn hátt því þau reyndu alltaf að láta sér detta eitthvað í hug einhverja kröfu sem ég átti

ekki möguleika á að uppfylla. Að mínu mati var það ekki í þágu barnanna, því þau eru að vinna að engu, í von um að mér mistakist. (Teoh, Laffer, Turnell og Parton, 2003, bls. 151)

Hluti af þessu vandamáli við skipulagningu mála kemur upp vegna þess að fagfólk ruglar saman leiðum (þjónustu og öðrum aðferðum til að komast í öruggt skjól) og markmiðum (örygginu sem þarf til að hægt sé að loka málinu). Sú venja að búa til áætlanir sem eru meira eins og listar yfir þjónustuliði, frekar en að skilgreina öryggi með afmörkuðum hætti, kemur einnig til vegna þess að það er afar krefjandi að afmarka endanlega niðurstöðu máls sem snýr að misnotkun barns, á skýran hátt. Í þeirri varnarmenningu sem hefur tilhneigingu til að ríkja í kringum barnaverndarmál er mun auðveldara að telja upp þjónustu sem notendur geta sótt frekar en að taka áhættu og setja fram skýrar fullyrðingar um hvað telst nægilegt öryggi til að hægt sé að loka máli sem felur í sér mikla áhættu.

Það er að minnsta kosti eitt enn sem hindrar að hægt sé að innleiða ítarlegt öryggisplan í barnaverndarstarfi. Talsmaðurinn sem vitnað var í hér að ofan orðaði þetta vel þegar hún sagði: „Það er mun auðveldara að finna sönnunargögn sem styðja það að barnið eigi ekki að fara aftur heim en að finna sönnunargögn sem styðja að það eigi að fara aftur heim.“ Þessi afstaða er viðeigandi, að minnsta kosti að hluta til, vegna þess að flestar rannsóknir á barnavernd hafa tilhneigingu til að einblína á orsakir vanrækslu fremur en á það sem leysir vandamálið. Fyrir hvaða flokk ofbeldis gegn börnum sem er (til dæmis börn sem eru vanrækt af foreldrum með fíknivanda eða börn sem talin eru hafa verið misnotuð vegna ofbeldissambands foreldra sinna) eru til mun fleiri rannsóknir og rit um tíðni, orsakasamhengi og viðhald slíkrar misnotkunar en rannsóknir sem leitast við að skilgreina hvað telst vera raunverulegt öryggi með tilliti til þeirra áhyggjna sem um ræðir. Þegar fagfólk leitast við að skipuleggja starfsemi sína í kringum framtíðaröryggi er mikilvægt að viðurkenna að við greiningu á vanrækslunni geta þau dregið fram töluverðan fjölda vel skjalfestra heimilda til að byggja vinnu sína á. Hins vegar, þegar reynt er að greina hvað telst nægilegt öryggi til að sameina fjölskyldu, með tilliti til tiltekinnar vanrækslu, er fagfólk á viðkvæmari stað og reiðir sig aðallega á faglegt mat út frá fyrirliggjandi gögnum og samskiptum við aðila fremur en tryggar undirstöður sönnunargagna.

Af þessum ástæðum er töluvert til viðbótar sem þarf að vinna á sviði barnaverndar og það þarf að rannsaka, skilgreina og lýsa betur hvað fagfólk á við þegar það reynir að skilgreina öryggi. Gerð öryggisplans er afar mikilvægur þáttur í barnaverndarstarfi. En um leið er um að ræða þátt sem er viðkvæmur, krefjandi og hefur ekki verið rannsakaður nægilega og því er mikilvægt að skilgreina hér hvernig við hugsum um öryggi áður en við skoðum sérstakt öryggisplan og þau ferli sem við notum til að búa það til.

5.2 Öryggi skilgreint og sýnt með dæmum

Ferli áhættumatsins í Victoria (e. Victorian Risk Framework) (DHS, 1999), sem er lögbundið áhættumat sem notað er í ástralska fylkinu Victoria, uppfyllir áhættumat í gegnum vandaða greiningu á hættu, styrkleikum og fyrirhuguðu öryggi. Ramminn skilgreinir öryggi sem „styrkleika sem lýsa sér sem vernd til lengri tíma“ (sjá Boffa og Podesta, 2004, fyrir frekari umfjöllun).

Til að túlka þessa skilgreiningu á rökstuddan hátt má skoða dæmi sem Cindy Finch, starfsmaður í barnavernd í Olmsted-sýslu í Minnesota, Bandaríkjunum vann að. Velferðarþjónustan í Olmsted-sýslu styðst einnig við skilgreiningu frá Victoria á öryggi í starfi sínu varðandi barnavernd (Lohrbach og Sawyer, 2004). Þetta mál snerist um fráskipað foreldra, „Karen“ og „Gary“, sem bæði voru á þrítugsaldri. Þau áttu soninn Jack, sem var 14 mánaða gamall. Karen, sem þjáðist af vægri þroskahömlun, hafði misst forsjá yfir barni úr fyrra sambandi þegar hún var 17 ára gömul. Í bandaríska kerfinu þýðir svipting á forsjá yfir fyrra barni að öll barnaverndarmál í framtíðinni sem varða sama foreldri/foreldra verða nánast alltaf tekin fyrir í gegnum samhliða skipulagsferli. Þannig að þegar Cindy fékk þetta mál í hendurnar höfðu foreldrarnir aðeins fjóra mánuði til að sýna fram á fyrir dómstólum að þau gætu annast barnið (áætlun A í samhliða skipulagsferlinu) áður en málsmeðferð um forsjársviptingu myndi eiga sér stað (áætlun B).

Áhyggjurnar af aðstæðunum fólust í því að ungabarnið yrði vitni að endurteknum slagsmálum og ofbeldi hjá parinu (Gary hafði afplánað fangelsisdóm út af slíku) og vegna þess að læknisfræðilegum þörfum Jack væri ekki sinnt, en Jack þjáðist af alvarlegum, langvinnum heilsufarsvanda. Karen og Gary neituðu því yfirleitt að ástæða væri til að hafa áhyggjur af vanrækslu og hvort um sig kenndi reglulega hinu foreldrinu um öll vandamál eða ásakaði fagfólk um að vera á móti þeim og óþarflega gagnrýnið. Í tilraun til að styðja foreldrana í að geta haft áfram forsjá með Jack höfðu fyrri starfsmaður barnaverndar og dómstólar fyrirskipað foreldrunum að þiggja ýmis konar sérfræðiþjónustu. Þetta fóll í sér pararáðgjöf og einstaklingsbundna ráðgjöf, aðskilda foreldrafræðslu fyrir báða foreldra og regluleg samskipti við barnahjúkrunarfræðing í nágrenninu. Dómstóllinn hafði einnig skipað talsmann til að gæta hagsmuna barnsins. Þegar Cindy fékk málið voru foreldrarnir að fá alla þessa þjónustu, en lítið samræmi var á milli fagaðila varðandi stefnu málsins og hvað þyrfti að gera til að foreldrarnir gætu haldið syninum í sinni forsjá til lengri tíma lítið.

Meðvituð um þröngan tímaramma málsins og að fagfólkið hafði ekki sett sér sameiginleg markmið kom Cindy á fót fundum með fagfólkinu á tveggja vikna fresti og samtali aðra hverja viku þar sem foreldrar og fagfólk hittust. Þessir fundir voru hannaðir til að skýra helstu

áhyggjuefni og viðhalda stöðugri áherslu á þau öryggisatriði sem þyrfti að uppfylla til að fullnægja kröfum talsmanns barnsins og dómstóla.

Í þessari handbók munum við einbeita okkur að tveimur af fimm lykil hættuyfirlýsingunum sem barnavernd hafði bent á að þyrfti að vinna með til að foreldrarnir gætu haldið forsjá. Með hverri hættuyfirlýsingu fylgir lýsing á öryggisplaninu sem Cindy þróaði í samstarfi við fjölskylduna og fagfólk til að bregðast við þessum hættuyfirlýsingum. Á ákveðnum stöðum munum við brjóta upp frásögnina í lýsingunni á málinu og styðjast við skilgreininguna á „öryggi sem styrkleika sem lýsa sér sem vernd til lengri tíma“ til að sýna hvað skilgreiningin getur þýtt í reynd.

Fyrsta hættuyfirlýsingin var eftirfarandi:

Barnavernd hefur áhyggjur af því að Jack gæti særst líkamlega eða tilfinningalega þegar Gary og Karen eru að rífast og slást og verða svo upptekin af rífrildinu að þau gleyma að veita Jack athygli.

Öryggisplan búið til samkvæmt þessari hættuyfirlýsingu

Í samtali við Cindy og aðra aðila sem komu að málinu á nokkrum skipulagsfundum sagði Gary að hann vildi ganga í burtu frá Karen þegar honum fannst rífrildin á milli þeirra vera að fara úr böndunum. En Gary lýsti því einnig að þegar hann hefði reynt þetta, þá elti Karen hann yfirleitt til að halda rífrildinu áfram hvert sem hann færi. Karen tók einnig þátt í umræðum um þetta vandamál á skipulagsfundunum og vann með fjölskylduráðgjafanum að því að greina hvenær, hvers vegna og hvernig hún lendir í rífrildi við Gary og hvernig hún gæti forðast þessa stigmögnun.

Út frá þessari undirbúningsvinnu var gert skriflegt og undirritað öryggisplan þar sem lagt var til að Gary myndi yfirgefa Karen þegar að rífrildin færu að stigmagnast og að hún myndi ekki elta hann.

Hvað varðar skilgreiningu á öryggi sem „styrkleikar sem lýsa sér sem verndandi þáttum til lengri tíma“, má skilja að sú vinna sem lýst hefur verið hingað til hafi skapað og endurspeглаð verulega styrkleika sem höfðu möguleika á að draga úr þeirri áhættu sem var til staðar. Á þessum tímamarki höfðu styrkleikarnir þó ekki þróast í birtingarmynd verndar. Þessi greinarmunur á styrkleika og birtingarmynd verndar er mikilvægur, því rannsóknir á dauðsföllum barna leiða oft í ljós að fagfólk í alvarlegum málum sem varða slæma meðferð á börnum gera þau mistök að ofmeta jákvæða eiginleika og góðar fyrirætlanir, sérstaklega

Þegar fagfólkið hefur myndað uppbyggilegt samband við foreldrana (Reder o.fl., 1993; Heilbrigðisráðuneytið, 2002). Þetta er hluti af því sem átt er við með hugmyndinni um hættuleika í starfi (Dale o.fl., 1986) eða auðtrúa starfshætti (Dingwall, 1983). Til að koma á aga í tengslabyggingum, styrkleikamiðum og öryggisskipulögðum starfsháttum þarf nákvæman og skýran fókus á það að koma góðum ásetningi í framkvæmd og sýna með skýrum hætti fram á langtíma vernd. Í tilviki Gary og Karen birtist vernd á þann hátt sem lýst er hér að neðan.

Sem hluta af skriflega samkomulaginu samþykkti Gary að halda dagbók yfir þau skipti sem hann og Karen fóru að rífast og hann gat gengið í burtu. Fjölskylduráðgjafinn fylgdi síðan dagbókarfærslunum eftir með Gary og Karen. Þegar Cindy undirbjó skýrsluna fyrir umdæmisráð, þar sem hún mælti með því að foreldrarnir væru áfram með forsjá, gat hún þar af leiðandi greint frá að minnsta kosti tíu skráðum og staðfestum tilvikum þar sem Gary hafði tekist að yfirgefa aðstæður og Karen hafði ekki elt. Karen og Gary staðfestu hvert tilvik við Cindy í sitthvoru lagi, en stjórnandi fræðslunámskeiðsins sem faðirinn hafði sótt staðfesti að hafa orðið vitni að nokkrum af þessum tilvikum og fjölskyldumeðlimur hafði orðið vitni að nokkrum öðrum. Fagfólkið, aðstandendur og hjónin sjálf tóku einnig eftir því að það var orðið auðveldara fyrir Karen að leyfa Gary að yfirgefa aðstæður.

Í tengslum við sömu hættuyfirlýsingu hafði Cindy spurt hjónin hvað ætti að gera í því þegar Karen gripi beitta hnífa eða skæri til að ógna Gary í rifrildunum. Þetta hafði gerst nokkrum sinnum þegar Jack var viðstaddur. Að frumkvæði Karenar var keyptur öruggur, læstur kassi þar sem geyma ætti alla beitta eldhúshnífa, skæri og þess háttar. Í heimsóknum athugaði Cindy og annað fagfólk hvort kassinn væri enn notaður til að læsa inni beitt áhöld. Gary, Karen og móðir Karen, Biddu, sögðu öll að það væri öruggara fyrir Jack að Karen hefði ekki greiðan aðgang að þessum hlutum.

Síðasta skrefið í þessu öryggisplani fólst í því að Gary og Karen komust að samkomulagi um að ef þau gætu ekki stigið út úr rifrildi gætu þau hringt í Biddu. Biddu samþykkti að hún myndi þá koma strax og fara með Jack í burtu, að minnsta kosti þangað til Gary og Karen hefðu róað sig niður. Cindy hitti Biddu, Karen og Gary áður en þessi hugmynd varð formlegur hluti af planinu og Biddu sagðist mjög ánægð með að geta hjálpað til á þennan hátt. Biddu sagði einnig að hún hefði áður fjarlægð Jack úr aðstæðunum þegar foreldrar hans voru að rífast. Á þeim fjórum mánuðum sem liðu frá því að öryggisplanið var sett í framkvæmd og þar til málið fór aftur fyrir dómstóla höfðu Gary og Karen aldrei þurft að hringja í Biddu en þeim fannst þau bæði öruggari með að vita að hún myndi hjálpa þeim ef þörf krefði.

Önnur hættuyfirlýsing hljóðaði svo:

Barnavernd og talsmaður barnsins hafa áhyggjur af því að veikindi Jack muni versna ef Karen fer ekki að ráðleggingum lækna.

Þessi hættuyfirlýsing kom til vegna þess að Karen láðist stundum að gefa Jack þau lyf og veita þá umönnun sem hann þurfti á að halda vegna heilsufarsvandamála drengsins. Vandamálið varð enn flóknara vegna þess að Karen fór gjarnan í vörn og æsti sig frammi fyrir heilbrigðisstarfsfólki, sérstaklega læknum. Karen hafði nokkrum sinnum farið með Jack af spítalanum þvert á ráðleggingar lækna eftir að hún hafði rifist við þá. Þar af leiðandi höfðu nokkrir læknar skráð þá skoðun sína að Karen gæti ekki uppfyllt heilsufarslegar þarfir Jack.

Öryggisplan búið til samkvæmt þessari hættuyfirlýsingu

Cindy fékk fagaðila í foreldrahjúkrun til að skýra eðli þessarar hættuyfirlýsingar og fékk síðan Karen til að taka þátt í umræðunum. Út frá þessum samræðum samþykkti Karen að halda skrá yfir öll læknisfræðileg inngrip sem hún notaði hjá Jack. Hjúkrunarfræðingurinn fór vikulega yfir skrána með Karen til að tryggja að inngrip hennar væri í samræmi við ráðleggingar læknanna. Samhliða þessu útbjó hjúkrunarfræðingurinn röð spjalda sem gáfu leiðbeiningar um hvað Karen ætti að gera í tilteknum læknisfræðilegum aðstæðum (t.d. astmakast, hóstakast, uppköst, niðurgangur o.s.frv.).

Eftir að dagbókin og spjöldin höfðu verið útbúin notaði Karen dagbókina til að skrá öll læknisfræðileg inngrip sem hún notaði þegar Jack þurfti á að halda, fjórum mánuðum áður en kveðinn var upp úrskurður/dómur. Á þessu tímabili voru læknir Jacks og hjúkrunarfræðingurinn í foreldraþjónustunni fullkomlega ánægð með þá umönnun sem Karen veitti Jack og almenn líðan hjá Jack renndi stoðum undir það. Að hafa aðgang að dagbókinni breytti einnig viðhorfi Karen í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk. Karen sagði Cindy að það að hafa dagbókina hjálpaði henni að finna fyrir ró og sjálfstrausti þegar Jack fór í reglulegt eftirlit hjá læknum þeirra, og eins þegar hún þurfti að fara með Jack á bráðamóttökuna.

Þetta mál sýnir greinilega þau samskipti milli fagfólks og foreldra sem oft myndast þegar foreldrar eru í afneitun varðandi þær áhyggjur sem eru. Í upphafi voru Gary og Karen sögð afneita bæði alvarleika vandamálanna og eigin ábyrgð á vandamálunum. Þegar Cindy tókst að fá alla fagaðilana til að einbeita sér að því hvað væri nægilegt öryggi til að foreldrarnir fengju aftur forsjá, og notaði síðan fundina til að eiga regluleg samskipti við Gary og Karen og þróa þessa áherslu, hvarf „afneitun“ foreldranna. Þetta mál sýnir einnig vel hvernig áhersla á framtíðaröryggi getur gert fagfólki og fjölskyldumeðlimum kleift að vinna markvisst saman og hætta að kenna öðrum um og vera í vörn.

5.3 Eiginleikar og stig árangursríks öryggisplans

Gerð öryggisplans innan SofS-nálgunarinnar er ætlað til að skapa fyrirbyggjandi, skipulagt og eftirlitsbundið ferli sem veitir foreldrum í barnaverndarmálum raunveruleg tækifæri til að sýna fram á að þeir geti veitt börnum sínum umönnun þannig að það uppfylli lagalegar kröfur. Starfsfólk í barnavernd heldur því oft fram að það sé öryggisplan til staðar þegar það sem liggur fyrir er í raun listi yfir þjónustuleiðir sem fjölskyldumeðlimir verða að nýta sér. Það er einkennisorð SofS-nálgunarinnar að þjónustuáætlun sé EKKI öryggisplan. Öryggisplan samanstendur af ákveðnum reglum og fyrirkomulagi sem lýsir því hvernig fjölskyldan muni haga daglegu lífi sínu og sem sýnir öllum – fagfólki, stuðningsneti fjölskyldunnar og börnunum – að börnin verði örugg í framtíðinni.

„Hvað þarf að gerast til að tryggja að barnið sé öruggt í eigin fjölskyldu?“ er erfiðasta spurningin í barnaverndarmálum. Að vinna með foreldrum, börnum og stuðningsneti fjölskyldunnar til að svara þessari spurningu krefst þess að fagfólk leiði ferlið faglega, beiti valdastöðu sinni gætilega, horfi til framtíðar og beiti markvissum spurningum í jöfnum mæli. Hér á eftir er lýsing á lykilstigum varðandi ferli öryggisplans í Signs of Safety.

5.3.1 Undirbúningur

Því flóknari og áhættusamari sem barnaverndarmál eru, því fleira fagfólk kemur að málinu. Þegar fagfólk í barnavernd íhugar að gera öryggisplan með foreldrum er mikilvægt að allt lykilstarfsfólk hafi rætt það, sé samþykkt því og viti hvert hlutverk þeirra verður í ferlinu. Sjá nánari upplýsingar um undirbúning hjá Turnell og Essex (2006).

5.3.2 Að koma á fót og viðhalda samstarfi við fjölskylduna

Að búa til öryggisplan sem er marktækt og endingargott krefst náins samstarfs milli fagfólks í barnavernd og foreldra/fjölskyldu. Einfaldasta leiðin til að skapa og viðhalda góðu meðferðarsamstarfi við foreldra er að fagfólk taki eftir og virði allt það jákvæða í daglegri umönnun og sambandi við börnin sín. Þannig eru foreldrar mun líklegri til að hlusta á skoðanir starfsmanna á vandamálunum og líklegri til að vinna með þeim í gegnum þær áskoranir sem fylgja því að búa til varanlegt öryggisplan.

5.3.3 Einföld og auðskiljanleg lýsing á áhyggjuefnum varðandi barnavernd

Til að hefja öryggisferlið (e. Safety process) þarf starfsfólk barnaverndar að geta útskýrt þá hættu sem það sér að steðjar að börnunum á skýran og einfaldan hátt sem foreldrarnir

(jafnvel þótt þeir séu ekki sammála) geta skilið og leiðir til þess að foreldrar séu tilbúnir að vinna með fagfólkinu. Skýrar, skiljanlegar hættuyfirlýsingar eru nauðsynlegar því þær skilgreina grundvallaratriðin sem öryggisplanið verður að taka á.

Nokkur dæmi um hættuyfirlýsingar hafa verið gefin hér í þessari handbók. Í næsta kafla eru kynnt tvö dæmi með hættuyfirlýsingu og samsvarandi öryggismarkmiðum.

5.3.4 Öryggismarkmið

Rannsóknir á foreldrum sem barnavernd þurfa að hafa afskipti af sýna ítrekað fram á að foreldrar vilja vita hvað þeir þurfi að gera til að uppfylla kröfur barnaverndar og þannig ná þeim út úr lífi sínu. Þegar barnavernd setur fram skýra hættuyfirlýsingu myndast grunnur að einföldum öryggismarkmiðum fyrir hegðun til að hægt sé að upplýsa foreldra um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Hér eru tvö dæmi um hættuyfirlýsingar og tengd öryggismarkmið.

Dæmi eitt

Þetta mál varðar móðurina Gina, föðurinn Gary, Luke sem er þriggja ára gamall og nýfætt barn, Tiffany. Þegar Luke var 18 mánaða gamall hótaði Gina að drepa hann. Gina og Gary hafa átt við fíkniefnavanda að stríða, Gina getur verið mjög fljót upp og það eru áhyggjur af geðheilsu hennar og rífrildi milli Ginu og Gary geta leitt til ofbeldis.

Hættuyfirlýsing 1:

Byggt á yfirlýsingum sem Gina gaf geðheilbrigðisþjónustunni og Gary í júní og júlí 2010, og sem barnavernd var seinna sagt frá, um að Gina myndi „drepa Luke“, og ummælum sem nafnlaus tilkynnandi heyrði Gina láta falla í nóvember 2011 um að hún myndi „drepa Luke og barnið og það yrði ekkert mál fyrir hana þar sem hún hefði áður framkvæmt fóstureyðingu“, hafa Dana og Sylvio frá barnavernd áhyggjur af því að þegar Ginu líður illa og hún sér og heyrir hluti sem aðrir sjá og heyra ekki. Þau óttast að hún muni hóta að drepa Luke með því að kæfa hann og/eða hún gæti raunverulega skaðað eða jafnvel drepið Luke, og einnig gæti hún alvarlega sært eða drepið hina nýfæddu Tiffany.

Öryggismarkmið 1:

Barnavernd mun styðja það að Tiffany fari heim með Gina og Gary þegar útskýringarnar fyrir Luke í orðum og myndum eru tilbúnar og Gina og Gary eru komin með virkt stuðningsnet

fólks til að taka þátt í að móta öryggisplan sem sýnir öllum að vel verði hugsað um Tiffany, hvort sem Gina sé við slæma geðheilsu eða ekki.

Barnavernd mun leiða saman Luke, Gina og Gary þegar það liggur fyrir að Gina og Gary hafa getað annast Tiffany vel í fjóra mánuði og hafa getað veitt Luke góða umönnun í sex mánuði, þar sem umgengni er aukin smám saman, allt frá tveimur klukkustundum á viku upp í að dvelja í margar nætur, undir eftirliti fólks úr stuðningsnetinu.

Hættuyfirlýsing 2:

Dana og Sylvio frá barnavernd hafa áhyggjur af því að Luke hafi orðið fyrir tilfinningalegum áhrifum af stjórnlausri hegðun foreldra sinna, eins og þegar þau rífast, öskra grimmileg orð hvort á annað, ýta, hrinda og lemja hvort annað.

Dana og Sylvio hafa áhyggjur af því að fyrri hegðun foreldra hans muni halda áfram að hafa áhrif á Luke (jafnvel þótt þau endurtaki hana ekki í framtíðinni) og að hann muni reyna að loka á foreldra sína með því að draga sig í hlé, breyta líkamsstöðu sinni, horfa í gaupnir sér og krossleggja hendur þegar hann er með Ginu og Gary. Dana og Sylvio hafa áhyggjur af því að þetta muni koma í veg fyrir að Luke þroski með sér sterka tilfinningalega færni.

Öryggismarkmið 2:

Barnavernd mun sameina Luke, Gina og Gary þegar þau sjá að Gina og Gary geta talað saman af virðingu, án þess að hækka róminn, verða árásgjörn eða ofbeldisfull, sérstaklega þegar þau eru í uppnámi, pirruð eða ósammála hvort öðru.

Hættuyfirlýsing 3:

Dana og Sylvio frá barnavernd hafa áhyggjur af því að þó Gary viti að Gina hafi hótað að kæfa og drepa Luke, þá geti hann ekki tryggt öryggi Luke eða Tiffany ef Gina fer aftur í geðrof eins og hún gerði í júní og júlí 2010. Dana og Sylvio hafa áhyggjur af því að Gary viti ekki hvernig hann á að koma fram við Gina þegar henni líður illa, hún hegðar sér óvenjulega og/eða sér og heyrir hluti sem aðrir sjá ekki og að þetta geti leitt til þess að Gary sé ófær um að tryggja öryggi Luke og/eða Tiffany.

Öryggismarkmið 3:

Barnavernd mun sameina Luke, Gina og Gary þegar þau sjá að Gary getur verið ákveðinn gagnvart Gina og tekið forystu í því hvernig hugsað er um Luke og Tiffany, sérstaklega þegar Gina er stressuð, fer að missa sig (geðrof) eða er farin að finna fyrir áhrifum geðsjúkdóms síns.

Dæmi tvö

Þetta mál varðar 19 ára móðurina „Angie“ og hinn tveggja ára gamla Damian sem hefur orðið fyrir vanrækslu, óútskýrðum líkamlegum meiðslum og fengið metamfetamín. Þegar þessar hættuyfirlýsingar og öryggismarkmið voru sett fram var Damian í fóstri og Angie var ólétt aftur. Þetta mál er frá Sarah Kulesa og Sherry Amelse frá Velferðarþjónustunni í Carver-sýslu í Minnesota í Bandaríkjunum.

Hættuyfirlýsing 1:

Sara og Sherry frá velferðarþjónustunni og talsmaður barnsins, Diane hafa áhyggjur af því að ef Damian fer aftur að búa hjá Angie, eða ef næsta barn býr hjá Angie, jafnvel þótt Angie elski börnin sín og geti annast þau vel mestallan tímann, muni hún láta aðra hluti sem hún vill gera, sem aðrir 19 ára unglingar eru alltaf að gera, trufla sig. Ef þetta gerist óttast Sara og Sherry að Damian og nýfædda barnið fái ekki matinn sem þau þurfa, verði illa lyktandi og óhrein eins og Damian var 13. júní, það verði ekki farið með þau til læknis um leið og þau veikjast og gætu endað í umsjá fólks sem hefur meitt Damian eða gæti meitt hann eða nýja barnið.

Öryggismarkmið 1:

Sara og Sherry og Diane, talsmaður barnsins samþykkja að áhyggjuefnin varðandi umönnun Damian og nýja barnsins séu leyst þegar þær vita að Angie getur veitt Damian og nýja barninu bestu mögulegu umönnun (eins og lýst er í dalknum „Hvað gengur vel“) allan tímann eða, ef hún getur það ekki, þá fái hún einhvern úr stuðningsnetinu sem velferðarþjónustan hefur samþykkt að megi annast Damian og nýja barnið.

Hættuyfirlýsing 2:

Sara og Sherry og Diane, talsmaður barnsins hafa áhyggjur af því að Damian eða nýja barnið gæti fengið marbletti, eins og Damian var með 13. júní þegar hann var með marblett í laginu eins og handafar í andlitinu sem varði í næstum viku, eða slasast enn meir þegar Angie verður annars hugar og börnin enda í umsjá fólks sem hefur eða gæti meitt þau.

Öryggismarkmið 2:

Sara og Sherry og Diane, talsmaður barnsins samþykkja að áhyggjur um að börnin meiðist séu leystar þegar þær vita að Angie eða fólk úr stuðningsnetinu sem velferðarþjónustan hefur samþykkt að megi gæta Damian og nýja barnsins séu að annast þau.

Hættuyfirlýsing 3:

Sara og Sherry og Diane, talsmaður barnsins hafa áhyggjur af því að Damian eða nýja barnið geti slasast alvarlega eða jafnvel dáíð ef þeim verði gefin fíkniefni, eins og þegar Damian var með mikið magn af metamfetamíni í líkamanum sem fannst í háirsekk hans 25. júlí, þegar Angie og fólk sem hún þekkir voru að neyta fíkniefna.

Öryggismarkmið 3:

Sara og Sherry og Diane, talsmaður barnsins samþykkja að áhyggjuefnin varðandi fíkniefni séu leyst þegar þær vita að enginn sem annast Damian eða nýja barnið notar fíkniefni eða er með fólk sem notar þau þegar það annast börnin. Þetta þýðir því að ef Angie ætlar að nota fíkniefni eða vera með fólk sem gerir það, þá muni hún tryggja að börnin séu með einhverjum úr stuðningnetinu.

5.3.5 Ófrávíkjanlegar kröfur

Auðveldasta leiðin til að greina á milli öryggismarkmiða og ófrávíkjanlegra krafna er að hugsa um muninn á „hvað“ og „hvernig“. Markmiðið ætti að tilgreina hvað það er sem þarf að ná fram; ófrávíkjanlegar kröfur eru fagleg skilyrði fyrir því hvernig þessu verður náð fram. Eins mikið og hægt er er best að fjölskyldan og stuðningsnet hennar útfæri það hvernig öryggismarkmiðunum verður náð, þannig að fagfólk ætti að halda ófrávíkjanlegum kröfum sínum í lágmarki. Þetta hámarkar tækifæri fjölskyldumeðlima til að þróa eins mörg smáatriði öryggisplansins og hægt er.

Í stað þess að einblína á að mæta í þjónustu ættu faglegar, ófrávíkjanlegar kröfur að tilgreina lágmarksvæntingar barnaverndar um hvernig öryggisplanið eigi að virka. Algengar ófrávíkjanlegar kröfur fela í sér eftirfarandi:

- Þá kröfu að foreldrar fái stuðningsnet fólks til að aðstoða þá við að annast börnin og framkvæma öryggisplanið. Þetta felur venjulega í sér að fagfólkið tilgreini fjölda fólks sem það ætlast til að sé í stuðningsnetinu.
- Þar sem þörf er á stupningsneti verður það fólk að vera fullkomlega upplýst um áhyggjur barnaverndar. Mjög oft væri það krafa að foreldrarnir sjálfir láti meðlimi stuðningsnetsins vita og sýni stofnuninni fram á að það hafi verið gert.
- Útskýringu í orðum og myndum sem er búin til af foreldrunum ásamt fagfólki til að útskýra fyrir börnunum hvers vegna barnavernd hefur þurft að skerast í leikinn og hvers vegna börnin hafa ekki getað búið hjá upprunalegri fjölskyldu sinni í nokkurn tíma.

- Tímabilið sem foreldrar verða að sýna fram á að öryggisplanið hafi verið framkvæmt með góðum árangri áður en sameining og málslok máls geta átt sér stað. (Þetta eru auðvitað oftast tveir aðskildir atburðir.)
- Öryggisplanið verður að innihalda reglur sem taka á tilteknum streituvöldum, kveikjum eða vandamálum. Þetta gæti falið í sér að foreldrarnir og stuðningsnetið finni aðferðir og reglur fyrir það:
 - Hvernig þar mun takast á við átök til að forðast ofbeldi;
 - Hvernig foreldri mun takast á við þunglyndi eða mikinn kvíða eða annars konar sálrænt álag/sjúkdóma og samt tryggja að vel sé hugsað um börnin, óháð andlegu ástandi þess.
- Hvernig ungt foreldri mun uppfylla þarfir sínar til að skemmta sér og „djamma“ og tryggja að vel sé hugsað um börnin þegar það gerist.
- Foreldrar verða að ákveða hvernig þeir ætla að takast á við vandamál sem tengjast neyslu fíkniefna eða áfengis. Þetta plan gæti verið öryggisplan um edrúmennsku, eða plan þar sem aðrir koma að því að tryggja að það sé í lagi með börnin ef foreldrarnir nota fíkniefni, eða plan þar sem foreldrarnir geta stjórnað neyslu sinni svo þeir geti samt sem áður annast börnin vel.
- Hvernig foreldrar munu takast á við ákveðna streituvalda eins og minningardag fyrri áfalla (eins og andlát fyrri barns), að takast á við takmarkaðan fjárhag, að takast á við gagnrýni frá fjölskyldumeðlimi, að takast á við streituvaldandi tíma dags o.s.frv.
- Hvernig foreldrarnir munu koma fram við börn á öruggan hátt þegar þau eru að hegða sér sem verst. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef börn eiga við hegðun vandamál, geðheilbrigðisvandamál og/eða þroskahömlun að stríða sem skapa áskoranir.
- Þjónustur sem foreldrar eða fjölskyldumeðlimir verða að sækja. Þar sem þjónustuáætlun er aldrei öryggisplan í sjálfu sér er vísað til athugasemda hér að neðan um nauðsyn þess að tengja þjónustu við það sem hún mun skila varðandi öryggi barna.
- Almennt séð er best fyrir fagaðila að forðast að setja sérstakar reglur fyrir öryggisplanið, þar sem hugmyndin er að foreldrar og stuðningsnet þeirra semji reglurnar sjálfir. En í sumum tilfellum mun stofnunin setja kröfur um reglurnar. Tvær reglur sem oft eru nauðsynlegar eru:
 - að tilgreina tiltekið foreldri eða einstakling, yfirlétt meintan eða dæmdan geranda, sem má aldrei vera einn með barni eða börnum;
 - að tilgreina ákveðið foreldri eða einstakling sem skal vera aðalumsjónaraðili barnanna.

5.3.6 Trygðu þátttöku víðtæks, upplýsts stuðningsnets vina og fjölskyldu

Allir hefðbundnir menningarheimar kannast við þá visku sem felst í afríska máltækinu „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Barn sem tengist mörgum sem annast það mun næstum alltaf eiga betri lífsreynslu og upplifa meira öruggi en einangrað barn. Ef samstarf fagfólks og foreldra byggist á sameiginlegum skilningi á áhyggjum barnaverndar, öryggismarkmiðum og ófrávíkjanlegum kröfum, þá er næsta skref að fagfólkið biðji foreldrana um að fá eins marga aðila og hægt er til að aðstoða sig við gerð öryggisplansins. Einn mikilvægasti þátturinn í því að búa til upplýst stuðningsnet í kringum fjölskylduna er að það rýfur þögnina og skömmina sem venjulega umlykur aðstæður þar sem börn eru misnotuð. Foreldrarnir bjóða stuðningsnetinu að aðstoða sig við að sýna fram á að barnið verði öruggt í framtíðinni og (í þeim tilvikum þar sem foreldrar andmæla ásökunum fagfólks, oft sett fram sem „afneitun“) meintur gerandi er varinn gegn ásökunum eða misskilningi í framtíðinni.

5.4 Öryggishringir: Vinna Susie Essex

Starfsfólk í barnavernd hafa oft áhyggjur af því að foreldrarnir sem þeir vinna með muni ekki finna neinn til að hjálpa þeim. Þetta kann að vera raunin, en fyrsta skrefið er að láta foreldra vita að það sé ófrávíkjanleg krafa barnaverndar að fá fólk úr daglegu vina- og fjölskylduneti þeirra til að taka þátt og spyrja síðan foreldrana hverja þeim dettur hug að fá til að taka þátt. Í þessu skyni

bjó Susie Essex til ferli sem hún notar oft með „hringjum“. (Sjá dæmi um þetta í Turnell og



Essex, 2006, bls. 92). Þetta er hægt að gera með því að biðja foreldrana að telja upp alla sem þeir þekkja: vini, ættingja, vinnufélaga, nágretta, aðila sem þau þekkja úr trúfélögum, tómstundum og viðburðum sem þau taka þátt í, fólk sem tekur þátt í lífi barna þeirra eins og kennarar, umönnunaraðilar og þjálfarar og svo framvegis. Síðan eru foreldrarnir beðnir um að flokka aðilana í eftirfarandi þrjú hringi.

Að því loknu má biðja foreldrana um að draga fram (ef til vill með því að undirstrika eða skyggja nöfnin sem þeir velja) þá aðila sem þeir telja að barnavernd og umdæmisráði/dómstólnum þætti mest til koma. Þannig fær starfsmaður barnaverndar foreldrana til að hugsa um hvort sumir einstaklingar séu betur í stakk búnir til hlutverksins eða hjálpsamari en aðrir. Í þessu ferli getur starfsmaðurinn einnig beðið foreldra um að greina hverjir af einstaklingunum á listanum myndu helst deila áhyggjum barnaverndar og hverjir á listanum myndu telja áhyggjurnar ástæðulausar. Þannig getur starfsmaðurinn hjálpað



foreldrunum að átta sig á því að kannski eru þeir einstaklingar sem þeim finnst vera „síst með þeim í liði“ í raun þeir sem munu nýtast þeim best við að sýna barnavernd fram á að börnin verði örugg, því ef þetta „skeptískara“ fólk er sannfært, þá mun það líklega hafa meira vægi hjá barnavernd.

Notkun þessara hringja er hægt að aðlaga og ætti að aðlaga að hverjum tilteknum aðstæðum. Það er hannað til að skapa samhengi þar sem foreldrar geta hugsað á

dýpri hátt um það hverjir munu nýtast þeim best í stuðningsneti. Þetta skapar samhengi fyrir samtal þar sem barnavernd getur vakið athygli á athugasemdum sínum varðandi tiltekna einstaklinga sem foreldrar tilnefna og forðast aðstæður þar sem starfsmaðurinn er einfaldlega í því hlutverki að segja „þau eru ásættanleg, þau eru það ekki“.

Það er tilhneiging hjá stofnunum að vera óviss með suma einstaklinga sem foreldrar tilnefna, en almennt er mælt með því að fá fólk til að taka þátt sem á sér sögu af fíknivanda, geðheilbrigðisvandamálum eða þess háttar. Að hafa þetta fólk með, eða að minnsta kosti taka þáttöku þess alvarlega, skapar tækifæri til að ræða hvernig það getur verið gagnlegt og hvenær vandamál þeirra gætu þýtt að það þurfi ekki að taka þátt (til frambúðar eða tímabundið). Auðvitað verða alltaf einhverjir sem barnavernd getur ekki leyft að koma að málinu, eins og fólk sem hefur verið dæmt fyrir kynferðisofbeldi gegn barni. En til að ítreka, ef slíkir aðilar eru lagðir til, ætti það ekki að vera sett fram sem vandamál heldur sem jákvætt tækifæri til að eiga ítarlegra samtal við foreldra um hverjir geta hjálpað þeim að sýna barnavernd og öðrum að börnin verði örugg í þeirra umsjá.

5.5 Að semja um hvernig: Þróun smáatriða öryggisplansins

Þegar verið er að þróa smáatriðin í öryggisplaninu er mikilvægt að gefa foreldrum og öllum öðrum sem að málinu koma (bæði leikmönnum og fagfólki) sýn á hversu ítarlegt planið þarf að vera til þess að það uppfylli kröfur yfirvalda. Þegar þessu er lokið er hlutverk fagfólksins að biðja foreldra og stuðningsnet þeirra að koma með sínar bestu hugmyndir um hvernig hægt er að sýna öllum, þar á meðal barnavernd, að börnin verði örugg og að það verði séð vel um þau.

Þetta er umræða í sífelldri þróun þar sem fagfólkið dýpkar stöðugt hugsunarhátt foreldra og stuðningsnets þeirra varðandi öll þau vandamál sem fagfólkið sér að eru til staðar, en kannar samtímis þær áskoranir sem foreldrar og stuðningsnetið sjá fyrir sér að muni koma upp. Lykillinn hér er að fagfólk láti af því að reyna að leysa málin sjálf og útskýri í staðinn áhyggjur sínar á opinskáan hátt og heyri hvað foreldrarnir og stuðningsnetið leggja til.

Að vinna með foreldrum og stuðningsneti að því að búa til öryggisplan sem fjölskyldan getur lifað eftir krefst þess að fagfólk beini ferlinu með samverkandi aðgerðum eins og þvingunarleiðum, framtíðarsýn og samræðum. Þegar almennur skilningur ríkir varðandi það sem er að valda áhyggjum og fagfólk hefur sett fram öryggismarkmið sín og niðurstöður, og fjölskyldan og stuðningsnetið hafa skýra sýn á hvernig marktækt öryggisplan gæti litið út þá er kominn tími til að einbeita sér að samtali þar sem fagmaður leiðir og spyr sífellt ítarlegri spurninga. Meginspurningin um skipulagningu er: „Hvað finnst þér að þurfi að vera til staðar til að sýna öllum, þar á meðal barnavernd, að börnin verði örugg og það verði vel séð um þau þegar þau koma (aftur) til ykkar?“ Hlutverk fagfólks er að dýpka stöðugt hugsunarhátt foreldra og stuðningsnets með því að nota spurningar sem varpa ljósi á öll þau vandamál sem fagfólkið sér að eru til staðar, en um leið kanna þær áskoranir sem foreldrar og stuðningsnet sjá fyrir sér að geti komið upp. Út þetta ferli ætti að spyrja foreldra og stuðningsnet þeirra um hugmyndir þeirra um hvað hægt er að gera til að taka á þessum vandamálum og hvaða reglur þurfa að vera til staðar til að gera það. Aftur er lykillinn hér að fagfólk hætti þeim ávana að reyna að leysa málin sjálf og útskýri í staðinn áhyggjur sínar á opinskáan hátt og heyri hvað foreldrarnir og stuðningsnetið leggja til.

Hér eru vandamál og þættir, flokkaðir eftir tegund máls, sem venjulega þarf að taka á við gerð árangursríks öryggisplans.

Kynferðisofbeldismál

- Meintur gerandi má aldrei vera einn með börnum.
- Tilgreinið hver er aðalumönnunaraðili.
- Friðhelgi einkalífsins.
- Hver aðstoðar við að klæða börnin á kvöldin og eftir það?
- Hver ber ábyrgð á náinni umönnun?
- Viðeigandi líkamleg snerting fyrir meintan ofbeldismann.
- Hver er hvar í herbergjunum og rýmum (húsi, garði, bílskúr o.s.frv.) þegar börnin eru heima í daglegu lífi fjölskyldunnar?
- Samgönguúrræði fyrir börnin.
- Fyrirkomulag í skólanum, tómsundum og öðrum frístundum.
- Umönnunarræði þegar vandamál eða erfiðleikar koma upp, svo sem veikindi eða sjúkráhusinnlög aðalumönnunaraðila, eða ef meðlimir stuðningsnetsins geta ekki sinnt hlutverki sínu.

Líkamlegt ofbeldi

- Aðferðir til að aga og beita börn hömlum, sérstaklega við krefjandi og erfiðar aðstæður og við þær aðstæður sem leiddu til fyrri líkamlegs ofbeldis.
- Náin umönnun.
- Umönnun á streituvaldandi tímum, t.d. á matartíma, við næturvöku, í fjárhagserfiðleikum, á dagsetningum fyrri meiðsla og óvænt veikindi, sérstaklega hjá aðalumönnunaraðila.
- Fyrirkomulag læknisþjónustu og lyfjagjafa.
- Ásættanlegur og óásættanlegur „gamnislagur“ fullorðinna með börnum.
- Samskipti um ágreining milli foreldra og barna.

Vanræksla

- Ítarleg könnun á dæmigerðum tímum, atburðum og kveikjum (t.d. geðsjúkdómum, sorg, þroskaskerðing, áfengis-/fíkniefnaneyslu o.s.frv.) sem hafa yfirleitt leitt til fyrri vanrækslu. Skoðið sérstakar reglur varðandi það hvernig foreldrar muni takast á við og bregðast við þessum aðstæðum í framtíðinni til að tryggja að börnin fái „nægilega góða“ umönnun við þessar aðstæður.
- Sérstakar uppeldisvenjur og viðbrögð sem þurfa að vera til staðar til þess að barnið fái „nægilega góða“ umönnun, tilfinningalegt öryggi og örvun.

- Fólk í stuðningsnetinu sem mun veita umönnun, tilfinningalegt öryggi og örvun ef foreldri/foreldrar eru ekki fær um að gera það.
- Merki fyrir aðra um að vandamál séu að hrannast upp og að þeir þurfi að grípa inn í eða gera eitthvað til að tryggja að það sé í lagi með börnin og að vandamálin versni ekki.
- Heimilisofbeldi. Ítarleg könnun á dæmigerðum tímum, viðfangsefnum, atburðum og kveikjum (peningar, öfund, uppeldi barna, drykkja, þunglyndi o.s.frv.) sem hafa yfirleitt leitt til fyrra ofbeldis og sérstökum reglum sem útskýra hvernig parið muni takast á og bregðast við þessum aðstæðum.

Allar gerðir mála

Öll öryggisplön innihalda vanalega reglur varðandi eftirfarandi:

- Lykilfólk í stuðningsneti sem börnin geta haft samband við ef þau hafa einhverjar áhyggjur.
- Fólk sem aðstoðar foreldrana og fylgist með öryggi barnanna.
- Fólk sem mun hjálpa, sérstaklega ef/þegar aðalumönnunaraðili er veikur, undir álagi eða ekki tiltækur.
- Fólk sem fjölskyldan eða foreldrarnir þurfa að forðast.
- Ef fagfólk á að hafa áframhaldandi aðkomu (t.d. í aðstæðum þar sem foreldrar eru með þroskaskerðingu eða þjást af viðvarandi geðsjúkdómi), hvert þeirra hlutverk er þá og hvernig það tengist beint öryggi og velferð barnanna.
- Merki um að foreldrar/forsjáraðilar ráði ekki við aðstæður og hvað fólk í stuðningsnetinu og aðrir munu gera við þessar aðstæður.
- Ráðstafanir fyrir streituvaldandi aðstæður eins og erfiðar dagsetningar, veislur, hátíðahöld eða þegar foreldrar vilja neyta áfengis og/eða fíkniefna.
- Fyrirkomulag varðandi heimsóknir eða barnapössun annarra barna, hvort sem það eru ættingjar eða vinir.
- Sá aldur þegar ung börn/ungabörn fá útskýringar á „orðum og myndum“ og öryggisplaninu (í fyrsta sinn eða sem regluleg upprifjun) og hver ber ábyrgð á verkefninu.
- Þroski barna og hvernig planið þarf að breytast eftir því sem börn vaxa úr grasi.
- Áætlanir um að fara dýpra í útskýringarnar sem hvert barn fær á fyrra ofbeldi/vanrækslu og atburðum sem fylgdu í kjölfarið (eins og að barn hafi búið annars staðar um tíma) eftir því sem það eldist. Oft er ákveðnum einstaklingi falið að bera ábyrgð á að þetta gerist.
- Notið einn eða jafnvel tvo öryggishluti fyrir fjölskylduna sem hvert barn velur svo þau geti tjáð áhyggjur sínar án þess að þurfa að setja þær í orð. Í öryggisplaninu ætti að koma

fram hvernig meðlimir í stuðningsneti barns munu bregðast við ef öryggishluturinn er færður til. Það ætti að vera öllum ljóst að ef barnið færir öryggishlutinn, þá er það allt sem það þarf að gera. Það er þá á ábyrgð fullorðinna að leysa úr því sem veldur barninu áhyggjum. • Tilgreinið hversu lengi öryggisplanið skuli vera í gildi.

5.6 Síðari sameining og eftirlit með framvindu

Eins og áður hefur komið fram, er öryggi innan SofS-nálgunarinnar skilgreint sem „styrkleikar sem lýsa sér sem vernd til lengri tíma“ (Boffa og Podesta, 2004). Þegar öryggisplanið er í þróun er mikilvægt að fjölskyldunni séu veitt tækifæri til að prófa, betrubæta og sýna fram á nýja búsetufyrirkomulagið til lengri tíma litið. Samhliða því er fylgst með árangri þeirra og framförum við framkvæmd öryggisplansins, í fyrstu með stuðningi frá fagfólki í barnavernd og síðan í auknum mæli af stuðningsnetinu. Flest öryggisplön í áhættusömum málum eru gerð þegar fjölskyldan hefur verið aðskilin, annað hvort þegar börnin eru í umsjá annarra eða meintur ofbeldismaður er ekki heima. Þegar foreldrar og fjölskyldumeðlimir sjá árangur af þátttöku við gerð öryggisplansins þá er mikilvægt að barnavernd umbuni viðleitni foreldranna og byggi upp vonir þeirra og hjálpi þeim að halda dampi með því að auka smám saman samskipti þeirra við börnin sín og slaka á faglegu eftirliti með samskiptum þeirra. Slík öryggisplön gilda vanalega á milli 3 og 12 mánuði.

5.7 Að láta börn taka þátt í gerð öryggisplans

Þar sem öryggisplan snýst um börnin og um að koma á fót búsetufyrirkomulagi fyrir fjölskyldur þannig að allir viti að börnin verði örugg og að vel verði hugsað um þau, er mikilvægt að börnin taki þátt í ferlinu og það gert skiljanlegt fyrir þau. Til að ná þessu markmiði notar SofS-nálgunin ýmis verkfæri og aðferðir til að fá börn og ungmenni til að taka þátt með beinum hætti, þar á meðal útskýringar í orðum og myndum.

5.8 Ferli og dæmi með orðum og myndum

Til þess að börn skilji þörfina fyrir öryggisplani og hvað það snýst um, verða þau að skilja vandamálin sem voru til staðar og hver hættan var sem krefst þess að fjölskyldan geri sérstakt plan fyrir öryggi þeirra. Útskýringarferlið „Orð og myndir“ var þróað af Susie Essex frá Bristol í Englandi (Hiles, Essex, Luger og Fox, 2008; Turnell og Essex, 2006; Turnell, 2007c) til að upplýsa börn og ungmenni um alvarleg barnaverndarmál. Mikilvægasti þátturinn í aðferðinni „Orð og myndir“ er að útskýringin sé búin til í samvinnu við foreldrana og þeir verða að vera sáttir með söguna áður en hún er kynnt fyrir börnunum. Þetta aðgreinir „Orð og myndir“-ferlið frá vinnu með ævisögubókum (e. Life Story Book) (Rose og Philpot, 2005: Ryan og

Walker, 2007). Að setja foreldrana í það að búa til skýringar krefst mikillar færni, þar á meðal snjallrar valdbeitingar, sérstaklega þegar litlar eða engar líkur eru á að barnið fái að fara aftur til foreldra sinna. Það er þó alltaf mikilvægt að fá foreldrana til að taka þátt, því að lokum vilja börn fá skýringar frá blóðskyldu foreldri. Faglegar skýringar einar og sér, sama hversu barnvænar og hversu vel þær hæfa aldri barnanna eru, ná þær almennt ekki til barna.

Að búa til útskýringu með orðum og myndum fyrir barn felur venjulega í sér eftirfarandi skref:

1. Byrjaðu á að upplýsa fjölskylduna um ferlið og fá leyfi þeirra og stuðning til að framkvæma og nýta „Orð og myndir“-efnið í ferlinu með barninu, fjölskyldunni og stuðningsneti fjölskyldunnar.
2. Ræddu við foreldri/foreldra um vandamálið (t.d. geðheilbrigðisvandamál, alvarleg veikindi, áhyggjuefni varðandi barnavernd, misnotkun fíkniefna eða áfengis) og ræddu hvað væri gagnlegast fyrir börnin þeirra að skilja varðandi aðstæðurnar.
3. Kannaðu þessi sömu mál með hinu foreldrinu (ef þau eru skilin), stuðningsnetinu og mikilvægum fullorðnum einstaklingum í lífi barnsins.
4. Kannaðu með barninu hvað þau vita nú þegar og af hverju þau hafa áhyggjur. Eftir því sem aðstæður leyfa og eins og hægt er skaltu fá foreldrana með í þessa umræðu.
5. Skrifaðu drög að útskýringunni með því að beita orðfæri fjölskyldunnar og leiðir til að tjá áhyggjuefni, þar sem það er hægt, og hafðu í huga kynþátt, menningu og trúarbrögð fjölskyldunnar. Tengdu allt ofangreint við áhyggjur af barninu heima, í skólanum eða hjá jafnöldrum. Þ.e. í hvaða samhengi barnið gætu verið að tjá áhyggjur sínar eða það sem ruglar þau.
6. Gæta ætti jafnvægis í útskýringunni og ekki einblína eingöngu á það neikvæða. Útskýringin ætti að vera sett fram með hlutlausum eða jákvæðum upphafspunkti og jákvæðum skilaboðum í lokin. Þýðingarmiklum jákvæðum atburðum í lífi hvers barns skal fléttað inn í útskýringuna sem passa við og bæta við heildarsöguna.
7. Sýndu foreldrunum fyrstu drögin. Þróaðu og betrubættu orðalag þangað til foreldrarnir eru sáttir og útskýringin endurspeglar það sem þeim finnst að barnið ætti að vita.
8. Þegar foreldrarnir hafa tekið ábyrgð á útskýringunni er næsta verkefni að tryggja að hún nái yfir allt sem barnavernd vill að barnið viti.
9. Útskýrðu þetta fyrir barninu í viðurvist foreldra þeirra og stuðningsnets fjölskyldunnar.
10. Gakktu úr skugga um að allir aðrir mikilvægir fjölskyldumeðlimir og fullorðnir í lífi barnsins hafi séð útskýringuna og muni styðjast við hana ef þeir þurfa að ræða við barnið um vandamál foreldranna og ástæður þess að barnið er í umsjá annarra.

Dæmið með orðum og myndum sem hér er að neðan tengist máli þar sem ungabarn slasaðist. Sjá nánari upplýsingar um aðferðina „Orð og myndir“ í Turnell og Essex (2006).

Who's Worried?

We're all worried about Sharon and we must make sure its safe for Sharon to come home.

Policeman, Doctor, I am a social worker

What Are They Worried About?

Sharon was sick and very badly hurt and had to go to hospital. Sharon had very big hurts all over her body. The doctors were

Nurse, Mum, Dad

What Happened Then?

After this the social worker said Sharon couldn't live with Mummy and Daddy. Nan and Pop wanted to help so Sharon went to live with them after she got out of hospital. Sharon has lived with Nan and Pop for more than two years since then.

Pop, Nan + Sharon

What Are We Doing?

Mummy and Daddy are working very hard with Andrew and Karen (the social worker) to show everyone that Sharon will be safe when she comes home.

KAREN, Mum, Dad, ANDREW

Hér að ofan: Útskýring með orðum og myndum í máli slasaðs ungabarns.

5.9 Öryggisplan sem tengist börnum

Öryggisplan fyrir börn snýst augljóslega um að skapa börnunum öryggi í daglegu lífi þeirra. Þar af leiðir að þótt öryggisplanið verði gerð af foreldrum og stuðningsneti þeirra í samvinnu við fagfólk, þá felst lokastig ferlisins í því að færa planið yfir á myndrænt form sem börnin geta skilið. Það er tilhneiging hjá fagfólki að draga verulega úr alvarleika aðstæðna þegar það á í samskiptum við börn. Þetta er yfirlætislegt gagnvart börnum sem hafa yfirleitt þegar lent í aðstæðunum og þurfa að skilja það sem þau hafa upplifað. Það hefur einnig tilhneingingu til að auka leyndina og þögnina í kringum slæmu meðferðina. Að læra að búa til útskýringar og öryggisplan ásamt foreldrum sem eru viðeigandi fyrir aldur barnanna og fanga vandamálin án þess að gera lítið úr alvarleika þeirra, er kjarninn í því að láta börn taka þátt við gerð öryggisplansins.

Á næstu síðum eru þrjú dæmi um öryggisplön sem hæfa aldri. Það fyrsta tengist tilviki tilbúins sjúkdóms (eða sjúkdómsýkjur), sem áður var kallað Munchausen-by-Proxy-heilkenni. Annað


dæmið fjallar um alvarlegt heimilisofbeldi. Það þriðja sýnir fjóra lykilramma fyrir dæmið um Darel, Alkira og Jirra.

5.9.1 Öryggisplan fyrir börn í máli sem varðar Munchausen-by-Proxy-heilkennið.



1. Mommy is never to be alone with Lisa, Bart or Maggie.

With Mommys safety people



2. When you spend time with Mommy there will always be someone else there like Auntie Kate, Bill, Fred, Mary, Joe, Lyn - the pastor's wife, Margaret, Grandpa or Grandma. These are the safety people who love you and want to be sure you're safe.



3. When Mommy cooks or prepares food, everyone will eat the same food. Daddy or a safety person will get drinks for Maggie or Bart and prepare bottles for Maggie.

4. When Lisa, Bart or Maggie are sick, Daddy or one of the safety people will prepare the medicine. When Lisa, Bart or Maggie need to go to the doctor, Daddy will take them and Mommy will stay back or Mommy will take them and bring a safety person along.



5.9.2 Dæmi um öryggisplan – heimilisofbeldismál

This is a safety plan to show everyone that Sammy will be safe at home with Mummy and Daddy




Rule 1: The most important rule is that Daddy will not hit or threaten Mummy or anyone else. Daddy will not break things in the home.



Rule 2: Daddy and Mummy will want to reassure Sammy lots if they disagree about something, argue or use loud voices.



Rule 3: Daddy and Mummy will sort out things they disagree about by talking and making a plan they both think works. Daddy will write the times they do this in the 'safety journal' so Mummy and Daddy remember their good work and can tell others.




Rule 4: If Mummy and Daddy get angry and start to yell, Daddy will go to the games room and shoot some darts. The fights most often happen in the kitchen or lounge so Mummy will stay there and Sammy will usually be with her. Daddy will write the times they stop fights this way in the 'safety journal'.




Rule 5: Sometimes Mummy and Daddy will need more space and time to think and Daddy will go for a walk to the river or the football ground and Mummy and Sammy will stay in the house. There is a door key hidden outside the house so Daddy won't be locked out if Mummy feels she needs to lock the door when he leaves. Daddy will write the times they stop fights like this in the 'safety journal'.



Rule 6: Because Mummy and Daddy often have their biggest fights about money at the end of the day they have agreed they will only talk about money and what they spend when they go to Cafe Capuccino on a Saturday morning. Mummy and Daddy have a regular once-a-month schedule for going to the cafe. Daddy will write the times they do this in the 'safety journal'.




Rule 7: Daddy has said he will not drink any more than two middies of beer at home, at the pub, or when he goes out with Mummy. The only time Daddy will drink more than this is when he goes away for weekends with his mates every six weeks. Mike has said he will make sure Daddy doesn't come back home until he is completely sober. There is a schedule for these trips on the fridge calendar.



Rule 8: Sammy has chosen a big black crow as his 'safety object'. The crow will live on the coffee table by the front door where everyone can see it when they come into the home.


Crow will always face the front door and the only person who can shift crow is Sammy. If crow is ever in any other position than facing the front door Mummy and the other safety people have to ask Sammy if he is okay. Sammy might sometimes shift the crow to make sure everyone is paying attention.



Rule 9: Mike, Nanny Bidy, Granny Hazel and Grandpa Bob and Sammy's kindy teacher Mrs Smith have all said they will be Nichole's special safety people. Mike, Nanny Bidy, Granny Hazel and Grandpa Bob will come to the home every day and check everything is okay. There is a roster about who will come when.



Rule 10: Sammy will tell his special safety people if he is worried. They will make sure Sammy's worry gets sorted out. Sammy can ring Grandpa Bob or Mike on his phone. If Sammy rings and tells them he's worried because Mummy and Daddy are fighting they will come to the house and take Sammy away. Sammy will check to see if they really do come.



Rule 11: Everyone is working very hard to make sure Nichole is happy and safe in the future.

5.9.3 Öryggisplan úr Darel, Alkira og Jirra dæminu.




Dad has said if he feels angry he will go to his shed and work on fixing the car until he feels calm. Dad says sometimes this might take at least an hour and everyone should leave him until he comes out. Dad will call Pop Pat if he needs help to calm down.



Mum and Dad agree that the keys to the car will be kept at Granny Rose and Granddad Darel's so that Mum is not tempted to drive off when she feels angry.



Mum and Dad say they won't drink any alcohol when they are home and need to look after Darel, Alkira and Jirra. If mum and/or Dad want to drink they will leave the home and do it somewhere else and one of the safety network people will look after Darel, Alkira and Jirra.



Darel has chosen his dinosaur and Alkira has chosen her knitted monkey as their safety objects. Dinosaur and monkey will always sit on the kitchen bench by the window. Only Darel and Alkira can move them. If dinosaur or monkey are moved or gone Mum, Dad and the other safety network people have to ask if Darel and Alkira are okay. Darel and Alkira might move their safety object to make sure everyone is paying attention.

5.10 Öryggisplan er ferðalag ekki afurð

Mikilvægasti þátturinn í öryggisplani Signs of Safety er að það sé gert í samvinnu við fjölskylduna og upplýsts stuðningsnets. Öryggisplanið verður framkvæmt, fylgt eftir og fínstíllt vandlega með tímanum og foreldrarnir eiga að taka á sig skuldbindingar sem felast í

planinu og bera ábyrgð á þeim frammi fyrir börnum sínum, ættingjum og vinum. Þetta er ekki eitthvað sem hægt er að gera á einum eða tveimur fundum, og öryggisplan sem endist er alls ekki hægt að búa til með því að fagfólk ákveði reglurnar og reyni síðan að þröngva þeim upp á fjölskylduna. Umfram allt er marktækt öryggisplan gert út frá langvarandi og oft krefjandi ferðalagi sem fjölskyldan tekur sér fyrir hendur ásamt fagfólki. Það ferðalag leggur áherslu á mest krefjandi spurningu sem hægt er að spyrja í barnavernd: „Hvað nákvæmlega þurfum við að sjá til að vera viss um að þetta barn sé óhult?“ Rétt eins og líta ætti á gerð öryggisplans fyrir fjölskylduna sem ferðalag, þá þarf barnavernd að byggja upp framtíðarsýn sína, getu og færni í notkun þessara aðferða í gegnum lærdómsferli sem tekur mörg ár. Þetta er mikilvægt til að framkvæma þessa gerð öryggisplans með stöðugum hætti, sérstaklega í áhættutilvikum.


Heimildir

- Boffa, J. & Podestra, H. (2.004) Partnership and risk assessment in child protection practice, *Protecting Children*, 19(2): 36–48
- Chapman, M. & Field, J. (2007). Strengthening our engagement with families and increasing practice depth. *Social Work Now*, 38, desember: 21–28
- Christianson, B. & Maloney, S. (2.006) One family's journey: a case study utilising complementary conferencing processes, *Protecting Children*, 21: 31–37
- Dale, P., Davies, M., Morrison, T., & Waters, J. (1.986) *Dangerous Families: Assessment and Treatment of Child Abuse*. London: Routledge.
- Dale, P. (2004). 'Like a fish in a bowl': parents perceptions of child protection services. *Child Abuse Review*, 13: 137–157.
- Dingwall, R., Eekelaar, J. & Murray, T. (1.983) *The Protection of Children; State Intervention and Family Life*. Oxford: Blackwell.
- Department of Health. (2.002) *Learning from Past Experiences – A Review of Serious Case Reviews*. London: The Stationary Office.
- Department of Human Services. (1.999) *Victorian Risk Framework: A Guided Professional Judgment Approach to Risk Assessment in Child Protection (Version 2,0)*.
- Farmer, E. & Owen, M. (1.995) *Child Protection Practice: Private Risks and Public Remedies*. London: HSMO.
- Gardeström, A. (2006). Signs of Safety på svenska: goda exempel i utredningsarbete. In M. Söderquist. & A. Suskin-Holmqvist, A. (Eds.), *Delaktighet – Lösningfokuserat förhållningssätt i utredningsarbete*. Stockholm: Mareld.
- Gilligan, R. (2000). The importance of listening to the child in foster care. In G. Kelly & R. Gilligan (Eds.), *Issues in foster care: policy, practice and research*. London: Jessica Kingsley.
- Healy, K. (2005). *Social work theories in context; creating frameworks for practice*. London: Palgrave.
- Hiles, M., Essex, S., Fox, A. & Luger, C. (2008). The words and pictures storyboard: making sense for children and families. *Context (Magazine of the UK Association of Family Therapy)* 97: 13–19.
- Hogg, V. and Wheeler, J. (2.004) Miracles R them: solution-focused practice in a social services duty team. *Practice*, 16(4): 299–314.
- Inoue, N., Inoue, K., Fujisawa, Y., Hishida, O., Hirai, T., Naruse, H., & Yamada, M. (2006a) The 5 spaces model helps professionals cooperate with families and collaborate with other professionals in the child protection field. *Journal of Nihon Fukushi University Clinical Psychological Research Center*, 1, 43–49.
- Inoue, N., Inoue, K. & Shionoya, M. (2006b) Training effects of case management skills working with child abuse and neglect: utilizing Signs of Safety approach. *Japanese Journal of Child Abuse and Neglect*, 8(2), 268–279.
- Inoue, N., & Inoue, K. (2.008). *Family-based child protection practice: a guide to the signs of safety approach*. Tokyo: Akashi Shoten.

- Jack, R. (2005). Strengths-based practice in statutory care and protection work. In Mary Nash, Robyn Munford and Kieran O'Donoghue (eds.) *Social work theories in action*. London: Jessica Kingsley.
- Lohrbach, S., & Sawyer, R. (2003). Family Group Decision Making: a process reflecting partnership-based practice, *Protecting Children*, 19(2): 12–15.
- Lohrbach, S., & Sawyer, R. (2004). Creating a constructive practice: family and professional partnership in high-risk child protection case conferences, *Protecting Children*, 19(2): 26–35.
- Lohrbach, S., Sawyer, R., Saugen, J., Astolfi, C., Worden, P. & Xaaji, M. (2005). Ways of working in child welfare practice: a perspective on practice, *Protecting Children*, 20(1): 26–35.
- Luger, C. (2003) *The Hopes and Expectations of Referrers at the Point of Referral to the Child Protection Consultancy for Work Using the Resolutions Approach*. Unpublished MSc dissertation, Bristol University.
- Koziolek, D. (2007). Implementing Signs of Safety in Carver County, *Child Welfare News*, Center for Advanced Studies in Child Welfare, University of Minnesota, Fall 2007: 1–8.
- MacKinnon, L. (1998) *Trust and Betrayal in the Treatment of Child Abuse*. New York: Guildford Press.
- Myers S. (2005). A Signs of Safety approach to assessing children with sexually concerning or harmful behaviour. *Child Abuse Review*, 14: 97–112.
- Parton, N., & O'Byrne, P. (2000). *Constructive social work: towards a new practice*. London: MacMillan
- Reder, P. Duncan, S. & Gray, M. (1993) *Beyond Blame – Child Abuse Tragedies Revisited*. London: Routledge.
- Rose, R. & Philpot, T. *The child's own story: life story work with traumatised children*, London: Jessica Kingsley.
- Ryan, T. & Walker, R. *Life story work: a practical guide to helping children understand their past*, London: BAAF
- Shennan, G. (2007). 'Doing it in child protection' *Solution News* 2(3): 15–19. Available at [http://www.solution-news.co.uk/issues/solutionnews2\(3\).pdf](http://www.solution-news.co.uk/issues/solutionnews2(3).pdf)
- Teoh, A.H., Laffer, J., Parton, N. & Turnell, A. (2003) Trafficking in meaning: constructive social work in child protection practice. In C. Hall, K. Juhila, N. Parton, and T. Pösö (eds.), *Client Practice*. London: Jessica Kingsley.
- Thoburn, J., Lewis, A. & Shemmings, D. (1995) *Paternalism or Partnership? Family Involvement in the Child Protection Process*. London: HSMO.
- Turnell, A. (2004). Relationship-grounded, safety-organised child protection practice: dreamtime or real-time option for child welfare? *Protecting Children*, 19(2): 14–25.
- Turnell, A. (2006a). Constructive Child Protection Practice: An oxymoron or news of difference? *Journal of Systemic Therapies*, 25(2): 3–12.
- Turnell, A. (2006b). Tecken på säkerhet – Signs of Safety på svenska. In M. Söderquist. & A. Suskin-Holmqvist, A. (Eds.), *Delaktighet – Lösningfokuserat förhållningssätt i utredningsarbete*. Stockholm: Mareld.

- Turnell, A. (2007a). *Enacting the interpretive turn: narrative means toward transformational practice in child protection social work*, PhD Thesis, Perth: Curtin University.
- Turnell A. (2007b). Solution-focused brief therapy: thinking and practicing beyond the therapy room. In F. Thomas and T. Nelson (Eds.), *Clinical Applications of Solution-focused Brief Therapy*, Bimington: Haworth Press USA.
- Turnell, A. (2007c). *Words and pictures: informing and involving children in child abuse cases* (DVD), Perth: Resolutions Consultancy, www.signsofsafety.net
- Turnell, A. (2009). *Introduction to the Signs of Safety* (DVD and Workbook), Resolutions Consultancy, Perth. Available at: www.signsofsafety.net
- Turnell, A. (2010). *Effective safety planning in child protection casework* (DVD and Workbook), Resolutions Consultancy (www.signsofsafety.net)
- Turnell, A. (2011). *Of Houses, Wizards and Fairies: Involving Children in Child Protection Casework* (DVD and Workbook), Resolutions Consultancy (www.signsofsafety.net)
- Turnell, A. (2012). *The Signs of Safety: a comprehensive briefing paper (Version 1,1)*, Resolutions Consultancy, www.signsofsafety.net/briefing-paper
- Turnell A. (In press). *Building safety in child protection practice: working with a strengths and solution-focus in an environment of risk*. London: Palgrave.
- Turnell, A. & Edwards, S. (1997). Aspiring to partnership: the Signs of Safety approach to child protection. *Child Abuse Review*, 6: 179–190.
- Turnell, A. & Edwards, S. (1999). *Signs of Safety: A safety and solution oriented approach to child protection casework*, New York: WW Norton.
- Turnell A. & Essex S. (2006). *Working with 'denied' child abuse: the resolutions approach*. Buckingham: Open University Press.
- Turnell, A., Elliott, S. & Hogg, V. (2007). Compassionate, safe and rigorous child protection practice with parents of adopted children. *Child Abuse Review*, 16(2): 108–119.
- Turnell A., Lohrbach, S. & Curran, S. (2008). Working with the 'involuntary client' in child protection: lessons from successful practice, pp. 104–115. In M. Calder (Ed.) *The carrot or the stick? Towards effective practice with involuntary clients*, London: Russell House Publishing.
- Weld, N. (2008). The three houses tool: building safety and positive change. In M. Calder (Ed.) *Contemporary risk assessment in safeguarding children*, Lyme Regis: Russell House Publishing
- West Berkshire Council (2.008) *How was the 'Strengthening Families' framework developed?* Available at: www.westberks.gov.uk/index.aspx?articleid=12094
- Westcott, H. (1995). Perceptions of child protection casework: views from children, parents and practitioners in C. Cloke and M. Davies (eds.) *Participation and Empowerment in Child Protection*, Longman: London:
- Westcott, H. & Davies, G.M. (1.996). Sexually abused children's and young people's perspectives on investigative interviews, *British Journal of Social Work*, 26, 451–474.

Önnur upplýsingagögn um Signs of Safety



The Power of Partnership Myndband og handbók

„Myndbandið og handbókin The Power of Partnership er einfaldlega besta leiðin til að kynna SofS fyrir fólki sem er að læra nálgunina. Þar að auki veita þau alltaf innblástur og auðga starfshætti þeirra sem þekkja líkanið vel.“ Andrew Turnell

Þetta 30 mínútna myndband og 120 blaðsíðna handbók sýna og útskýra notkun SofS á fjölskyldu með „fjölpættan vanda“ sem er rannsókuð vegna óútskýrðra meiðsla

á barninu „Amy“ og heimilisofbeldi og líkamlegt ofbeldi gegn hinum átta ára gamla „Max“. Myndbandið og handbókin fylgja vinnunni með fjölskyldunni frá upphafi máls til fyrstu öryggisáætlunar og sameiningar. Þau sýna upphaflegu rannsóknina, vinnuna með „Max“, uppbyggingu öryggisnets, samráð, vinnu með orðum og myndum og öryggisáætlunargerð. Samhliða sögunni af beinni vinnu við málið lýsir myndbandið innleiðingu eftirlits- og skipulagsaðgerða sem styðja við SofS-vinnuna. www.signsofsafety.net/product/the-power-of-partnership-video-and-workbook



Húsin mín þrjú™ appið

Húsin mín þrjú er app fyrir Android og iOS spjaldtölvur sem hjálpar fagfólki eins og starfsfólki barnaverndar, kennurum og ráðgjöfum að hjálpa börnum að skrifa, teikna og tala um það sem veldur þeim áhyggjum í lífinu.

Þetta er skemmtilegt og grípandi tól til að nota hvenær sem fagaðili þarf að tala við barn.

Appið er mjög sveigjanlegt og býður upp á

eiginleika sem auðvelda starfsfólki sem er að nota verkfærið Húsin mín þrjú í fyrsta sinn, og einnig þeim sem þegar eru vanir tólinu, að nota það.

Heimsæktu www.mythreehouse.com fyrir frekari upplýsingar og niðurhalstengla fyrir iOS og Android.

Þessi og önnur upplýsingagögn eru aðgengileg
á www.signsofsafety.net/shop



www.signsofsafety.net